






ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

PRISON BREAK

Frumsýning í kvöld kl. 21:35



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. október 2006 — 278. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Ævisaga Þórbergs

Rithöfundurinn Pétur Gunnarsson pælir í dagbókastafla Þórbergs og vonast til að gefa út ævisögu hans á komandi hausti.



MENNING 26

### Skeggið fauk fyrir frægðina

Galdramaðurinn Sigurður Atlason beitti öllum brögðum í karókí-keppni.



FÓLK 38

### Fyrirgefning í fyrirrúmi

Árni Páll Árnason segist vilja samþykkja sakaruppgjöf handa þeim sem hafa komið að hlerunum fyrir upplýsingar. SKOÐUN 20

### Framlengdi við ÍBV

Eftirsóttasti knattspyrnumaður landsins, Atli Jóhannsson, framlengdi við ÍBV en er engu að síður til sölu.



ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI** - Í dag verða norðaustan 5-13 m/s, hvassast sunnan Vatnajökuls. Stöku él norðaustan og austan til annars bjartviðri. Hiti við frostmark nyrðra en 0-5 stiga hiti syðst á landinu. VEÐUR 4

# Tveir lögreglumenn hljóta varanlega örorku ár hvert

**Tveir lögreglumenn á ári að meðaltali hljóta varanlega örorku eftir að hafa slasast í starfi. Alls fá tíu til tólf lögreglumenn bætur úr ríkissjóði árlega vegna meiðsla sem þeir verða fyrir við störf sín.**

**LÖGREGLUMÁL** Að meðaltali tveir lögreglumenn á ári hljóta varanlega örorku eftir að hafa slasast í starfi, að sögn Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns. Hann fer með stærstan hluta bótamála fyrir lögreglumenn, sem meiðst hafa í starfi, á hendur ríkissjóði.

Samkvæmt upplýsingum Gylfa voru uppgerð bótamál af þessu tagi á árabilinu 1999 til 2001 alls 25. Á árunum 2003 til 2004 voru málin samtals 22. Mál er ekki gert upp fyrr en ári eftir að atvikið á sér stað, því afleiðingarnar eru ekki komnar fram fyrr.

„Í þessum tilvikum, þar sem um er að ræða uppgerð bótamál, hafa viðkomandi lögreglumönnum verið greiddar bætur úr ríkissjóði, á grundvelli ákvæða laga um lögreglumenn, sem segir að þeir eigi að fá bætt fyrir allt tjón sem þeir verði fyrir í starfi,“ segir Gylfi. „Þarna er um að ræða minni háttar mál, kjaftshögg, glóðarauga og annað álíka upp í varanlegan miska og örorku. Þess ber að geta að það koma ekki öll mál af þessum toga til mín. Lögreglumenn leita til fleiri lögmanna með þau. En mér virðast þetta vera að meðaltali tíu til tólf mál á ári, þar sem lögreglumenn fá fjárhagsbætur úr ríkissjóði vegna meiðsla sem þeir verða fyrir í starfi.“

> Þarna er um að ræða minni háttar mál, kjaftshögg, glóðarauga og annað álíka upp í varanlegan miska og örorku.
>
> GYLFI THORLACIUS
> LÖGMAÐUR

„Mín tilfinning er sú, að það séu um það bil tvö mál á ári sem eru mjög alvarleg eðlis vegna átaka sem lögreglumenn lenda í,“ segir Gylfi. „Ég er nýbúinn að gera upp við ríkislögmann eitt slíkra mála vegna lögreglumanns sem lenti í alvarlegum átökum við handtöku á manni á síðasta ári. Lögreglumaðurinn hlaut í þeim tjón sem leiddi til örorku. Á borði mínu er mál annars lögreglumanns sem búið er að meta og þar eru afleiðingarnar einnig varanleg örorka.“

Í þessu sambandi má rifja upp lauslega athugun sem forráðamenn Landssambands lögreglumanna gerðu á lífaldri látinna félagsmanna. Niðurstaðan var sú, að lögreglumenn lifa að meðaltali tæplega 67 ár, en hinn almenni borgari lifir í rúmlega 79 ár. Lögreglumenn geta nú, einir opinberra starfsmanna, tekið eftirlaun við 65 ára aldur án þess að 95 ára reglan svokallaða liggi þar til grundvallar. - jss



**SÉRSVEITIN TILBÚIN TIL STARFA** Sérsveit Ríkislögreglustjóra æfði í gær með áhöfn bandaríska herskipsins USS Wasp en hún lagði til þyrlu sem flutti sveitina á æfingasvæði í Hvalfirði þar sem sprengja var gerð óvirk með hjálp sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar. Æfingin heppnaðist vel en sérsveitin var tæplega sex mínútur að leysa verkefni sitt eftir að þyrla bandaríska hersins lenti með sveitina í Hvalfirði. sjá síðu 14

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stöðvaðir á landamærunum:

## Með lifandi snigla í bílnum

**NOREGUR Norskir tollverðir stöðvuðu nýlega bíl með tveimur mönnum á landamærum Noregs og Svíþjóðar. Í bílnum fundu tollverðirnir hundruð slímugra snigla í pokum sem raðað var á ís í stórum kössum. Sniglarnir voru sprelllifandi en kaldir.**

**Tvímenningarnir eru báðir fimmtíu ára, að sögn norska Dagbladet. Þeir sögðust eiga að afhenda sniglana ættingja sínum af víetnömskum uppruna í Ósló en talið var að sniglarnir væru ætlaðir til manneldis. Til viðbótar fannst í bílnum steindauð síld.**

**Mennirnir sögðu farminn ætlaðan fjölskyldu sinni en norska tollgæslan taldi hins vegar líklega að hann væri ætlaður á veitingahús. Bannað er að flytja farm af þessu tagi til Noregs, sérstaklega ef leyfi eru ekki fyrir hendi og tollur ekki greiddur. - ghs**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2006.

Ríkissaksóknari hefur óskað eftir rannsókn á símhlerunum:

# Skagamenn rannsaka málið

**SÍMHLERANIR** Ríkissaksóknari hefur óskað eftir því að embætti lögreglustjórans á Akranesi annist rannsókn á meintum hlerunum á síma Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Árna Páls Árnasonar, fyrrverandi starfsmanns utanríkisráðuneytisins.

Ólafur Þór Hauksson, lögreglustjóri á Akranesi, segir að ósk ríkissaksóknara sé alveg nýtilkomin og ómögulegt sé að segja til um hvað hún verði tímafrek eða heimti mikinn mannskap. Hann hafi bara verið beðinn um að leggja til mannskap og eigi von á því að funda fljótlega með ríkissaksóknara. Þá verði farið yfir verkefnið og reynt að greina hvar eigi að bera niður.

Bæði Jón Baldvin og Árni Páll hafa sagt að þeir hafi verið varaðir við því að símar þeirra væru hleraðir þegar þeir störfuðu í utanríkisráðuneytinu.

„Það á eftir að sannfæra mig um það að í réttarríki eigi lögregla að rannsaka lögregluna,“ segir Jón Baldvin og telur að þingið hefði átt að rísa upp og skipa rannsóknarnefnd.

Fyrir liggur vottfestur og skjalfestur vitnisburður um að sími Jóns Baldvins hafi verið hleraður. „Ég má teljast heppinn að vandaður og rammheiðarlegur starfsmaður Símans gaf sig sjálfviljugur fram af því að honum ofbauð málflutningur fyrrverandi forsætisráðherra í málinu,“ segir hann.

„Lögreglan getur aldrei rannsakað þetta mál með trúverðugum hætti. Þessi rannsókn er ekki til þess fallin að leiða neitt í ljós í þessu máli,“ segir Árni Páll Árnason, lögfræðingur og fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins. „Ef rannsóknin leiðir eitthvað í ljós þá finnast kannski einn til tveir tæknimenn sem væntanlega verða gerðir að blóraböggulum.“

Hvorki náðist í Boga Nilsson ríkissaksóknara né Ragnheiði Harðardóttur vararíkissaksóknara í gærkvöld. - ghs




## SPURNING DAGSINS



*Helgi, mætast nú stálin stinn?*

Já, gagnvart vinnuveitendum.

Félag járniðnaðarmanna og Vélstjórafélag Íslands sameinuðust um helgina í Félag vélstjóra og málmtæknimanna. Helgi Laxdal er nýkjörinn formaður hins sameinaða félags.

Læknastöðin ehf. uppfyllir ekki kröfur um öyggiskerfi persónuupplýsinga:

# Sjúkraskrár í opnum hillum

**PERSÓNUVERND** Læknastöðin ehf. uppfyllir ekki kröfur um öryggiskerfi persónuupplýsinga.

Þetta kemur fram í nýlegri úttekt Persónuverndar á öryggi persónuupplýsinga hjá Læknastöðinni ehf. Eitt af því sem Persónuvernd gerir athugasemdir við hjá Læknastöðinni er geymsla sjúkraskráa en þær eru geymdar í opnum hillum á svæði sem gestir komast inn á.

Í fræðslu um úrbætur kemur fram að skjólstæðingar Læknastöðvarinnar og utanaðkomandi geti gengið í persónuleg gögn án hindrana. Í öryggisstefnu Læknastöðvarinnar segir að sjúkraskrárgögn skuli varðveitt þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að pappírsgögnum eða tölvutækum gögnum. Þá kemur fram að sjúkraskrár skuli geymast í lokuðu eldtraustu og læsanlegu rými þar sem gestir hafi ekki aðgang á opnunartíma.




**LÆKNASTÖÐIN EHF.** Hefur frest til 1. janúar 2007 til að bæta úr því sem vantar upp á til að stöðin uppfylli kröfur um öryggiskerfi persónuupplýsinga.

Í athugasemdum Persónuverndar kemur fram að til að tryggja öryggi persónuupplýsinga sé einnig mikilvægt að skilgreina hlutverk starfsmanna varðandi vernd persónuupplýsinga, þar á meðal skyldur þeirra og ábyrgð.

Að sögn Þórðar Sveinssonar, lögfræðings hjá Persónuvernd, fær Læknastöðin frest til 1. janúar 2007 til úrbóta. Hann segir eftirlit sem þetta vera reglubundið á stöðum þar sem unnið sé með persónulegar upplýsingar. **- hs**

Allsherjarþing SÞ:

## Venesúela féll í fyrstu umferð

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Hvorki Venesúela né Gvatemala fengu tilskilinn meirihluta tveggja þriðju hluta atkvæða á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þegar gengið var til atkvæða í gær um fimm fulltrúa í öryggisráði SÞ.

**Suður-Afríka, Indónesía, Ítalía og Belgía voru þó kosin í öryggisráðið, hvert fyrir sinn heimshluta, en greiða þarf á ný atkvæði um fulltrúa Suður-Ameríku. Hljóti hvorki Venesúela né Gvatemala nægan meirihluta er mögulegt að ríki Suður-Ameríku komi sér saman um að velja annað ríki úr þeim heimshluta til þess að sitja í ráðinu. - gb**

Banaslys á Vesturlandsvegi:

## Lést þegar bíllinn fór út af

**BANASLYS** Maður á sjötugsaldri lést þegar bíll hans fór út af Kjósarskarðsvegi við Þórufoss, upp úr klukkan ellefu í gærmorgun. Farþegi, sem var í bílnum, hlaut minniháttar meiðsl.

Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. **- ghs**

RÚV ohf. rætt á Alþingi:

## Margir þættir mæta andstöðu

**ALÞINGI Umræður um frumvarp menntamálaráðherra um breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag hófust á þingi í gær.**

**Áður en efnislegar umræður byrjuðu gagnrýndu stjórnarandstæðingar meðferð málsins og sagði Arnbjörg Sveinsdóttir Sjálfstæðisflokki þá hafa hafið málþóf sitt og það áður en eiginlegar umræður væru byrjaðar. Því mótmæltu stjórnarandstæðingar og kváðust vera að gera eðlilegar athugasemdir við málsmeðferðina.**

**Upphaflega stóð til að ræða RÚV og frumvarp um Sinfóníuhljómsveitina saman en frá því var fallið vegna andstöðu. Við umræðurnar komu svo fram margvíslegar athugasemdir við frumvarp ráðherra. - bþs**

### ÍRAK

**Valkestir í Írak**

Að minnsta kosti 91 maður féll í átökum trúarhópa í Balad í Írak í gær, að því er lögregla greindi frá. Þá féllu minnst sextíu til viðbótar í bílsprengjutilræðum og öðrum árásum í Bagdad og víðar í landinu, þar á meðal fimm bandarískir hermenn. 58 bandarískir hermenn hafa fallið í Írak það sem af er október.

# 170 kannabisplöntur gerðar upptækar

**Lögreglan í Hafnarfirði, með aðstoð lögreglunnar í Kópavogi og sérsveit Ríkislögreglustjóra, lagði hald á 170 kannabisplöntur við húsleit í suðurhluta Hafnarfjarðar á sunnudag. Tveir menn voru handteknir en þeim hefur verið sleppt.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði lagði hald á 170 kannabisplöntur í húsleit í iðnaðarhúsnæði síðastliðinn sunnudag. Iðnaðarhúsnæðið er í suðurhluta Hafnarfjarðar en vísbendingar höfðu borist til lögreglu um að kannabisræktun færi fram í húsinu.

> Þarna fór greinilega fram ræktun sem var nægilega tækjum búin til þess að rækta upp plöntur sem voru allt að 190 sentimetra háar.“
>
> KRISTJÁN Ó. GUÐNASON, AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Tveir karlmenn voru handteknir í húsleitinni en þeir voru báðir staddir í húsinu þegar lögreglan í Hafnarfirði, með aðstoð lögreglumanna úr Kópavogi og sérsveitar Ríkislögreglustjóra, gerði húsleitina.

Kristján Ó. Guðnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglunnar í Hafnarfirði og yfirmaður rannsóknardeildar, segir stórfellda ræktun hafa farið fram í húsinu. „Við framkvæmdum húsleitina eftir að hafa fengið vísbendingar um að það færi fram kannabisræktun í húsinu. Svo kom í ljós að þarna fór greinilega fram stórfelld ræktun, sem var nægilega tækjum búin til þess að rækta upp plöntur sem voru allt að 190 sentimetra háar.“

Í húsleitinni var einnig lagt hald á annan tug kílóa af niðurskornu marijúana en greining á efninu er ekki lokið ennþá. Þau hafa verið send til tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík til greiningar.




**KANNABISPLÖNTUR BORNAR ÚT** Lögreglumenn sjást hér bera kannabisplöntur út úr iðnaðarhúsnæði sem notað var til ræktunar á kannabisplöntum, fyrr á þessu ári. Lögreglan hefur gert upptækt umtalsvert magn af kannabisplöntum sem ræktaðar hafa verið hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lögreglan í Hafnarfirði verst frekari frétta af málinu en ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir mönnunum. „Við töldum það ekki þjóna rannsóknarhagsmunum að óska eftir gæsluvarðhaldi yfir mönnunum. Rannsókn málsins er langt komin og hefur gengið vel.“

Lögreglan verst frekari frétta af málinu, sem er eitt umfangsmesta fíkniefnamál sem upp hefur komið í Hafnarfirði.

magnush@frettabladid.is



**VIÐ ÍSLANDSSTRENDUR** Umhverfissamtökin WWF leggjast ekki gegn sjálfbærum hvalveiðum. MYND/NORDIC PHOTO

World Wildlife Fund:

## Sjálfbærar hvalveiðar í lagi

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjálfbærar hvalveiðar í atvinnuskyni eru réttlætanlegar að mati Roberts Rangeley, framkvæmdastjóra Atlantshafsdeildar umhverfissamtakanna World Wildlife Fund. Að hans mati eru hóflegar veiðar úr hvalastofnum, sem eru í góðu ásigkomulagi, réttlætanlegar. Hann telur þó að fyrir verði að liggja áreiðanleg gögn um ástand þeirra stofna sem menn hyggjast veiða úr.

Rangeley er sama sinnis um veiðar Kanadamanna úr vöðuselsstofninum þar í landi. „Við leggjumst ekki gegn sjálfbærum veiðum og einbeitum okkur að verndun þeirra stofna sem eru í hættu.“ **- shá**

Á leið frá Ósló til Íslands:

## Sprungur komu í framrúðu

**NOREGUR Sprungur komu í rúðu í glugga í stjórnklefa Boeing 737, vélar í eigu SAS, sem var á leið frá Ósló til Íslands í gærkvöldi, að sögn norska dagblaðsins VG. Flugmaðurinn ákvað að snúa við og fljúga til flugstöðvarinnar í Stafangri.**

**Sprungurnar komu í ljós eftir að vélin var farin í loftið og þótti ekki ráðlegt að halda fluginu áfram. Meðal rúmlega hundrað farþega voru yfir fimmtíu nemendur og kennarar frá skóla í Stafangri. - ghs**


BÍLL DAGSINS

NISSAN MURANO

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Sjálfsmorðsárás Tamílatígra á Srí Lanka:

# Nærri hundrað sjóliðar létust

**KÓLOMBÓ, AP** Rútu fullri af sprengiefni var ekið inn í bílalest srílankskra hermanna sem voru á leið í frí til höfuðborgarinnar Kólombó í gær. Samkvæmt tölum stjórnarhersins létust 92 sjóliðar og 150 særðust. Þetta er ein mannskæðasta árás Tamílatígra á stjórnarherinn síðan friðarsamkomulag var undirritað árið 2002.



**ÞORFINNUR ÓMARSSON**

Starfsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar, SLMM, var í nágrenninu og kom fljótlega á staðinn til að rannsaka ódæðið. „Það sem er óvenjulegt við árásina er að hún var utan átakasvæðisins. Enginn almennur borgari virðist hafa verið nálægt og allt bendir til að þetta hafi verið úthugsuð árás á herinn, segir Þorfinnur Ómarsson, talsmaður eftirlitssveitarinnar.

Aðspurður hvort friðarferlið sé ekki í uppnámi eftir árásina segir Þorfinnur að enn sé allt óbreytt varðandi væntanlegar friðarviðræður milli stríðandi fylkinga, sem ráðgerðar séu í Sviss í lok þessa mánaðar. „Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun ennþá um að fresta eða hætta við friðarviðræðurnar. Það hefur tekið langan tíma að ná deiluaðilum að borðinu og við vonumst til þess að þetta verði ekki til þess að spilla fyrir þeim. Undirbúningur er því enn í fullum gangi.“ **- kóþ**



**HERMENN SKOÐA LEIFAR SJÁLFSMORÐSRÚTUNNAR** Rútan sprakk um 150 kílómetra norðvestan höfuðborgarinnar Kólombó. Herinn segir að 92 sjóliðar hafi látist og 150 særst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**Hver þarf sólarströnd þegar við höfum Grafarvoginn?**

Okkur leiddist. Veðrið var ömurlegt. Endalaus rigning. En við ákváðum samt að fara að sigla.
Fundum gúmmíbát og létum bara vaða. Af hverju ekki að nota tímann? Skárra en að gera ekki neitt.
Og það var auðvitað bara frábært. Soldið blautt – en frábært.

**gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone

## GENGIÐ 16.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,72 | 68,04 |
| Sterlingspund | 126,00 | 126,62 |
| Evra | 84,76 | 85,24 |
| Dönsk króna | 11,366 | 11,432 |
| Norsk króna | 10,033 | 10,093 |
| Sænsk króna | 9,163 | 9,217 |
| Japanskt jen | 0,5677 | 0,5711 |
| SDR | 99,33 | 99,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 117,4203

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vistmenn í Hegningarhúsinu eru ósáttir við fæði og loftræstingu í fangelsinu:

# Fangar hóta hungurverkfalli

**FANGELSISMÁL** Vistmenn í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg hafa hótað því að fara í hungurverkfall ef ekki verði komið til móts við kröfur þeirra um betra fæði og umbætur á vistarverum þeirra. Þeir hafa gefið yfirvöldum frest fram á föstudag til að verða við óskum þeirra.

Í yfirlýsingu sem fangarnir sendu fjölmiðlum í gær kemur fram að þeir hafi ítrekað komið fram óánægju sinni með þann mat sem veitingaverktaki fangelsisins hefur boðið þeim upp á og segja hann bæði einhæfan og gæðalítinn. Þá krefjast þeir þess að loftræsting í fangaklefum Hegningarhússins verði bætt þegar í stað. Segja þeir mikið loftleysi vera í klefunum eftir að þeim sé lokað á kvöldin sem leiði til andlegrar vanlíðunar og hafi heilsuspillandi áhrif á fangana.



**HEGNINGARHÚSIÐ** Vistmenn í fangelsinu hafa gefið yfirvöldum frest fram á föstudag til að verða við kröfum þeirra.

Hegningarhúsið hefur verið rekið á undanþágu frá heilbrigðiseftirlitinu og pyntingarnefnd Evrópu á undanförnum árum. Valtýr Sigurðsson, forstöðumaður Fangelsismálastofnunar, segir að kvartanir yfir fæði í fangelsinu séu nýjar fyrir sér en gat tekið undir það að aðbúnaður í fangelsinu væri ekki sem skyldi. Að sögn Valtýs verður farið yfir málið í vikunni en hann segir eðlilegra að menn ræði málin sín á milli í stað þess að grípa til svona aðgerða. - þsj

Fræðsla í framhaldsskólum:

# Umferðafundir skila árangri

**UMFERÐAFRÆÐSLA Alls hafa 45 þúsund ungmenni sótt umferðarfundi á vegum VÍS í framhaldsskólum landsins á síðustu 12 árum.**

**Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnarfulltrúi VÍS, segir að árangur fundanna sé ótvíræður og að kannanir sýni að þeir sem mætt hafi á fundina lendi síður í alvarlegum umferðarslysum. Alls hafa á sjöunda tug funda verið ákveðnir á þessari önn.**

**Meðal kennsluefnis á fundunum er frásögn fjölskyldu í Grindavík, en Sigurður 19 ára sonur hjónanna Bertu og Matthíasar lenti í alvarlegu umferðarslysi fyrir rúmu ári.** - hs

Organistinn í Skálholti:

# Bjartsýnn á lausn málsins

**SKÁLHOLT** Hilmar Örn Agnarsson, organisti í Skálholti, segir að unnið verði úr sáttatillögunum í Skálholti og Organistafélagið muni meta starfslýsinguna. „Við komum með eitthvað gott á móti,“ segir hann og er bjartsýnn á framhaldið.



**HILMAR ÖRN AGNARSSON**

Hilmar Örn segir að auðvitað liggi á að klára málið og ná niðurstöðu en sáttaumleitanirnar í Skálholti séu á viðkvæmu stigi. „Það er gott í spilunum og ég er mjög bjartsýnn,“ segir Hilmar Örn, sem telur að eitthvað fari að gerast í málinu innan tíu daga. - ghs

Sovétmenn sendu njósnara:

# Í fallhlíf til Finnlands

**FINNLAND Sovéski herinn sendi yfir eitt þúsund og fjögur hundruð njósnara til Finnlands í síðari heimsstyrjöldinni. Flestum þeirra, eða um eitt þúsund, var sleppt með fallhlíf yfir Finnlandi. Hinir voru sendir yfir landamærin eða með bát yfir vatnið Ladoga sem nú tilheyrir Rússlandi. Finnlandssænska dagblaðið Hufvudstadsbladet segir að flestir njósnarar hafi verið sendir veturinn 1941-1942 og langflestir hafi verið sendir árið 1942, eða minnst 640. Yfir eitt þúsund njósnarar voru teknir til fanga og margir dóu þegar þeir voru teknir höndum í stríðinu.**

**Þekktasti njósnarinn heitir Kerttu Nuorteva sem var sleppt í fallhlíf vorið 1942. Í bók um hana, sem nýlega hefur komið út, kemur fram að hún átti að mynda net njósnara. Hún náði að starfa í hálft ár áður en hún var tekin höndum í september 1942.** - ghs

# Allt verði rannsakað

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vill að allt sem lýtur að hlerunum og njósnum verði rannsakað. Hún heimilaði í gær Kjartani Ólafssyni, fyrrverandi ritstjóra, að skoða öll gögn Þjóðskjalasafnsins um sjálfan sig.**

**ALÞINGI** „Við í Sjálfstæðisflokknum höfum mikla hagsmuni af því að allt komi upp á yfirborðið og að málið sé ekki slitið úr samhengi með ásetningi. Það er mikilvægt fyrir Sjálfstæðisflokkinn og þjóðina að við sýnum fram á að við höfum ekkert að fela. Við viljum ekkert fela. Úrskurður minn í dag sýnir það.“

Þetta segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sem í gær hnekkti úrskurði þjóðskjalavarðar um synjun á beiðni Kjartans Ólafssonar, fyrrverandi ritstjóra, um að skoða gögn er varða hleranir síma hans á tímum kalda stríðsins.



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Segir margvísleg rök hníga að því að öll gögn um hleranir og njósnir - hvort sem þau snerta kalda stríðið eða síðari tíma - verði gerð opinber.

Þorgerður Katrín segir Kjartan eiga rétt á að fá upplýsingar um þau gögn sem til eru í Þjóðskjalasafninu og snerta hann og telur aðspurð að hann fái að sjá gögnin í vikunni. „Ég geri ráð fyrir því. Þjóðskjalavörður fer yfir málið í ljósi þess og ég sé ekki efnislegar ástæður fyrir því að komið verði í veg fyrir það.“ Hún segir eðlilegt, í ljósi umfangs málsins, að þjóðskjalavörður fái ákvörðun æðra stjórnvalds. „Nú getur hann [þjóðskjalavörður] orðið við þeim beiðnum sem fram hafa komið.“

Þorgerður Katrín segir margvísleg rök hníga að því að öll gögn um hleranir og njósnir – hvort sem þau snerta kalda stríðið eða síðari tíma - verði gerð opinber. Þá vill hún að öljósir þættir, til dæmis frásagnir Jóns Baldvins Hannibalssonar af hlerunum á síma utanríkisráðherra 1995, verði rannsakaðir. „Það út af fyrir sig er stóralvarlegt mál og það verður að skoða hvort sími eins af ráðherrum í ríkisstjórn var hleraður. En ég skil samt ekki af hverju hann talaði ekki við forsætis- og dómsmálaráðherra í þeirri ríkisstjórn.“

Þorgerður Katrín segir þar til bærra yfirvalda að taka á málinu; rannsóknarvaldið falli undir dómsmálaráðherra.

Hún segir að auk annars sé mikilvægt út frá mennta- og menningarsjónarmiðum að sögunni sé skilað í réttu samhengi til komandi kynslóða. „Það vita allir að Sovétmenn hleruðu hér á sínum tíma og það er líklegt að Bandaríkjamenn hafi líka gert það. Það eru ekki nýjar fréttir. Upplýsingar um hleranir Íslendinga eru nú komnar fram en þær voru ekki óeðlilegar í krafti öryggishagsmuna ríkisins. Í samhengi hlutanna og á sínum tíma gerðu Íslendingar ekkert óeðlilegt. En í dag, árið 2006, vil ég fá þetta allt upp á borðið.“ bjorn@frettabladid.is

Kjartan Ólafsson:

## Áfangasigur fyrir mig



**SÍMHLERANIR** Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans og þingmaður Alþýðubandalagsins, telur ógildingu úrskurðar þjóðskjalavarðar vera áfangasigur. Þjóðskjalavörður hafði áður synjað Kjartani um að fá að skoða gögn um símhleranir á árunum 1949 til 1968, líkt og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hafði fengið að gera. „Ég tel þetta vera mikilvægan áfangasigur fyrir mig vegna þess að menntamálaráðherra ógildir fyrri úrskurð þjóðskjalavarðar. Þetta er engin endanleg niðurstaða vegna þess að hún vísar málinu til baka til Þjóðskjalasafnsins. Meðal þess sem ráðherra bendir Þjóðskjalasafninu á er að jafnræðisregla hafi verið brotin, og það er það sem ég hef alltaf sagt,“ sagði Kjartan. - mh



**VIÐ UPPHAF VIÐRÆÐNA** Júrí Balujevskí frá Rússlandi og Ray Henault frá Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heræfing Rússlands og Nató:

# Rússar vilja fá svör hið fyrsta

**MOSKVA, AP** Júrí Balujevskí herforingi, æðsti yfirmaður herafla Rússlands, krefst svara við því hvort Rússland verði með í evrópska eldflaugavarnakerfinu, sem Nató hyggst koma á fót á næstu árum, eða hvort Rússland muni standa utan þeirra varna.

„Það er nauðsynlegt að taka ákvörðun: Hvað næst?“ sagði Balujevskí í gær eftir að hann hafði átt fund í Moskvu með kanadíska herforingjanum Ray Henault, sem er formaður hermálanefndar Nató.

Fundurinn var haldinn þegar sameiginleg heræfing Rússlands og Nató var að hefjast í gær. Á æfingunni var verið að æfa viðbrögð við flugskeytaárás. - gb

**NOREGUR**

### Villtist í steininn

Ölóður maður á þrítugsaldri kom fangavörðum í Bodø á óvart um helgina. Fangaverðirnir, sem eru vanari því að gæta þess að fangar sleppi ekki út, fundu gleðskaparmanninn inni í fangelsi bæjarins. Hann hafði ruglast í ríminu á heimleið og taldi sig vera að klifra heim í kotið.








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**ÍSKALT EN BJART** Loftið yfir landinu er ættað langt norðan úr höfum. Enda er það svo að hitinn að deginum lafir rétt yfir frostmarki syðra en fyrir norðan er hitinn öðru hvoru megin við núllið. Það er bót í máli að vindurinn er almennt hægur, síst þó reyndar við suðausturströndina þar sem búast má við strekkingi. Ennfremur eru horfur á björtu veðri víða um land vikuna á enda með töluvert miklu næturfrosti. Ekki eru horfur á að hlýni á næstunni.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Fremur hæg norðaustan átt. Léttskýjað. Hiti 0-4 stig að deginum.

*um hádegi »*



*» á morgun*



5-13 m/s hvassast suðaustan til.

*» fimmtudagur*



Allhvasst við suðausturströndina annars heldur hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C heiðskírt | London | 17°C skúrir | Alicante | 26°C alskýjað |
| Þórshöfn | 10°C skúrir | París | 20°C hálfskýjað | Mallorca | 23°C léttskýjað |
| Osló | 10°C hálfskýjað | Frankfurt | 16°C heiðskírt | Algarve | 23°C rigning |
| Stokkhólmur | 12°C alskýjað | Friedrichshafen | 20°C heiðskírt | Krít | 18°C skúrir |
| Gautaborg | 13°C léttskýjað | Berlín | 16°C heiðskírt | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI




ÞJÓNUSTUVER SÍMI 588 1234

**KJÖRKASSINN**



*Leikur þú á hljóðfæri?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,6% |
| Nei | 66,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Íslendingar að hefja hvalveiðar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Lóðin að Fríkirkjuvegi 11 var rangt skráð hjá Fasteignamatinu:

# Seðlabankanum eignuð lóðin

**FASTEIGNAMÁL** „Segir Fasteignamatið að við eigum lóðina?“ segir Þórður Gautason hjá Seðlabanka Íslands sem ranglega hefur verið skráður eigandi að lóðinni undir húsinu á Fríkirkjuvegi 11 er Reykjavíkurborg ætlar nú að selja.

Að sögn Þórðar átti Seðlabankinn á sínum tíma lóðirnar á Fríkirkjuvegi 11 og 13 þar sem nú er svonefndur Hallargarður. Þar hafi átt að reisa hús yfir bankann og hugmyndasamkeppni verið haldin á sjöunda áratugnum en lóðin hafi verið seld í hendur Reykjavíkurborgar með makaskiptum í kringum árið 1970.

Þó að lóðin á Fríkirkjuvegi hafi farið úr eigu Seðlabankans fyrir um 35 árum var bankinn þar til í gær skráður fyrir henni hjá Fasteignamati ríkisins.

Fyrir 27 árum árum var reyndar hnykkt á því af hálfu Seðlabankans að lóðin væri ekki rétt skráð. „Það kom úrskurður frá Fasteignamatinu en hann hefur greinilega ekki náð inn,“ segir Þórður Gautason.



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Seðlabankinn skráður eigandi lóðarinnar sem bankinn seldi fyrir um 35 árum.

Fasteignamat ríkisins færði í gær skráningu lóðarinnar í rétt horf eftir að Seðlabankinn setti sig í samband við stofnunina. **- gar**

Háskóli fyrir Hvítrússa í útlegð:

# Meiri norrænn stuðningur

**NORÐURLÖND Norræna ráðherranefndin og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafa samið um að styðja enn frekar við bakið á hvítrússneska útlegðarháskólann European Humanities University, sem starfræktur er í Vilnius, höfuðborg Litháens. Tvö hundruð námsstyrkjum verður bætt við, að því er segir í fréttatilkynningu.**

**Skólinn var áður starfræktur í Minsk í Hvíta-Rússlandi, en þarlend stjórnvöld gerðu honum ókleift að starfa í landinu árið 2004. Um 350 Hvít-Rússar stunda nú nám við skólann.** **- aa**




*Uppskeruhátíð í Kelduhverfi*

Laugardaginn 21. okt næstkomandi verður haldin uppskeruhátíð bænda og veiðimanna í Skúlagarði. Húsið opnar kl. 19:30, en borðhald hefst síðan kl. 20.00

Kokkur hátíðarinnar verður hinn landskunni sælkerakokkur tímaritsins Gestgjafans **Úlfar Finnbjörnsson.**

**Nokkur dæmi af matseðli.**
Lífrænt lambakjöt • Lax • Gæs • Bleikja • Skarfur • Lúða • Kiðlingur • Ábrestir ofl. ofl. og að sjálfsögðu kemur þingeyska hunangið víða við sögu í eldamennskunni.

Eftir borðhald spilar hljómsveitin **Lego** fyrir dansi.
Borðapantanir í síma 465-2280, fyrir föstudag 20. okt
Góða skemmtun og hittumst sem flest.

**Miðaverð kr. 4.700 • Fordrykkur innifalinn.**


# FL selur öll bréf sín í Icelandair Group

**Þrír fjárfestahópar kaupa helming hlutafjár í Icelandair. Hópur undir forystu Samvinnutrygginga verður stærsti eigandinn. Almenningi býðst að eignast hlutabréf við skráningu í Kauphöll. FL hagnast um 26 milljarða við söluna.**

**VIÐSKIPTI** FL Group hefur selt allt hlutafé sitt í Icelandair Group að lokinni áreiðanleikakönnun á Icelandair. Tveir þriðju hlutar hlutafjár voru seldir til fjárfesta, starfsfólks og stjórnenda fyrir milligöngu Glitnis.

Það sem eftir stendur verður selt til fagfjárfesta og almennings í hlutafjárútboði á næstunni í tengslum við skráningu Icelandair í Kauphöll Íslands. Tryggir Glitnir sölu á því hlutafé Icelandair sem enn er óráðstafað en áætlað er að skráning fari fram á næstunni.

Þrír fjárfestahópar kaupa helming hlutafjár í Icelandair en þeir eru: Langflug, Naust og Blue-Sky Transport. Fyrstnefnda félagið, sem er að mestu leyti í eigu Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, tekur um 32 prósenta hlut. Naust kaupir 11,1 prósent en fyrir því fara eigendur Bílanausts og Olíufélagsins þar sem stærsti hluthafinn er Benedikt Sveinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Eimskipafélagsins og Sjóvá-Almennra. Blue-Sky Transport Holding eignast 7,4 prósenta hlut en það er að stærstum hluta í eigu Ómars Benediktssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Íslandsflugs.

Finnur Ingólfsson, starfandi stjórnarformaður VÍS, verður líklega næsti stjórnarformaður Icelandair Group, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Starfsmönnum og lykilstjórnendum Icelandair verður boðið að kaupa alls átta prósent hlutafjár en þar að auki hafa aðrir fjárfestar tryggt sér um átta prósent. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, er afar sáttur við söluna sem hann segir að hafi gengið hratt og örugglega fyrir sig. „Þetta er rökrétt framhald fyrir okkur og við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur um skráningu og sölu Icelandair. Við horfum til þess að styrkja okkur innan þeirra sviða sem við höfum verið að fjárfesta í.“ Áætlaður hagnaður FL af sölunni eru um 26 milljarðar króna miðað við bókfært virði Icelandair Group og eykst handbært fé fjárfestingafélagsins um 35 milljarða króna. **eggert@frettabladid.is**



**FLJÚGA HVOR SÍNA LEIÐ** Hannes Smárason og félagar hans í FL Group yfirgefa nú hluthafahóp Icelandair. Jón Karl Ólafsson forstjóri heldur fluginu áfram með nýja áhöfn í hluthafahópnum.

**KAUPENDUR HLUTABRÉFA Í ICELANDAIR GROUP**

| | |
|---|---|
| Glitnir | 33,0% * |
| Langflug | 32,0%** |
| Naust | 11,1% |
| Aðrir fjárfestar | 8,0% |
| Blue-Sky Transport | 7,4% |
| Stjórnendur Icelandair | 4,0% |
| Starfsmenn Icelandair | 4,0% |
| **Alls u.þ.b.** | **100%** |

* Glitnir sölutryggir þennan hlut en almenningi og fagfjárfestum verður boðið að kaupa bréfin í hlutafjárútboði í tengslum við skráningu í Kauphöll
** Samvinnutryggingar stærsti eigandinn


KÄRCHER

Heimilisryksugur

*Aflmiklar og hljóðlátar*

*Frábær hönnun*




RAFVER

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS



550 5600

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


Niðurstöður bandarískra rannsókna á loftsýnum frá Norður-Kóreu:

# Staðfesta að Norður-Kórea sprengdi kjarnorkusprengju

**WASHINGTON, AP** Rannsókn á loftsýnum, sem tekin voru í síðustu viku, staðfesta að Norður-Kóreumenn gerðu í raun tilraun með kjarnorkusprengju neðanjarðar, eins og þeir hafa sjálfir haldið fram.

Bandarískir leyniþjónustumenn framkvæmdu rannsóknina en John Negroponte, yfirmaður bandarískra leyniþjónustustofnana, skýrði frá niðurstöðunum í gær.

Um helgina samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun þar sem tilraunin var fordæmd og jafnframt ákveðið að beita Norður-Kóreu refsiaðgerðum, án þess þó að hóta hervaldi.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ætlar að bregða sér til Suður-Kóreu, Kína og Japans nú í vikunni til þess að ræða framkvæmd refsiaðgerðanna, sem meðal annars fela í sér að eftirlit verður með öllum vöruflutningum til og frá Norður-Kóreu.

Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, skýrði frá því í gær að kínverskir tollverðir væru nú þegar byrjaðir að framkvæma slíkt eftirlit við landamæri Norður-Kóreu.

Stjórnvöld í Japan og Ástralíu skýrðu síðan í gær frá því að þau myndu hugsanlega grípa til harðari refsiaðgerða en tilgreindar eru í ályktun öryggisráðsins. **- gb**



**HLAUPIÐ Í SKJÓL** Vegfarendur í Seúl hlaupa í skjól í hervarnaræfingu, sem efnt var til í gær. Slíkar æfingar eru haldnar reglulega einu sinni í mánuði til að minna landsmenn á að enn ríkir þar stríðsástand. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Laglegt!

## Hæsta ávöxtunin – einu sinni enn



Himinn og haf / SÍA – 9061024

SPRON Verðbréf geta nú sem oft áður státað af langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,53%.***

Um er að ræða nýjan **Peningamarkaðssjóð SPRON.** Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**

spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við september 2006 á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

Athygli er vakin á að fjárfestingasjóðir eru áhættumeiri fjárfestingakostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins var varaður við að síminn hans væri hleraður árið 1995?*
2. *Hver er nýskipaður formaður kjördæmasambands Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi?*
3. *Hvaða íslenska kvikmynd fékk nýlega góða dóma hjá kvikmyndatímaritinu Variety?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Fjármálaráðherra segir skerðingu lífeyrisgreiðslna til öryrkja ekki á sínu borði:

# Gerðardómur fjalli um málið

**ALÞINGI** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hvetur til að skerðingu lífeyrissjóða á lífeyrisgreiðslum til öryrkja verði vísað til gerðardóms.

Hann sagðist í umræðum um málið á Alþingi í gær skilja sjónarmið öryrkja enda augljóslega um mikla kjararýrnun að ræða. Engu að síður hefðu ráðherra og ráðuneytið enga aðkomu að málinu; staðfesting ráðherra á gjörðum lífeyrissjóðanna væri aðeins formlegs eðlis.

Helgi Hjörvar Samfylkingunni sagði málið háalvarlegt. „Það er verið að brjóta gegn stjórnarskrá Íslands og ræna örorkulífeyrisþega lífeyriseign sinni um hábjartan dag.“

Lífeyrissjóðirnir hafa séð sig knúna til að skerða lífeyrisgreiðslur til um 2.300 öryrkja þar sem tekjur þeirra annars staðar frá hafi hækkað.

Helgi Hjörvar sagði öryrkja dæmda til að hafa sama kaupmátt og þeir höfðu þegar þeir slösuðust eða veiktust um leið og allir aðrir í samfélaginu njóti kaupmáttaraukningar.

Hjálmar Árnason Framsóknarflokki tók undir orð Helga og saman hvöttu þeir til endurskoðunar málsins. - bþs



**HELGI HJÖRVAR** Samfylkingunni vill að fjármálaráðherra beiti sér gegn skerðingu lífeyrisgreiðslna til öryrkja.

Umdeildur eikarbátur:

# Stormur áfram við festar

**UMHVERFISMÁL Hafnarstjórn Kópavogs hefur hafnað kröfum listakonunnar Rebekku Ránar Samper um að fiskibáturinn Stormur SH-333 verði fjarlægður strax af þeim stað þar sem báturinn liggur við festar utan við Kópavogshöfn.**

**Eiganda bátsins er gefinn frestur til 1. apríl til að koma bátnum burt.**

**Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjórninni stendur til að breyta Stormi í vor þannig að hann henti til hvalaskoðunar. Stefán Guðmundsson, eigandi Storms, segist ekki vilja staðfesta það. - gar**

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Neytendasamtökin sammála samkeppnisstofnun:

# Einstakt í Evrópu

**LANDBÚNAÐUR** Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það alveg út í hött að fyrirtæki í mjólkuriðnaði fái leyfi með sérlögum til að beita aðferðum í rekstri sínum sem þyki saknæm í öðrum iðnaði.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Hann segir það ekki þekkjast meðal annarra Evrópulanda að ákveðinn iðnaður sé undanþeginn samkeppnislögum og því verði að breyta búvörulögunum. „Samkeppniseftirlitið bendir réttilega á að þetta stenst enga skoðun. Hér gilda önnur lög en í allri Evrópu til að vernda mjólkurframleiðslu. Þannig að ég er sammála samkeppniseftirlitinu þar sem það segir að þessi ákvörðun löggjafans geri það að verkum að hér ríki alger einokun í skjóli laganna.“

Jóhannes segir að í ofanálag tíðkist kerfi á Íslandi sem greiði hærri styrki með mjólkuriðnaði en þekkist annars staðar. „Þetta kerfi sem er við lýði núna er að koma á Mjólkursamlagi Íslands. Þessi þrjú fyrirtæki sem nú eru að sameinast munu eiga allan markaðinn. Það er bara eitt svar við þessari einokun og það er að heimila innflutning mjólkurvara á mjög lágum og helst engum tollum.“ - þsj





# Fréttablaðið með yfirburði

**Fréttablaðið er meira lesið en hin blöðin alla daga vikunnar, af báðum kynjum, öllum aldurshópum og í öllum landshlutum. Forysta Fréttablaðsins á önnur dagblöð hefur aldrei mælst meiri.**

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og hefur forysta blaðsins á önnur blöð aldrei mælst meiri. Að meðaltali lesa 68,9 prósent landsmanna Fréttablaðið á hverjum degi samkvæmt fjölmiðlakönnun sem Capacent-Gallup gerði í september. 91,2 prósent landsmanna lásu Fréttablaðið einhvern tímann í könnunarvikunni. 49,6 prósent landsmanna lesa Morgunblaðið að meðaltali hvern dag en 74,7 prósent sögðust hafa lesið Morgunblaðið einhvern tímann í könnunarvikunni. Meðallestur Blaðsins mælist nú 45,6 prósent en 70,8 prósent landsmanna lásu Blaðið vikuna sem könnunin var gerð. Þetta þýðir að hvern dag lesa að meðaltali um 44 þúsund fleiri Fréttablaðið en Morgunblaðið, og 54 þúsund fleiri lesa Fréttablaðið en Blaðið.

Fréttablaðið styrkir stöðu sína sem mest lesna blað landsins frá síðustu könnun sem var gerð í vor. Meðallestur Fréttablaðsins hækkar um 0,6 prósentustig, á sama tíma og lestur Morgunblaðsins minnkar um 4,7 prósentustig og lestur Blaðsins eykst um 12,7 prósentustig.

Sem fyrr er Fréttablaðið meira lesið en hin blöðin alla daga vikunnar, af báðum kynjum, öllum aldurshópum og í öllum landshlutum.

Þegar horft er til meðallesturs á höfuðborgarsvæðinu þá er Fréttablaðið lesið af 72,9 prósentum íbúanna á hverjum degi, Morgunblaðið af 53,7 prósentum íbúa og Blaðið af 54,1 prósenti. 93,9 prósent höfuðborgarbúa lásu Fréttablaðið einhvern tímann í vikunni, 78,8 prósent Morgunblaðið og 79,3 prósent Blaðið. Þetta þýðir að Morgunblaðið er komið í þriðja sæti á lista íbúa höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að lestri dagblaða.

Ef lesendum á höfuðborgarsvæðinu er skipt í aldurshópa þá sést að 69,2 prósent fólks á aldrinum 16 til 29 ára lesa Fréttablaðið að meðaltali hvern dag, 37,9 prósent Morgunblaðið og 43 prósent Blaðið. Í aldurshópnum 18 til 49 ára lesa 70,7 prósent Fréttablaðið, 44,5 prósent Morgunblaðið og 48,8 prósent Blaðið. Meðal fimmtíu ára og eldri lesa 82,2 prósent Fréttablaðið, 74,2 prósent Morgunblaðið og 68,6 prósent Blaðið. ■

15% október
afsláttur til 21. október
Fataskápar fyrir fötin þín,
tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.
Opið laugardag
INNVAL
www.innval.is
Hamraborg 1 Kópavogi s: 554 4011







Aflabrögð lakari en á sama tíma í fyrra:

# Minna veiðist nú af þorski og ýsu

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa það sem af er árinu 2006 nemur rúmum 1.054.000 tonnum og er það 356.000 tonna minni afli en á sama tímabili árið 2005 að því er fram kemur á heimasíðu Hagstofunnar.

Heildarafli íslenskra skipa í nýliðnum septembermánuði var 6,8 prósentum meiri en í sama mánuði í fyrra. Það sem af er árinu hefur aflinn dregist saman um 6,3 prósent miðað við sama tímabil árið 2005 sé aflinn metinn á föstu verði.

Í september 2006 dróst þorskafli saman um rúm 400 tonn og ýsuaflinn um 500 tonn. - hs

HONDA
The Power of Dreams



# Skemmtilega **stór** Jazz á Honda-litlu verði

Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.





Honda Jazz 1,4 stiglaus sjálfskipting,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:

**16.080** kr. á mánudi

**1.769.000** kr.

Honda Jazz 1,4 beinskiptur,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:

**15.171** kr. á mánudi

**1.669.000** kr.

## Honda Jazz er fjölnotabíll með ríkulegan staðalbúnað

Honda Jazz er skemmtilega stór bíll sem býður upp á svo marga möguleika að það er alveg sama hvort þú ert að snattast í innkaupum, ferja fjölskylduna eða flytja vörur – Honda Jazz hentar frábærlega. Honda Jazz er glæsilega hannaður fjölnotabíll á verði smábíls. Honda Jazz býður ríkulegan staðalbúnað og lausnir t.d. töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum en er engu að síður kraftmikill og snöggur. **En umfram allt, Honda Jazz er skemmtilega stór og áreiðanlegur fjölnotabíll á Honda-litlu verði.**

honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



**DÝRLINGAMESSA** Daniel M. Buechlein, erkibiskup kaþólsku kirkjunnar í Indianapolis í Bandaríkjunum, í messu í kirkju í Róm í gær, sem haldin var í tilefni af því að páfi tók á sunnudag bandarísku nunnuna Theodore Guerin í dýrlingatölu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árlegt álag á Tryggingastofnun ríkisins vegna framreiknings tekna:

# Afnema þyrfti bankaleynd

**ALMANNATRYGGINGAR** Hið mikla álag sem er á Tryggingastofnun ríkisins þessa dagana og greint var frá í Fréttablaðinu í síðustu viku, má rekja til leiðréttingar sem skjólstæðingar stofnunarinnar þurfa að gera á árlegum framreikningi tekjuáætlunar.

Sveinbjörn Högnason viðskiptafræðingur bendir á að TR geri ráð fyrir óbreyttum fjármagnstekjum einstaklinga frá árinu áður og einstaklingar þurfi að andmæla formlega til að halda bótum sínum. „Leggja þarf fram tekjuáætlun í október, síðan leiðrétta hana í janúar og loks skila skattskýrslu í mars,“ segir Sveinbjörn og telur að þetta kunni að vera ástæða þess að margir skili alls ekki tekjuáætlun til TR.



**SVEINBJÖRN HÖGNASON, VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR**

Karl Steinar Guðnason, forstjóri TR, kannast við þetta vandamál. Hann segir lagabreytingu þurfa til að einfalda kerfið. „Við höfum ekki upplýsingar um fjármagnstekjur og sjáum þær ekki fyrr en í skattframtalinu. Á hverju ári fáum við niðurstöður skattframtala um tekjur einstaklinga og keyrum það saman við okkar eigin upplýsingar. Misræmi leiðir síðan til aukningar eða minnkunar bóta. Þá þurfa skjólstæðingar að andmæla, telji þeir á sér brotið. Í fyrra voru 85 prósent allra andmæla sem okkur bárust frá einstaklingum sem höfðu haft fjármagnstekjur árið áður. Þetta getur verið gríðarlegt mál fyrir þá, en til að einfalda þetta ferli þyrfti að afnema bankaleynd.“ - kóþ

Kæruleysi í umferðinni eykst:

# Gæta ekki að öryggi barna

**LÖGREGLUFRÉTTIR Varðstjóri lögreglunnar á Hvolsvelli segir að svo virðist sem ökumenn séu orðnir kærulausari en áður. Hann segir að undanfarna daga hafi margir verið stöðvaðir í umdæminu fyrir að hafa ekki beltin spennt. Brýnt sé að minna fólk á mikilvægi þess og þá einkum að það spenni börn sín í belti.**

**Allt of margir hugi ekki að öryggi þeirra í umferðinni jafnvel þótt þeir séu á ferð um þjóðvegi landsins. Slíkt sé ólíðandi og brýnir hann fyrir fólki að taka sig á hvað þetta varðar.** - kdk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stútur undir stýri

Karlmaður var tekinn fyrir ölvunarakstur á Reykjanesbrautinni í gærmorgun. Lögreglunni í Kópavogi hafði borist tilkynning frá vegfaranda um rásandi bíl á brautinni. Maðurinn var mjög ölvaður að sögn lögreglunnar.

### Innbrot í vörubíl

Brotist var inn í vörubíl í vinnubúðum við Svínadal og útvarpstæki stolið. Innbrotið átti sér stað einhvern tímann um helgina og eru þeir sem urðu varir við dularfullar mannaferðir á svæðinu beðnir um að hafa samband við lögregluna í Búðardal.

## SVEITASTJÓRNARMÁL

### Samið um herragarða

Samningar um lóðarleigu fyrir tólf risavaxin íbúðarhús á sjávarkambi í Garðinum hafa verið samþykktir í bæjarstjórn. Framkvæmdir munu um það bil að vera að hefjast.

### Nafni breytt

Hafnasambandsþing var haldið á Höfn á Hornafirði um síðustu helgi þar sem fjallað var um starfsemi hafnasambandsins og því sett ný lög. Nafni félagsins var breytt úr Hafnasambandi sveitarfélaga í Hafnasamband Íslands. Ályktanir voru samþykktar meðal annars um endurskoðun hafnalaga og þróun hafnsvæða.




**FLUG TIL EYJA** Elliði Vignisson bæjarstjóri og Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri FÍ, í fyrstu áætlunarvél FÍ til Eyja sem lenti þar í gærmorgun.

Fulltrúar í bæjarstjórn tóku á móti flugvélinni:

# Flug til Vestmannaeyja hafið að nýju

**SAMGÖNGUR** Fjölmargir mættu til þess að vera viðstaddir athöfn sem fram fór í flugstöðinni á Vestmannaeyjaflugvelli í tilefni þess að Flugfélag Íslands hóf áætlunarflug þangað í gær. Við athöfnina tóku fulltrúar í bæjarstjórn Vestmannaeyja á móti forsvarsmönnum FÍ.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, og Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri FÍ, undirrituðu við þetta tilefni samning um að vinna að því í sameiningu að fjölga ferðamönnum til Vestmannaeyja.

Flugleiðin á milli lands og Eyja er nú ríkisstyrkt og samningurinn á milli FÍ og ríkisins er til tíu mánaða. - hs

# Afsögn annars ráðherra

**Menningarmálaráðherrann í tíu daga gamalli ríkisstjórn Svíþjóðar sagði af sér í gær. Viðskiptaráðherrann sagði af sér á laugardag. Báðir úr Hægriflokknum.**

**SVÍÞJÓÐ** Sænski menningarmálaráðherrann Cecilia Stegö Chilo sagði af sér í gær, í kjölfar þess að hafa viðurkennt að hafa ekki greitt afnotagjöld ríkissjónvarpsins í sextán ár og að hafa borgað svart fyrir hreingerningar heima hjá sér. Hún varð þar með annar ráðherrann sem hrekst úr embætti frá því samsteypustjórn borgaralegu flokkanna tók við völdum fyrir tíu dögum.



**CECILIA STEGÖ CHILO**



**MARIA BORELIUS**

Viðskiptaráðherrann Maria Borelius sagði af sér á laugardag vegna hliðstæðra ásakana.

Stjórnmálaskýrendur segja það aldrei hafa gerst áður í sænskri stjórnmálasögu að tveir ráðherrar hrykkju úr skaftinu svo fljótt eftir valdatöku ríkisstjórnar. En enginn vænti þess þó að hneykslismál þau sem leiddu til afsagnanna yrðu banabiti ríkisstjórnarinnar í heild.

„Ég er að sjálfsögðu mjög döpur yfir því að þurfa að fara úr hinu verðandi menningarmálaráðuneyti eftir svo stuttan tíma,“ sagði Stegö Chilo í skriflegri yfirlýsingu í gær. Á undan var gengin óvægin gagnrýni á ráðherrann í fjölmiðlum fyrir að hafa komið sér undan því að greiða afnotagjöldin af ríkissjónvarpinu í 16 ár, en þau eru um 1500 sænskar krónur á ári eða um 14.000 íslenskar. Sem menningarráðherra var Stegö Chilo yfirmaður ríkisljósvakamiðlanna.

Sænskir borgarar greiða hæstu skatta í heimi og hafa því lítið umburðarlyndi gagnvart ráðamönnum sem ekki sýna fyrirmyndarhegðun sem skattgreiðendur.

Eftir afsagnirnar tvær þykir hafa hitnað undir Tobias Billström, ráðherra innflytjendamála, en hann hefur einnig viðurkennt að hafa ekki greitt afnotagjöldin í mörg ár.

Forsætisráðherrann Fredrik Reinfeldt sagði á laugardag að afsögn Borelius myndi ekki hafa nein teljandi áhrif á ríkisstjórnina. Hann lét ekki hafa neitt eftir sér í gær um afsögn Stegö Chilo.

Bæði Borelius og Stegö Chilo sátu í stjórninni fyrir hönd Hægriflokksins, sem Reinfeldt fer fyrir. Það gerir Billström einnig. Helmingur ráðherranna eru úr Hægriflokknum.

audunn@frettabladid.is








**NORTHERN LIGHT INN** Eigendur vilja Losna við vinnubúðir úr sjónlínu.

Gert að flytja vinnugáma í Svartsengi:

# Trufla stemningu Hótel Norðurljósa

**UMHVERFISMÁL** Vinnugámar sem settir hafa verið upp vegna vinnu við Orkuver 6 í Svartsengi verður að flytja annað vegna þess að þeir hafa óheppileg áhrif á rekstur hótelsins Northern Light Inn - Hótels Norðurljósa. Fellst skipulags- og byggingarnefnd Grindavíkurbæjar á það með forsvaramönnum hótelsins að flytja þurfi gámana frá lóðamörkum og úr sjónlínu við hótelið.

Bæjarverkfræðingur á að finna nýjan stað fyrir vinnubúðirnar á iðnaðarsvæði Hitaveitu Suðurnesja. - gar

Sætti sig ekki við lágmarkslaun:

# Rændi banka og bað um fangelsi

**BANDARÍKIN** Maður á sextugsaldri í Ohio-ríki greip til nýstárlegs ráðs til að komast af þar til hann getur innheimt eftirlaun sín eftir nokkur ár. Hann gerði sér lítið fyrir og rændi banka. Hann rétti síðan öryggisverði í bankanum ránsfenginn og saman biðu þeir eftir lögreglunni.

Fyrir rétti bað hann dómarann um þriggja ára fangelsisvist, sem dómarinn samþykkti. Fréttastofan CNN greindi frá þessu.

„Fólk á mínum aldri þarf að lifa á lágmarkslaunum,“ sagði maðurinn við dómarann. „Það ríkir aldursmismunun í þessu landi.“ **- sþs**

Úttekt Neytendastofu á raflögnum og rafbúnaði á íslenskum verkstæðum:

# Rafmagnsöryggi ábótavant

**NEYTENDAMÁL** Raflögnum og rafbúnaði á íslenskum verkstæðum er í mörgum tilfellum ábótavant samkvæmt úttekt Neytendastofu.

Athugasemdir sem fram komu við skoðun voru flokkaðar í þrjá áhættuflokka eftir vægi. Í þriðja flokk, sem er alvarlegasti áhættuflokkurinn, féllu athugasemdir um alvarlegt frávik frá öryggisákvæðum sem er talið valda bráðri snerti- og brunahættu. Skoðuð voru 408 verkstæði og í 259 þeirra komu fram athugasemdir sem féllu undir þriðja flokk. Engin skoðun var án athugasemda.

Voru gerðar athugasemdir við merkingu búnaðar í rafmagnstöflum á nær öllum verkstæðum sem skoðuð voru eða í 91 prósent tilvika. Athugasemdir við frágang töfluskápa voru gerðar í 75 prósentum tilvika og tengla í 72 prósentum.

Meðal helstu orsaka rafmagnsbruna eru gamall og bilaður rafbúnaður og aðgæsluleysi forráðamanna. Er því afar mikilvægt að rafbúnaður á verkstæðum sé ávallt valinn með tilliti til staðsetningar og notkunar, að því er segir í skýrslu Neytendastofu.

Ábyrgð á öllu því sem lýtur að rafmagnsöryggi hvílir almennt á eiganda atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. **- sdg**



**RAFMAGN** Skýrslu Neytendastofu um ástand raflagna á verkstæðum verður dreift til allra umráðamanna verkstæða í landinu og til löggiltra rafverktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framfærslukostnaður heimila:

# Neysluviðmið fyrir Ísland

**STJÓRNSÝSLA** Opinber viðmið um áætlaðan framfærslukostnað heimila hafa verið tekin upp víða erlendis, til dæmis á Norðurlöndunum, Bandaríkjunum og víðar. Starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins, sem athugaði kosti og galla þess að semja neysluviðmið fyrir Ísland, segir það vel framkvæmanlegt hér á landi.

-Starfshópurinn leggur til að sérfróðum og hlutlausum aðila, svo sem rannsóknarstofnun á háskólastigi, verði falið að vinna neysluviðmið í samstarfi við Hagstofu Íslands. Forræði málsins og önnur umsjón með birtingu verði í höndum Neytendastofu. **- sdg**



**ÁRNI M. MATHIESEN** Með frumvarpinu vilja stjórnvöld mæta áhrifum hækkunar fasteignaverðs á vaxtabætur.

Vaxtabætur endurmetnar:

# Hækkaðar um 200 milljónir

**ALÞINGI** Vaxtabætur hækka samanlagt um 200 milljónir króna á árinu 2006 frá því sem ráðgert var að verja til þeirra samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins. Nema þær því 5,3 milljörðum króna.

Í nýju frumvarpi ríkisstjórnarinnar er lágmark viðmiðunar hækkað um 25 prósent en þannig vilja stjórnvöld mæta áhrifum hækkunar fasteignaverðs á vaxtabætur.

Þrátt fyrir að fasteignamat hafi hækkað mismikið eftir landshlutum ákvað ríkisstjórnin að hækka viðmið vegna vaxtabóta í samræmi við meðaltalshækkun fasteignamatsins. **- bþs**

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins

# Gefur kost á sér í sjötta sætið

**STJÓRNMÁL** Steinunn Guðnadóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, gefur kost á sér í 6. sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.



**STEINUNN GUÐNADÓTTIR**

Steinunn starfar sem íþróttakennari við endurhæfingardeild Hrafnistu í Hafnarfirði ásamt því að vera í meistaranámi í mennta- og menningarstjórnun við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Steinunn hefur sinnt ýmsum störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Hafnarfjarðarbæ og var meðal annars bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á árunum 1998-2006 og formaður skólanefndar Hafnarfjarðar 1998-2002. **- hs**

Tveggja rjúpnaskytta leitað:

# Fundust kaldir en heilir á húfi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn frá Borgarnesi og Búðardal ásamt björgunarsveitum leituðu að tveimur rjúpnaskyttum við Bröttubrekku á sunnudagskvöld.

Mennirnir, sem höfðu orðið viðskila, komu í leitirnar á svipuðum tíma að sögn lögreglunnar í Borgarnesi. Annar þeirra fannst um níuleytið og hafði hinn þá komist sjálfur á bóndabæ. Voru mennirnir kaldir en heilir á húfi. **- sdg**





„Mér finnst mjög gott að vera krakki í Fjarðabyggð, eiginlega alveg frábært.“

Í Fjarðabyggð er lögð mikil áhersla á fjölskylduna og það að búa vel að börnum. Metnaðarfull skólastefna og uppbygging í tómstunda- og íþróttamálum leggur grunninn að enn betra samfélagi.

**Fjarðabyggð** er fjölbreytt bæjarfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði fólks.
Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað    fjardabyggd.is

Mjóifjörður · Neskaupstaður · Eskifjörður · Reyðarfjörður · Fáskrúðsfjörður · Stöðvarfjörður

# Höldum óhreinindum á mottunni
Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfið innandyra verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði í október 2006
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Tunglið RV6217





FÉLAGSVÍSINDADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS
30 ára

HÁTÍÐARFYRIRLESTUR:
# Starfsferill og samfélag



Dr. Mark Savickas prófessor flytur fyrirlesturinn „Starfsferill og samfélag“ (Career and society) í dag þriðjudaginn 17. október kl. 16:00, í Hátíðarsal Háskóla Íslands í aðalbyggingu skólans. Dr. Mark Savickas er áhrifamikill fræðimaður á sviði starfsþróunarfræða og sálarfræði starfs, en fræðin fjalla um síbreytilegan vinnumarkað og það hvernig starfsferill fólks þróast og tekur breytingum. Dr. Savickas er í hópi fremstu fræðimanna á þessu sviði í heiminum í dag og hefur verið leiðandi í nýsköpun á fræðasviðinu. Dr. Mark Savickas kemur hingað í tilefni af 30 ára afmæli Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Í DAG ÞRIÐJUDAG KL. 16:00

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands

HORN / Haukur 2508




Framkvæmdasjóður aldraðra:
# Tekjurnar hækka um 62 milljónir

**SKATTAR** Gjöld skattgreiðenda í Framkvæmdasjóð aldraðra hækka um 239 krónur á næsta ári, úr 6.075 í 6.314 krónur. Er hækkunin í samræmi við hækkun byggingavísitölunnar.

Við breytinguna hækka framlög til Framkvæmdasjóðsins um 62 milljónir króna og verða tekjur hans tæplega 1,1 milljarður króna á árinu.

Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að verja meiri peningum úr sjóðnum en áður til framkvæmda við hjúkrunarheimili og draga um leið úr framlögum hans til reksturs þeirra. **- bþs**



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðisráðherra fer með málefni Framkvæmdasjóðs aldraða.



**MILLI FORSÆTISRÁÐHERRANS OG EIGINKONU SINNAR** Moshe Katsav, forseti Ísraels, tók á sunnudaginn þátt í opinberri athöfn, sem haldin var í tilefni þess að hornstein var lagður að fornleifafræðibyggingu í Jerúsalem. Hann situr þarna á milli Ehuds Olmert forsætisráðherra og eiginkonu sinnar, Gilu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Katsav kom ekki til þings

**Lögreglan í Ísrael hefur lokið rannsókn á meintum kynferðisbrotum forseta landsins og mælir með því að formleg ákæra verði gefin út á hendur honum.**

**JERÚSALEM, AP** Moshe Katsav, forseti Ísraels, lét í gær undan miklum þrýstingi og ákvað að mæta ekki við setningu ísraelska þjóðþingsins. Katsav á yfir höfði sér ákærur fyrir nauðgun og annað kynferðislegt ofbeldi á hendur fimm konum, ásamt ákærum fyrir að hafa stundað fjársvik og ólöglegar hleranir.

Lögreglurannsókn á ásökunum á hendur Katsav lauk á sunnudaginn með því að lögreglan taldi sig hafa sannanir fyrir því að forsetinn hefði gerst sekur um fyrrnefnd ákæruatriði. Lögreglan mælti með því að hann yrði ákærður, en Meni Mazuz ríkissaksóknari þarf á næstu vikum að taka ákvörðun um það hvort ákæra verður lögð fram.

Katsav nýtur friðhelgi sem forseti landsins og því verður ekki hægt að draga hann fyrir dóm meðan hann situr í embættinu. Kröfur um að Katsav segi af sér hafa orðið æ háværari, en hann hefur jafnan sagst ætla að sitja þar til sjö ára kjörtímabil hans rennur út á næsta ári. Lögmaður hans, Zion Amir, segir þó að formleg ákæra geti sett strik í þann reikning. Og sitji Katsav sem fastast þrátt fyrir ákæru þykja líkur til þess að þingið samþykki að svipta hann embættinu.

Lögreglurannsóknin er byggð á kærum frá konum sem störfuðu hjá Katsav. Að sögn ísraelskra fjölmiðla er rannsóknin byggð á framburði fimm kvenna sem segja hann hafa áreitt sig kynferðislega á meðan hann hefur gegnt forsetaembættinu, eða áður, meðan hann var ráðherra. Framburður fimm annarra kvenna var ekki notaður þar sem brotin sem þær ásaka hann um eru fyrnd.

Katsav hefur þótt heldur litlaus stjórnmálamaður, og hingað til einnig talinn flekklaus. Hann heldur statt og stöðugt fram sakleysi sínu. Ásakanirnar séu liður í samsæri á hendur sér af hálfu andstæðinga sinna.

„Við efumst ekkert um sakleysi hans,“ segir bróðir hans, Lior Katsav. „Við vitum að hann er hafður fyrir rangri sök og ásakaður um hluti sem ekki hafa átt sér stað.“

Ákærur á hendur Katsav hafa væntanlega lítil áhrif á stjórnmál í Ísrael, þar sem forsetaembættið er fyrst og fremst táknræn staða. Meðal mikilvægustu embættisverka forsetans er að setja þingið, en í gær tók Dalia Itzik þingforseti að sér að stjórna þingsetningunni í fjarveru forsetans. **gudsteinn@frettabladid.is**




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32523 10/2006

SKILGREINING Á VALKVÍÐA:
ICELAND AIRWAVES. YFIR 180 GIGG.

Farðu á www.icelandair.is/airwaves, halaðu niður podcast og hlustaðu á leiðsögn þriggja tónlistarmanna um tónlistarhátíðina. Leyfðu Bóasi úr Reykjavík!, Mr. Silla og Úlfi úr Apparat Organ Quartet að leiða þig um hátíðina. Þá verður valið kannski auðveldara.

PODCAST TÓNLIST

+ Farðu á www.icelandair.is/airwaves fyrir auðveldara líf
Icelandair er aðal styrktaraðili Airwaves tónlistarhátíðarinnar.

WWW.ICELANDAIR.IS

www.icelandexpress.is



Alicante
Berlín
Frankfurt Hahn

# 8.900 kr.

London
Kaupmannahöfn

**FERÐATÍMABIL:**
**17. OKT.–30. NÓV.**

**SALA HEFST Í DAG KL. 12:00 OG LÝKUR Á FÖSTUDAG KL. 12:00**

# ÚTKALL!

## Bjóðum 20.000 flugsæti í október og nóvember á 8.900 kr. aðra leið með sköttum!



**Barnaverð**
5.995 kr. aðra leið með sköttum

Viltu betra veður? Skella þér á októberfest? Gera jólainnkaupin tímanlega í útlöndum? Eða bara einfaldlega slaka á í útlöndum og njóta lífsins?

Iceland Express hefur ákveðið að koma til móts við alla þá sem vilja skreppa út í heim og býður 20.000 flugsæti í október og nóvember á lægra verði, aðeins 8.900 kr. aðra leiðina með sköttum. Um er að ræða valdar dagsetningar til og frá Íslandi og hefst sala miða í dag kl. 12:00. Sölu lýkur á föstudaginn kl. 12:00. Takmarkað sætaframboð.

**Þú bókar á www.icelandexpress.is – Fyrstur bókar, fyrstur fær!**

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA FI18659



**BALKANSKAGALEIÐTOGAFUNDUR** Filip Vujanovic, forseti Svartfjallalands, snertir Evrópufána á blaðamannafundi við lok leiðtogafundar ríkja Suðaustur-Evrópu í Karadjordjevo í Serbíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heilbrigðisráðherra um fjárhagsvanda Landspítalans:

# Spítalinn fær aukið fjármagn

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórnvöld hafa ákveðið að hækka framlög til Landspítala - háskólasjúkrahúss um 189 milljónir, að sögn Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra. Þar af fara 124,5 milljónir í rekstur spítalans og 65 milljónum verður varið til nýbyggingar barna- og unglingageðdeildar LSH.

Rekstrarspá sem stjórnarnefnd spítalans lét vinna gerir ráð fyrir að halli hans verði allt að tólf hundruð milljónir króna í árslok, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Ráðherra segir stjórnvöld ekki með neinar áætlanir uppi um flutning á verkefnum frá sjúkrahúsinu, eins og Ásta Möller, varaformaður heilbrigðisnefndar Alþingis, setti fram í samtali við blaðið. Hins vegar sé í stöðugri athugun hvaða verkefni sé rétt að hafa innan veggja þess, og hver ekki.

„Landspítali - háskólasjúkrahús er flaggskip í okkar sjúkrahúsþjónustu. Þar eru erfiðustu og viðkvæmustu sjúkdómarnir meðhöndlaðir og þetta er okkar sérgreinasjúkrahús, sem veltir 31,5 milljarði á ári,“ segir Siv. „Við erum nú með til athugunar ásamt fjármálaráðuneytinu halla sjúkrahússins. Þá eru ráðuneytin að líta til fjárlaga næsta árs.“ - jss



**LANDSPÍTALINN** Aukið fjármagn til uppbyggingar BUGL og ýmissa rekstrarþátta.

Framkvæmdir við Sæbraut:

## Umferðartafir í mánuð í viðbót

**UMFERÐ** Búast má við að umferðartöfum vegna færslu Sæbrautar ljúki eftir þrjár til fjórar vikur að því er kemur fram á vef Reykjavíkurborgar.

Framkvæmdir hafa staðið yfir síðan í vor og er núna unnið að breytingu á gatnamótum Sæbrautar við Sundagarða/Dalbraut. Má búast við töfum vegna þrenginga og umferðarstýringar þar næstu þrjár vikur.

Samhliða þessum framkvæmdum verður unnið að byggingu hljóðveggjar við Kleppsveg og að stígagerð á framkvæmdasvæðinu út nóvember. - sdg

Heilsugæsla í Grindavík:

## Biðtími eftir lækni þrír til fjórir dagar

**HEILSUGÆSLA** „Óviðunandi ástand hefur verið í læknamálum og er biðtími eftir lækni allt að þrír til fjórir dagar,“ segja fulltrúar bæjarstjórnar Grindavíkur sem fundað hafa með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins vegna heilsugæslu í bænum og um málefni aldraðra.

„Ráðuneytið lofar að kynna sér málið og leggja bænum lið um úrbætur,“ segja Grindvíkingar á heimasíðu bæjarins.

Fram kemur að á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð dvelji nú um 25 vistmenn og sex manns bíði eftir vistun. Lögð er áhersla á að tryggja framtíð heimilisins. - gar

Björgvin G. Sigurðsson:

## Samræmdum prófum hætt

**ALÞINGI Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, vill leggja niður samræmd lokapróf í grunnskólum og hefur lagt fram frumvarp þess efnis.**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

**Björgvin segir prófin úrelt og valda meira tjóni en gera gagn. „Þau valda gífurlegri miðstýringu þar sem allt miðast við fáar bóklegar greinar en þau mæla ekki það sem verðmætast er eins og til dæmis færni í mannlegum samskiptum. Að auki búa þau til tapara þar sem allir eiga að koma út sem sigurvegarar,“ segir Björgvin og telur betri leiðir til til að mæla árangur skólabarna.** - bþs



**SÉRSVEIT RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA Á ÆFINGUNNI** Sérsveitin var tæpar sex mínútur að klára verkefni sitt í byrgi á æfingasvæði sérsveitar ríkislögreglustjóra í gær. Þyrla bandaríska hersins flutti sérsveitarmenn á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tækni- og verkfræðideild

Áhættumat og áhættustjórnun fyrir vátryggingar

**Dr. Hjörtur Þráinsson** heldur fyrirlestur um áhættumat og áhættustjórnun fyrir vátryggingar í **Háskólanum í Reykjavík**, stofu K5 í Kringlunni 1, **miðvikudaginn 18. október** frá kl. 16:00 til 17:00.

**Allir velkomnir.**

Frá því í nóvember 2005 hefur Hjörtur starfað hjá Münchener Rück, einu stærsta endurtryggingarfyrirtæki heims. Þar ber hann ábyrgð á tryggingarlegu áhættumati og áhættustjórnun með tilliti til hvers kyns hamfara hvar sem er í heiminum. Áður hafði Hjörtur starfað í fimm ár sem deildarstjóri í Catastrophe Risk Management hjá American Re-Insurance Company, dótturfyrirtæki Münchener Rück í Bandaríkjunum.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2 • KRINGLAN 1 • HÖFÐABAKKA 9
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

ráðgjöf TRIVIUM

# Sérsveitin æfði með áhöfn USS WASP

**Sérsveit ríkislögreglustjóra æfði í gær með áhöfn bandaríska herskipsins USS Wasp. Þyrla Bandaríkjahers flutti sérsveitina, ásamt sprengjusérfræðingum, til og frá æfingasvæði í Hvalfirði. Gekk vel, sagði aðstoðaryfirlögregluþjónn.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra, ásamt tveimur sprengjusérfræðingum, tókst að ljúka verkefni sínu á æfingasvæði sérsveitarinnar í Hvalfirði án vandræða. Æfingin fór fram í hávaðaroki en að sögn Guðmundar Ómars Þráinssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá embætti Ríkislögreglustjóra gekk æfingin vel. „Tilgangur æfingarinnar var að æfa sérsveitina með þyrlunni. Við settum æfinguna upp þannig að sérsveitin, ásamt sprengjusérfræðingum, þyrfti að bregðast við upplýsingum sem áttu að hafa borist til lögreglu. Æfingin gekk nánast hnökralaust, en það er mikilvægt fyrir sveitina að geta æft við þessar aðstæður.“

Tveir sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar voru með sérsveitinni og tókst þeim að nota sprengjueyðingartæki, eins konar vatnsbyssu, til þess að gera sprengjuna óvirka.

Sigurður Ásgrímsson, sprengjusérfræðingur hjá Landhelgisgæslunni, fylgdist með lærisveinum sínum gera sprengjuna óvirka inni í byrgi sem búið var til úr gámum. „Þegar það eru gerð áhlaup á hús, þar sem grunur leikur á að sé verið að búa til sprengju, þá eru sprengjusérfræðingar hafðir með í för til þess að eyða sprengjunni og þar með mikilli hættu,“ sagði Sigurður áður en hann hrósaði sérsveitinni og sprengjusérfræðingunum fyrir að standa vel að verki. „Sprengjan í þessari æfingu var tímasprengja sem átti að springa á fyrirfram ákveðnum tíma, auk þess átti hún að springa ef hún yrði hreyfð. Sprengjusérfræðingarnir meðhöndluðu þetta vel og tókst að gera hana óvirka með fagmannlegum hætti.“ magnush@frettabladid.is



**SIGURÐUR ÁSGRÍMSSON** Sigurður sést hér halda á sprengju sem sprengjusérfræðingum tókst að gera óvirka með tæknibúnaði sínum. Sprengjan er á stærð við vindlakassa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUÐMUNDUR ÓMAR ÞRÁINSSON** Aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti Ríkislögreglustjóra var ánægður með æfinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### VERKEFNI SÉRSVEITARINNAR Á ÆFINGUNNI

- Sjö liðsmenn sérsveitarinnar eru kallaðir út eftir að upplýsingar berast um að meintir hryðjuverkamenn séu að búa til sprengju sem þeir ætli að nota á Íslandi.
- Þyrla Bandaríkjahers flytur mennina að æfingasvæði sérsveitarinnar í Hvalfirði, þar sem sprengjan er inni í þar til gerðu byrgi.
- Sérsveitarmenn, ásamt sprengjusérfræðingum frá Landhelgisgæslunni, færa sig hröðum skrefum að byrginu, sem búið er til úr gámum. Hluti mannanna fer á bak við byrgið en hinn hlutinn kemur að byrginu þar sem inngangurinn er. Þetta er gert til þess að ná betri stjórn á aðstæðum ef eitthvað óvænt kemur upp.
- Sprengjusérfræðingur Landhelgisgæslunnar gerir sprengjuna sem er inni í byrginu óvirka með þar til gerðri vatnsbyssu.
- Sérsveitarmennirnir ná stjórn á byrginu með snöggu áhlaupi.
- Æfingunni lokið. Frá því þyrlan lenti við æfingasvæði hersins, tókst sérsveitinni að ná markmiði sínu á tæpum sex mínútum.

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 4 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 48 bílar í 4 daga
## Komdu strax

Opið frá kl. 9 - 18

Tökum notaðan uppí notaðan

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




Renault Megane Scenic 1,6 beinsk. skrd. 02/2000 ek: 136.000 km.
~~Verð 790.000 kr.~~ Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.
10.715 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PB-189.




Hyundai Elantra 1,6 beinsk. skrd. 03/2001 ek: 78.000 km.
~~Verð 750.000 kr.~~ Tilboðsverð 650.000 kr. Útborgun 65.000 kr.
13.297 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. JE-230.




Nissan Micra 1,2 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 49.000 km.
Verð ~~1.070.000 kr.~~ Tilboðsverð 799.000 kr. Útborgun 79.900 kr.
14.601 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. PG-641.




Ford Mondeo Ghia 2,0 beinsk. skrd. 10/1999 ek: 122.000 km.
~~Verð 790.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
14.984 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PR-142.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




Ford Fiesta Trend 1,6 beinsk. skrd. 07/2005 ek: 25.000 km.
Verð ~~1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.280.000 kr. Útborgun 128.000 kr.
17.926 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AD-964.




Daewoo Lanos 1,6 sjálfsk. skrd. 02/2003 ek: 39.000 km.
~~Verð 720.000 kr.~~ Tilboðsverð 590.000 kr. Útborgun 59.000 kr.
17.945 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PR-226.




Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 04/2004 ek: 72.000 km.
Verð ~~1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.
18.115 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MO-014.




Ford Mondeo Trend 2,0 beinsk. skrd. 06/2003 ek: 79.000 km.
Verð ~~1.550.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.420.000 kr. Útborgun 142.000 kr.
19.888 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BA-627.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




Volvo S40 SE Line 2,0 beinsk. skrd. 10/2002 ek: 68.000 km.
Verð ~~1.640.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
23.600 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LO-136.




Peugeot 406 1,6 beinsk. skrd. 05/1997 ek: 120.000 km.
~~Verð 440.000 kr.~~ Tilboðsverð 290.000 kr. Útborgun 29.000 kr.
23.672 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 12 mánuði. PK-299.




Land Rover Freelander 1,8 beinsk. skrd. 12/2001 ek: 56.000 km.
~~Verð 1.420.000~~ kr. Tilboðsverð 1.290.000 kr. Útborgun 129.000 kr.
23.752 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. KK-843.




VW Passat 1,6 beinsk. skrd. 07/1998 ek: 99.000 km.
Verð ~~690.000 kr.~~ Tilboðsverð 550.000 kr. Útborgun 55.000 kr.
23.806 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. TO-965.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði




Hyundai H-1 2,4 beinsk. skrd. 06/2001 ek: 75.000 km.
Verð ~~1.590.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.450.000 kr. Útborgun 145.000 kr.
26.698 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. NJ-830.




Suzuki Grand Vitara XL 2,8 sjálfsk. skrd. 08/2001 ek: 88.000 km.
Verð ~~1.720.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
27.434 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. RV-587.




MMC Pajero Sport 2,9 sjálfsk. skrd. 07/2005 ek: 20.000 km.
Verð ~~3.250.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.990.000 kr. Útborgun 299.000 kr.
41.991 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PA-417.




Ford Expediton Eddie Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 56.000 km.
~~Verð 4.870.000~~ kr. Tilboðsverð 4.590.000 kr. Útborgun 459.000 kr.
64.460 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NX-744.

**Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.**
**Fislétt kaup. Aðeins í 4 daga.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

## „ORÐRÉTT“

### *Er það ekki nóg?*

**„Að hverju er stefnt með þessum framkvæmdum umfram að búa til álver og græða peninga?“**

KJARTAN ÓLAFSSON, LEKTOR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI, UM SAMFÉLAGSÁHRIF AF STÓRIÐJU- OG VIRKJUNARFRAMKVÆMDUM Á AUSTURLANDI.

**Morgunblaðið 16. október.**

### *Mannleg náttúra*

**„Mannleg náttúra er nú einu sinni þannig að flest er hægt að þola nema velgengni annarra.“**

ÞRÁINN BERTELSSON Í BAKÞÖNKUM.

**Fréttablaðið 16. október.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGÓLFUR TJÖRVI EINARSSON VERSLUNAREIGANDI

## *Leitar að góðum kaupanda*

„Það er svo sem allt gott að frétta þótt ég hafi verið lokaður hér inni í búðinni meira og minna síðustu vikur vegna holræsaframkvæmda í götunni,“ segir Ingólfur Tjörvi Einarsson í gæludýraversluninni Furðufuglar og fylgifiskar í Bleikargróf. „Það er búið að vera hér allt sundurgrafið. Þeir sögðu að þetta myndi taka sólarhring en nú er liðinn hálfur mánuður síðan bíll komst síðast að versluninni. Verslunin hefur örugglega minnkað um helming síðan þetta byrjaði og það eru bara þeir trúföstustu sem labba hér yfir holt og hæðir. Það eru ábyggilega 200 metrar sem fólk þarf að klöngrast. Það er ekki hægt að taka ruslið svo þetta er vandræðaástand.“



Ingólfur Tjörvi segir að innflutningur á fuglum sé nú að komast í samt lagt en sá innflutningur stöðvaðist í átta mánuði vegna hræðslu við fuglaflensu. „Við í bransanum köllum það nú fjölmiðlaflensuna,“ segir Ingólfur. Hann hefur verið að minnka við sig að undanförnu. „Já, ég er nú eiginlega bara að leita að góðum kaupanda. Maður er mikið bundinn yfir þessu og mig langar til að eiga meiri tíma fyrir sjálfan mig og fjölskylduna. Ég hætti þó aldrei að helga mig dýrunum. Verð örugglega með ráðgjöf fyrir fuglaeigendur og held áfram uppi öflugri heimasíðu. Heimasíðan okkar (www.tjorvar.is) er mikið heimsótt, tvær milljónir flettinga síðan í apríl og 5600 manns skráðir á spjallþræðinum.“

## SVANGUR?

### SJÖ KÍLÓA HAMBORGARI

■ Stærsti hamborgari heims fæst á Denny's Beer Barrel pöbbnum í Fíladelfíu. Í allt er borgarinn sjö kíló, þar af er kjötið fimm kíló. Brauðið er sautján tommur en á milli eru 25 ostsneiðar, heill kálhaus, þrír tómatar, tveir laukar og sósur í stríðum straumum. Sá fyrsti til að klára borgarann heitir Robert og fékk að launum bol og verðlaunaplagg. Hann þurfti ekki að borga fyrir hamborgarann og sparaði sér 49,95 dali þar.



## SJÓNARHÓLL

HLERANIR

### *Spilin á borðið*



**HRAFN JÖKULSSON**
Skákfrömuður.

„Allt er þetta mál hið reyfaralegasta,“ segir Hrafn Jökulsson um stóra hlerunarmálið sem nú er allsráðandi í umræðunni. „Á Íslandi virðist hafa starfað leynilegasta leyniþjónusta heims, svo leynileg að ráðherrar og þingmenn vissu ekki af tilvist hennar, þaðan af síður þjóðin. Yfirmaður þessarar leyniþjónustu virðist hafa verið Sigurjón Sigurðsson, sem var eini íslenski nasistinn sem náði kjöri í kosningum af einhverju tagi; til stúdentaráðs Háskóla Íslands meðan Hitler réð ríkjum í Þýskalandi. Nú eru sem betur fer allir sammála um að upplýsa eigi um starf þessarar leyniþjónustu og símahleranir í pólitískum tilgangi, sem virðast hafa staðið a.m.k. fram undir aldamótin 2000. Þá verða menn að leggja spilin á borðið, líka Jón Baldvin og Árni Páll Árnason sem staðhæfa að innlendir aðilar hafi hlerað síma þeirra í utanríkisráðuneytinu.“

# Sætara að verja titil en að sækja

**Íslendingar eiga nú heimsmeistara í kraftlyftingum öldunga í annað sinn því hinn 47 ára gamli Jón Gunnarsson, oftast kallaður Jón bóndi, gerði sér lítið fyrir og varði heimsmeistaratitilinn í Texas í byrjun október. Jón keppti í -90 kílóa flokki í aldursflokknum 40-49 ára og lyfti samanlagt 805 kílóum í hnébeygju, réttstöðulyftu og bekkpressu.**

„Þetta var mjög tæpt því sá sem varð í öðru sæti lyfti samtals bara 5 kílóum minna en ég,“ segir Jón. „Það er ólýsanleg tilfinning að verða heimsmeistari. Ég er alveg hrikalega sáttur. Þegar maður stendur með stöngina og veit að maður er orðinn heimsmeistari ... ja, það er eiginlega ekki hægt að biðja um meira þann daginn!“

Jón, sem starfar sem einkaþjálfari hjá Gym 80, varð heimsmeistari í fyrsta skipti í fyrra þegar hann keppti á heimsmeistaramóti öldunga í Suður Afríku. „Það er þó miklu sætara að verja titilinn heldur en að sækja hann,“ segir Jón. „Ég er samt ekki viss um að ég keppi í þriðja sinn. Ég segi að ég sé hættur en fólk í kringum mig segir að það sé ekki allt fyrr en þrennt er. Það verður alltaf erfiðara og erfiðara að tjúna sig upp fyrir svona mót. Það verður svo rosaleg tæming í hausnum á manni þegar titlinum er náð, það er eins og nál sé stungið í blöðru. En maður á aldrei að segja aldrei. Næsta heimsmeistarakeppni verður í Tékkóslóvakíu og það er aldrei að vita nema maður nái að tjúna sig upp þegar nær dregur.“

Jón segir að stuðningur áhorfenda skipti öllu máli. „Fólk heldur að þetta gerist allt inni í hausnum á manni, en svo er ekki. Ég þarf að hafa hrikalega geðveiki í kringum mig. Sem betur fer kom íslenskt klapplið með til Texas og argaði og gargaði þegar ég var að lyfta. Og ég argaði og gargaði líka. Það hafði ekki heyrst múkk í mörgum þarna á undan mér svo fólk hrökk í kút þegar lætin byrjuðu. En þá tók fólk við sér og byrjaði að hvetja mig líka.“

Keppt var í þremur aldursflokkum, 40-49, 50-59 og 60 ára og upp úr. „Ég var nú eini Íslendingurinn þarna. Menn hérna virðast vera ragir við að fara á svona mót, sem er slæmt því við eigum marga gamla góða sem gætu tekið vel á því. Þarna var til dæmis einn 73 ára og það var virkilega gaman að sjá svo gamlan mann í jafn góðu formi.“

Jón byrjaði að æfa fyrir rúmlega tuttugu árum þegar hann var 25 ára. „Ég fór nú bara fyrst að æfa vegna þess að mér fannst ég vera orðinn heldur bústinn um mittið og langaði til að grenna mig. En þarna voru menn eins og Úrsusinn sem dreif mig strax á stöngina og ég var kominn í mót eftir mánuð. Það greip mig strax gífurleg baktería og hún verður bara verri með árunum.“

Hvað með viðurnefnið Jón bóndi? „Það hafa allir viðurnefni í þessum bransa og það var búið að máta mörg á mig áður en þetta festist. Ég kem úr sveit og það var Skúli Óskarsson sem byrjaði að kalla mig þetta: Hey, þú ert nú alveg eins og bóndi, sagði hann við mig. Þetta er ekki verra en annað.“ **gunnarh@frettabladid.is**



**HEIMSMEISTARINN JÓN BÓNDI** Ólýsanleg tilfinning að verja heimsmeistartitilinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Stökktu til
Kanarí
26. október
frá kr. 39.990

Síðustu sætin - 20 nætur

kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna með 2 börn í íbúð. Innifalið flug, gisting í 20 nætur og skattar.

kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/íbúð/stúdíó. Innifalið flug, gisting í 20 nætur og skattar.

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina til Kanaríeyja í 20 nætur á frábæru verði. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


# Hvað yrði jörðin lengi að jafna sig af okkur?

Samkvæmt vísindamönnum varð jörðin til fyrir 4500 milljónum ára en fyrir fimm til sex milljónum ára kom fram tegund sem þróaðist til nútímamannsins. Fyrir sirka fimm þúsund árum kom svo siðmenningin fram. Við erum án efa áhrifamesta dýrategund sem jörðin hefur nokkru sinni alið. Á nokkur þúsund árum höfum við tekið þriðjung jarðarinnar undir borgirnar okkar og beitiland. Við notum um fjörutíu prósent af framleiðni jarðarinnar. Við skiljum mikið drasl eftir okkur og höfum raskað viðkvæmu jafnvæginu víða. Segjum sem svo að skæður faraldur myndi afmá mannkynið af jörðinni – eða til að vera jákvæðari: segjum sem svo að allir 6500 milljón jarðarbúar myndu flytja í skyndingu á fjarlæga en alveg frábæra plánetu. Hvað væri jörðin lengi að jafna sig af okkur? Græningjarnir á www.treehugger.com settu nýlega fram lista yfir það sem mun gerast þegar jörðin losnar við mannkynið af yfirborði sínu.

- SAMSTUNDIS: Flestar tegundir í útrýmingarhættu byrja að braggast.
- 3 MÁNUÐIR: Dregur úr loftmengun (köfnunarefnis- og brennisteinssýrur).
- INNAN 10 ÁRA: Metan í andrúmslofti horfið.
- INNAN 20 ÁRA: Dreifbýlisvegir og þorp þakin gróðri. Erfðabreyttar nytjajurtir horfnar.
- INNAN 50 ÁRA: Fiskistofnar endurheimta fyrri stærðir. Nítrat og fosfatmengun í ferskvatni horfin.
- 50-100 ÁR: Götur og byggingar í borgum þakin gróðri.
- 100 ÁR: Byggingar úr tré hrörnaðar.
- 100-200 ÁR: Brýr hrynja.
- INNAN 200 ÁRA: Málm og glerbyggingar hrynja. Ræktað land orðið órækt á ný.



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Hrunin eftir 250 ár án viðhalds.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- INNAN 250 ÁRA: Stíflur hrynja.
- INNAN 500 ÁRA: Kóralar endurnýja sig.
- 500-1000 ÁR: Ruslahaugar og landfyllingar eyddar.
- 1000 ÁR: Flestar steinsteyptar byggingar horfnar. Koltvísýringur í andrúmslofti orðinn sá sami og fyrir iðnbyltinguna.
- 50.000 ÁR: Gler og plast horfið.
- EFTIR 50.000 ÁR: Tími mannkynsins er helst sýnilegur á örfáum fornleifum. Mörg manngerð efni eyðast þó ekki fyrr en eftir tvö hundruð þúsund ár og kjarnorkuúrgangur getur verið banvænn í upp undir tvær milljónir ára.

Þar hefurðu það! Þar sem sólin deyr ekki út fyrr en eftir fimm milljón ár má reikna með að jörðin eigi 2-3 milljón „góð“ ár eftir þegar síðasti kjarnorkuúrgangurinn er orðinn skaðlaus. **- glh**



FORSALA HAFIN Á EINA STÆRSTU MYND ÁRSINS!
„Varðveit líf mitt
fyrir ógnum óvinarins"
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
VELJIÐ SÝNINGARTÍMA OG KVIKMYNDAHÚS SEM YKKUR HENTAR - TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA - FORÐIST BIÐRAÐIR.
SMÁRABÍÓ
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
SÝND Í LÚXUS 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
SÝND Í LÚXUS KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8- 10.10
SÝND Í LÚXUS KL. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10
ATH: UPPSELT Á SÝNINGAR MERKTAR RAUÐU
REGNBOGINN
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 6 - 8.30 - 10.30
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 3.40 - 6 - 8.30 - 10.30
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 3.40 - 6 - 8.30 - 10.30
ATH: UPPSELT Á SÝNINGAR MERKTAR RAUÐU
Borgarbíó
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 6 - 8 - 10 - 12
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10
BÍÓ
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
SELFOSS BÍÓ
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 6 - 8 - 10
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
Háskólabíó
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 5 - 7 - 9 - 11
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 3 - 5 - 7 - 9 - 11
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 3 - 5 - 7 - 9 - 11
KEFLAVÍK
SAMBÍÓIN
FÖSTUDAGUR 20. OKTÓBER
SÝND KL. 6 - 8 - 10
LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
SUNNUDAGUR 22. OKTÓBER
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10
ICELANDIC
Film Centre
olís
FRÉTTABLAÐIÐ
GLITNIR
20% AFSLÁTTUR FYRIR
VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG
PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER
MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

## Svona erum við

> Heildarinnlán í íslenskum bönkum í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** DEILUR GEORGÍU OG RÚSSLANDS

# *Búist við köldum vetri í Georgíu*

Mikil spenna ríkir enn í samskiptum Georgíu og Rússlands. Sumir óttast jafnvel að stríð kunni að brjótast út áður en langt líður, en í það minnsta reikna Georgíumenn með óvenju köldum vetri þar sem Rússar gætu átt það til að skrúfa fyrir gasið, sem notað er til upphitunar.

**Af hverju þessi gagnkvæma andúð?**
Samskipti Rússa og Georgíumanna hafa verið stirð allar götur frá því að Georgía sleit sig úr sambandi við Rússland eftir að Sovétríkin liðu undir lok. Georgíumenn kvarta undan ofríki og afskiptasemi Rússa, en Rússar kvarta aftur á móti undan því að Georgíumenn séu fullir þjóðrembu og hafi snúist gegn Rússlandi. Samskipti Rússlands og Georgíu hafa einnig litast mjög af því að tvö héruð í Georgíu, Abkasía og Suður-Ossetía, hafa barist fyrir sjálfstæði og njóta þess í raun þótt ekki sé það formlega viðurkennt. Bæði aðskilnaðarhéruðin telja Rússa bandamenn sína og margir íbúar þeirra vilja ganga í ríkjabandalag með Rússlandi.



**Hve náin eru tengslin?**
Íbúar Georgíu eru nú tæplega fimm milljónir, en um það bil ein milljón Georgíumanna býr í Rússlandi. Flestir þeirra eru farandverkamenn. Rússar innlimuðu Georgíu strax á 19. öld og hafa ráðið þar flestu sem þeir vilja ráða allar götur síðan. Georgía fékk reyndar sjálfstæði í fáein ár í kjölfar rússnesku byltingarinnar, en var síðan innlimuð í Sovétríkin árið 1921. En þegar Sovétríkin hrundu árið 1991 voru Georgíumenn ekki lengi að lýsa yfir sjálfstæði.

**Hvers vegna sauð upp úr?**
Fyrir fáeinum vikum sauð síðan upp úr eftir að fjórir Rússar, sem allir voru starfsmenn leyniþjónustu rússneska hersins, voru handteknir í Georgíu og sakaðir um njósnir. Rússar brugðust ókvæða við, slitu á öll tengsl milli ríkjanna, vísuðu fjölmörgum Georgíubúum úr landi og þótt Rússarnir fjórir hafi skömmu síðar fengið að fara til Rússlands virðast rússnesk stjórnvöld engan veginn ætla að taka Georgíu í sátt í bráð.

**SPURT & SVARAÐ**
AÐ BÚA Á HERSKIPI

## *Þekki ekki annað*



**SHAMEKA BUSH**
Liðsforingi í bandaríska sjóhernum.

Í síðustu viku kom til Íslands hið risavaxna bandaríska herskip USS-Wasp í vináttuheimsókn. Herskipið kom hingað beint frá Líbanon og um borð voru einir þrettán hundruð starfsmenn. Rúmlega helmingur þeirra er undir tvítugu. Ungfrú Shameka Bush er ungur liðsforingi frá Norður-Karólínu og varð fyrir svörum um lífið um borð.

**Hvernig líf er það að vera á svona herskipi?**
**Ég kann afar vel við það. Sérhver dagur ber eitthvað nýtt í skauti sér. Svo flytjum við líka á milli skipa á þriggja ára fresti þannig að það er sífelld fjölbreytni í þessu. Ég hef til dæmis bara verið á þessu skipi í sjö mánuði. Við erum sífellt að ferðast á nýja staði og gera nýja hluti og maður veit eiginlega aldrei hvað kemur næst.**
**Hvað værirðu að gera ef þú værir ekki hermaður?**
**Ég hef nú bara aldrei hugsað út í það! Kannski myndi ég gera eins og hún mamma mín og verða hjúkrunarkona, en ég hef nú verið í hernum í ellefu ár og þekki varla annað. Það má segja að herinn hafi „náð mér“. Ég er að minnsta kosti ákveðin í að vera hér til æviloka.**




# Þorskur á þurru landi

**Miklar vonir eru bundnar við að þorskeldi geti orðið mikilvæg atvinnugrein á norðurhveli jarðar. Forsenda þess er að þorskeldiskynbætur skili tilætluðum árangri. Kanadamenn stunda kynbótarannsóknir með það fyrir augum að verða stærsta þorskeldisþjóð heims á komandi árum.**

Þrjár þjóðir eru í fararbroddi í kynbótum eldisþorsks. Íslendingar, Norðmenn auk Kanadamanna. Norsk stjórnvöld höfðu frumkvæði að því árið 2002 að hefja kynbætur þorsks með því að hefja söfnun á efniviði til myndunar á grunnstofni. Það starf skilaði þeim árangri að árið 2005 var kynbættur stofn markaðssettur og er nú notaður af mörgum þorskeldismönnum í Noregi. Íslendingar hófust handa ári á eftir Norðmönnum. Fyrirtækið Icecod Ltd. hefur síðan 2003 veitt villtan hrygningarfisk í kringum landið til undaneldis og nú liggja fyrir fyrstu niðurstöður um kynbætur á íslenskum þorski. Kanadamenn hófu tilraunir árið 2001 en frá 2004 hefur verið unnið markvisst að kynbótum. Þar leggjast stjórnvöld, háskólar og hagsmunaaðilar í fiskeldi á eitt. Markmið þeirra er metnaðarfullt. Stefnt er á tugþúsunda tonna framleiðslu árið 2010 úr eðalþorskstofni sem nýta skal til að ná forystu í þorskeldi á heimsvísu.

### Kynbætur í Kanada

Á vegum Hafrannsóknastofnunar Kanada (DFO), með samvinnu Memorial háskólans í St. John´s á Nýfundnalandi og eldisfyrirtækja, er unnið að rannsóknar- og þróunarverkefni sem á að gera fyrirtæki á Atlantshafsströnd Kanada að stærstu þorskeldisframleiðendum í heimi. Verkefninu er ætlað að finna kynbættan grunnþorskstofn sem verður nýttur í framleiðslu á svæðinu á komandi árum. Veiddur var þorskur úr náttúrulegum stofnum til undaneldis til að mynda framtíðarklakstofn eða úrvalshóp.

Lynn Lush, verkefnisstjóri hjá DFO, segir að eitt aðalmarkmið verkefnisins sé að sjá hvaða aðferð sé best fallin til þess að fá úrvalseinstaklinga til áframeldis. „Við veljum hrygnu og hæng úr og setjum þau saman í lítinn tank. Ef þau hrygna þá tökum við hrognin og höldum þeim sér. Hér er um algjörlega náttúrulega hrygningu að ræða þar sem mannshöndin kemur ekki nærri. Við söfnum einnig hrognum með því að kreista eins og víðast hvar er gert og berum saman þessar tvær aðferðir til að sjá hvor skilar betri hrognum fyrir framtíðarframleiðslu þorskeldisfyrirtækjanna.“

Í byrjun verkefnisins var þorskurinn látinn hrygna í stærri tönkum og þá voru allt að fimmtíu fiskar í hverjum tanki. Þessi aðferð hefur verið reynd víðar en í Kanada en flestir fiskeldismenn, þar á meðal á Íslandi og í Noregi, hafa valið að safna hrognum og sviljum með því að kreista fiskinn. Sú aðferð er ekki eins tímafrek og því ekki eins kostnaðarsöm. Markmið þessa rannsóknarverkefnis, eins og allra fiskeldiskynbóta í heiminum, er að auka vöxt og lífsþrótt auk þess að seinka kynþroska.

### Hrun fiskveiðanna

Þegar fjallað er um þorskeldi í Kanada verður að minnast á þá sérstöðu sem þar er varðandi veiðar á villtum þorski. Frá árinu 1992 hefur verið í gildi svo til algjört veiðibann eftir að þorskstofnar við landið hrundu en sögulega hefur hvergi verið veitt meira af þorski en við strendur Kanada.

Ákvörðun kanadískra stjórnvalda varð þess valdandi að rúmlega þrjátíu þúsund sjómenn og fiskvinnslufólk misstu atvinnuna og enn þann dag í dag eru þetta mestu uppsagnir í kanadískri sögu. Áhrif veiðibannsins voru gríðarleg fyrir þau samfélög sem áttu allt sitt undir þorskveiðum. Nýfundnaland og Labrador urðu verst úti og hin fjölmörgu litlu fiskveiðisamfélög á austurströnd landsins, sem eru um átta hundruð talsins, eru ekki svipur hjá sjón.

Mikið atvinnuleysi er á þessu svæði og fimm til tíu þúsund manns flytja til annarra landshluta í Kanada á hverju ári í leit að vinnu. Flestir þeirra eiga aldrei afturkvæmt. Þorskeldi í Kanada á að stemma stigu við þessari þróun og styrkja þessi litlu samfélög.

### Framtíðarsýn

Kanadamenn voru fyrstir til að reyna þorskeldi rétt fyrir aldamótin 1900 í Trinity-flóa á Nýfundnalandi. Framtíðarsýnin er að árið 2010 verði framleidd um 33 þúsund tonn af eldisþorski og að seiðaframleiðslan verði tæpar tíu milljónir seiða. Ætlunin er að tuttugu þorskeldisstöðvar verði þá orðnar nægilega sterkar til að auka eldi til muna á komandi árum. Eftirspurn eftir þorski í Norður-Ameríku er mikil og eitt af sóknarfærunum telja Kanadamenn vera að selja lifandi þorsk á mörkuðum vestanhafs.



**EÐALÞORSKUR** Leitin að eðalþorskstofnum stendur nú yfir í mörgum löndum á norðurhveli jarðar. Framtíðarsýnin er þorskeldi í stórum stíl. Í Kanada á þorskeldið að veita hluta þess fólks atvinnu sem missti vinnuna við hrun þorskstofnsins fyrir rúmum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

## Forsendur kynbóta:

1. Myndun á grunnstofni við upphaf kynbóta með vali á einstaklingum úr náttúrulegum stofnum til undaneldis og prófun afkvæma í eldi sem síðar mynda framtíðarklakstofn (úrvalshóp).
2. Hægt sé að stjórna pörun hænga/hrygna, frjóvgun hrogna, klaki og viðhalda klakstofni.
3. Að ætterni hvers einstaklings í kynbótakerfi sé þekkt.
4. Hægt sé að mæla eiginleika sem á að velja á hagkvæman hátt.
5. Að sá eiginleiki sem er valinn sé arfbundinn.
6. Að markaður sé fyrir kynbættan fisk.

*Heimild: Þorskakynbætur á Íslandi*



FRÉTTASKÝRING
**SVAVAR HÁVARÐSSON**
svavar@frettabladid.is

## Þorskeldiskynbætur á Íslandi

Frá því á vormánuðum 2003 hefur verið unnið skipulega að söfnun hrogna úr hrygningarþorski við strendur Íslands til myndunar grunnstofns þorskkynbóta. Upphafið að þessari vinnu má rekja til stofnunar fyrirtækisins IceCod ehf. sem er í eigu Stofnsfisks hf., Hafrannsóknastofnunar, Prokaria hf., Fiskey ehf. og ÞÞL ehf. Fyrsta áfanga verkefnis fyrirtækisins um að þróa framtíðargrunnstofn er lokið.

Frá 2003 hefur verið safnað hrognum úr 698 hrygnum frá ellefu hrygningarsvæðum við Ísland. Mest hefur verið safnað við suðurströndina, en einnig var safnað við norðaustur- og norðvesturströndina. Er áætlað að 350 fjölskylduhópar muni nýtast í grunnstofn þorskkynbóta. Meta þarf arfgengi mikilvægra eiginleika í grunnstofni og með því hvaða kynbótakerfi henti best þorskakynbótum. Þetta útheimtir umfangsmikið tilraunaeldi.

Þorskseiðin sem klakin voru 2003 og 2004 eru komin í áframeldi í kvíum hjá samstarfsaðilum IceCod, HB-Granda og Hraðfrystihúsinu Gunnvör. Yngsti árgangurinn er enn í strandeldi en hinir eru í sjókvíum á Berufirði og í Ísafjarðardjúpi. Elsti árgangurinn (2003) er nú um 1,6-2 kg.

Ljóst er af tilraunaeldi þorsks að það tekur um það bil 18 mánuði að ala þorsk úr 0,1 kg í 2 kg miðað við sjávarhita á Berufirði og í Ísafjarðardjúpi.

Það er mat IceCod að söfnun í grunnstofn hafi tekist vel og fyrir liggur fyrsta mat á arfgengi vaxtar í íslenskum eldisþorski og raunhæft talið að kynbætur eigi eftir að bæta arðsemi þorskeldis. Þar er horft til reynslu frá öðrum tegundum, svo sem laxeldi, þar sem kynbætur hafa skilað verulegum árangri til aukinnar framleiðslu og lækkunar framleiðslukostnaðar. Næsta verkefni IceCod er að hanna kynbótakerfi sem hentar fyrir þorskeldi í framtíðinni. Það er verkefni komandi ára.




# Við rúllum samkeppninni upp!




Fréttablaðið er **mest lesna dagblað landsins** skv. nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur verulegt forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá öllum aldurshópum (12–80 ára) á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Fíton/SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tveir ráðherrar sænsku stjórnarinnar hafa sagt af sér:

# Brösótt byrjun í Svíþjóð

KÁRI JÓNASSON

Það eru ekki beint sælir hveitibrauðsdagar hjá stjórn íhaldsmannsins Frederiks Reinfeld í Svíþjóð, því á fyrstu tíu dögum stjórnar hans hafa tveir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar orðið að segja af sér vegna spillingar og hneykslismála. Byrjunin hjá fjögurra flokka borgaraflokkastjórninni þar í landi lofar því ekki góðu, hvað svo sem síðar verður.

Stjórn hægri mannsins Reinfelds tók við í byrjun mánaðarins og í gær lagði nýi fjármálaráðherrann, Anders Borg, fram fyrsta fjárlagafrumvarp sitt sem einkennist af skattalækkunum upp á tæplega 400 milljarða íslenskra króna. Það voru áhöld um það í fjölmiðlum í Svíþjóð í gær, hvort fjárlagafrumvarpið yrði til þess að draga athyglina frá afsögn tveggja ráðherra, eða hvort ráðherraafsagnirnar drægju athyglina frá frumvarpinu og skattalækkununum. Þær koma fyrst og fremst þeim til góða að sjálfsögðu sem eru á vinnumarkaði, og gera má ráð fyrir að eitthvað dragi úr félagslegum stuðningi til einstaklinga á móti.

*Báðir ráðherrarnir sem hafa orðið að segja af sér eru úr flokki Reinfelds og því er áfallið mest fyrir hann.*

Borgaraflokkastjórnin í Svíþjóð hefur hreinan meirihluta á sænska þinginu og að henni standa fjórir flokkar. Hægri flokkurinn undir stjórn Frederiks Reinfeld er þeirra stærstur – hlaut meira en fjórðung atkvæða í kosningum, en hinir flokkarnir fengu á milli sex og átta prósent atkvæða, en þeir eru Þjóðarflokkurinn, Miðflokkurinn og Kristilegir demókratar.

Báðir ráðherrarnir sem hafa orðið að segja af sér eru úr flokki Reinfelds og því er áfallið mest fyrir hann. Þeir höfðu auk annars vanrækt að greiða afnotagjöld til Sænska útvarpsins, og þykir það sérstaklega kaldhæðnislegt fyrir menningarmálaráðherrann Ceciliu Stegö Chiló sem sagði af sér í morgun. Viðskiptaráðherrann Maria Borelius, sem sagði af sér á laugardaginn, hafði það einnig á samviskunni að hafa greitt barnfóstru sinni undir borðið.

Fyrir kosningarnar í Svíþjóð í september varð mikið fjaðrafok vegna þess að andstæðingarnir höfðu komist í tölvur sænskra krata og gátu þannig aflað sér upplýsinga um kosningabaráttu þeirra. Jafnaðarmenn reyndu að sjálfsögðu að gera sem mest úr því máli, en það dugði þeim ekki til að halda völdum eftir kosningar. Jafnaðarmenn eiga að baki mjög langan valdaferil í Svíþjóð og því ekki úr vegi að álykta sem svo að þeirra menn sitji víða á valdastólum í embættismannakerfinu og eigi þannig greiðan aðgang að ýmsum upplýsingum sem geta komið núverandi stjórnarandstöðu til góða í stjórnmálabaráttunni í landinu. Þannig er ekki talið ólíklegt að fleiri ráðherrar eigi eftir að segja af sér vegna ýmissa yfirsjóna á undanförnum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Skelltu þér með í freyðandi stuð í Dublin 19. október

Verð frá 39.900 kr.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is




plús FERÐIR

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur og íslensk fararstjórn.

Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100 www.plusferdir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sagnfræðingur að verkum

Guðmundur Magnússon sagnfræðingur fer mikinn á bloggsíðu sinni um hleranamálin og er duglegur að grafa upp gamlar fréttir úr Morgunblaðinu sem snúa að hlerunum. Hann hefur til að mynda rifjað upp fréttir frá desember 1995, þegar Svavar Gestsson lagði fram fyrirspurn á Alþingi um símhleranir og þá sérstaklega hvort utanríkisráðuneytið hafi staðið fyrir slíkum hlerunum án heimilda dómstóla. Ekki fylgir sögunni hjá Guðmundi hvort Svavar hafi átt von á því að ráðuneyti myndu upplýsa um ólöglegt athæfi í svari sínu til hæstvirts þingmanns.



### Var hlerarinn hleraður?

Ástæðan fyrir því að Svavar lagði fram þessa fyrirspurn, að hans sögn á þeim tíma, var að í ýmsum blaðagreinum sem birtust veturinn 1994 til 1995 hafi verið ýjað að því að símhleranir hafi verið stundaðar af ýmsum, án þess að fyrir því væru sérstakar heimildir. Meðal annars hafi verið ýjað að því að utanríkisráðuneytið hafi staðið fyrir slíkum ólöglegum hlerunum. Ekki kemur fram á hvaða tíma utanríkisráðuneytið á að hafa hlerað símtöl fólks, en veturinn 1994-1995 var að minnsta kosti Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra og ætti því að vita hvort utanríkisráðuneytið hafi staðið fyrir hlerunum eða ekki.



### Persónulegri ástæður

Persónulegri ástæður gætu hafa legið þarna á bak við. Svavar var Alþýðubandalagsmaður og þekktur herstöðvaandstæðingur og því alls ekki ólíklegt að sími hans hafi verið einn þeirra sem var hleraður. Hann mun hafa sagt fólki frá því árið 1997 að skrifstofusími hans á Alþingi hafi meira að segja verið hleraður.

svanborg@frettabladid.is

# Auðleystur vandi

Alþjóðadagur kennara var haldinn hátíðlegur í yfir hundrað löndum hinn 5. október sl. Heldur þótti mér þó fara lítið fyrir hátíðahöldum hér á landi og að mestu leið dagurinn í þögn. Stuttar fréttatilkynningar voru reyndar birtar í dagblöðum og á vefmiðlum og á heimasíðum Kennarasambands Íslands og Kennarafélags Reykjavíkur birtist samþykkt frá alþjóðasamtökum kennara í níu liðum. Að öðru leyti varð ég lítið vör við þennan dag og í fljótu bragði fann ég t.d. enga umfjöllun á heimasíðu Kennaraháskóla Íslands, vöggu kennarastéttarinnar.

Hér þurfa kennarar auðvitað að líta í eigin barm, ég ekki síður en aðrir. Nýlega var kynnt til sögunnar sérstakt verkefni til að vekja athygli á kennarastéttinni og mikilvægi hennar. Um tíma urðum við vör við umfjöllun og auglýsingar þar að lútandi. Ró hefur hvílt yfir síðustu vikur en alþjóðlegur dagur kennara hefði þó verið upplagt tækifæri til að vekja sérstaka athygli á þessari stétt, sem er heldur óánægð með starfskjör sín, svona almennt.

Nú virðist mikill hörgull á kennurum og í raun má segja að neyðarástand ríki þar sem forfallakennarar virðast vandfundnari en gull í Öskjuhlíðinni. Vafalaust eiga kaup og kjör sinn þátt í því hversu erfitt er að fá fólk til starfa en reyndar virðist almennt vanta fólk til flestra starfa á Íslandi eins og er. En þessi vandi kennarastéttarinnar væri auðleystur ef vilji væri fyrir hendi. Fjölmargir frábærir kennarar hafa látið af störfum vegna aldurs og njóta nú lífeyrisréttinda sinna, réttinda sem þeir



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Alþjóðadagur kennara

hafa aflað með verkum sínum heila starfsævi. Margir þeirra væru meira en fúsir til að hlaupa í skarðið þegar kennara vantar, t.d. vegna veikinda eða fjölgunar mannkyns. Þarna er frábært fólk með góða menntun og einstaka starfsreynslu sem fengur væri að

*Heldur þótti mér þó fara lítið fyrir hátíðahöldum hér á landi og að mestu leið dagurinn í þögn.*

inn í skólastarfið. Sá er þó galli á gjöf Njarðar, eins og allir vita, að taki kennarar, eða aðrir, að sér launuð störf skerðist lífeyrir og dæmi eru um að fólk hafi þurft að endurgreiða háar fjárhæðir vegna þess að það tók að sér launuð verkefni, oftar en ekki í góðmennsku og til að leysa tímabundinn vanda sinna gömlu vinnustaða. Fyrir skólasamfélagið, nemendur og starfsfólk væri auðvitað ómetanlegt að njóta af og til reynslu og starfskrafta þeirra sem ekki eru lengur í föstu starfi, en til þess að það megi verða þarf að tryggja óskertan lífeyri, þrátt fyrir slíkar aukatekjur. Það er hins vegar jafn sjálfsagt mál að greiða fullan skatt af launum, sem fólk aflar sér þannig tímabundið.

Auðvitað á þetta ekkert sérstaklega við um kennarastéttina öðrum fremur, en það er hart að horfa upp á neyðarástand í sumum skólum vegna þess að forfallakennarar fást ekki á sama tíma og fjölmargir reyndir og hæfir kennarar væru tilbúnir til að hlaupa í skarðið ef það kostaði þá ekki frádrátt af áunnum lífeyrisréttindum.

Í áðurnefndri samþykkt Alþjóðasambands kennara segir m.a. að góð kennsla sé undir því komin að til starfa fáist vel menntaðir kennarar með gott undirbúningsnám sem eigi völ á þjálfun í starfi og kennslufræðilegum úrræðum svo fagmennska þeirra nýtist að fullu. Þetta er mjög samhljóða því sem íslenskir kennarar hafa lagt áherslu á í málflutningi sínum mörg undanfarin ár. Um þessar mundir þykir mörgum á skorta, einkum hvað varðar kennslufræðilegu úrræðin. Ég held hins vegar að við, kennarar, þurfum að láta mun meira í okkur heyra en raun ber vitni. Við þurfum að ræða opinberlega um kaup og kjör, um starfsumhverfi og síðast en ekki síst um málefni barna og unglinga. Við eigum sérmenntuð í uppeldisfræðum og eigum að sjálfsögðu að láta til okkar taka á þeim vettvangi. Við eigum líka að tjá okkur um námsgögn, námsumhverfi og kennslufræði almennt svo nokkuð sé nefnt. Ég veit að annríki stéttarinnar er mikið og starfið krefjandi en ef við leggjum ekkert af mörkum í almennri umræðu getum við ekki vænst þess að breyting verði á viðhorfi til stéttarinnar.

# Sakaruppgjöf fyrir sannleika

**UMRÆÐAN**

Hleranir

Björn Bjarnason hefur kynnt athyglisverðar hugmyndir um að sett verði á fót öryggis- og greiningarþjónusta hjá Ríkislögreglustjóra sem um gildi sérstök lög. Það skýtur hins vegar skökku við að Björn og aðrir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins neita með öllu að ræða með vitrænum hætti margháttaðar ábendingar um að ólögmætar hleranir hafi viðgengist hér á landi allt fram á síðustu ár. Þvergirðingur, hártoganir og útúrsnúningar eru skilaboð varðhunda flokksins þegar kemur að umræðu um arf fortíðarinnar.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Framtíðarstefna okkar í öryggisþjónustu verður ekki rædd án samhengis við fortíðina. Vitað er að margháttuð eftirlitsstarfsemi hefur farið fram undanfarna áratugi hér á landi. Trúverðugar vísbendingar hafa komið fram um ólögmætar hleranir á þessum tíma. Það er ekki hlutverk þeirra, sem hafa ástæðu til að ætla að þeir hafi orðið fyrir hlerunum, að upplýsa hverjir stóðu á bak við ólögmætar meingerðir gegn persónu þeirra fyrr á árum. Ákall fulltrúa fortíðarinnar um að fórnarlömbin nefni heimildarmenn sína er tilraun til að drepa málinu á dreif og koma í veg fyrir að fleiri komi fram sem upplýsingar kunna að hafa.

Kalda stríðinu lauk almennt árið 1991 þótt það hafi staðið fram á þennan dag í flokkadráttum í öryggis- og varnarmálum. Það er brýnt að ljúka kalda stríðinu í íslenskum stjórnmálum. Til þess þarf að skapa almenna tiltrú á þeim stjórnvöldum sem fara með öryggis- og greiningarþjónustu og hefja þau yfir pólitíska flokkadrætti.

Forsenda þess er að Alþingi skapi þær aðstæður að unnt sé að fjalla um þessi mál á trúverðugan hátt og leiða allar staðreyndir málsins í ljós. Það verður ekki gert nema að Alþingi gefi öllum þeim, sem að ólögmætu eftirliti kunna að hafa komið, upp sakir og tryggi að þeir haldi störfum sínum og eigi áfram von um framgang í starfi með sama hætti og hingað til. Þeir sem kalla eftir nafnbirtingum eru að reyna að þagga niður heilbrigða umræðu og viðhalda ógn. Leiðarljós okkar á þvert á móti að vera að skapa sátt um framtíðina. Það verður best gert með því að sættast við fortíðina. Ég er tilbúinn til að fallast á algera sakaruppgjöf öllum þeim til handa sem kunna að hafa komið að þessum málum ef það má verða til þess að leiða sannleikann í ljós. Ég er viss um að svo er einnig um aðra þá sem kunna að hafa orðið fyrir hlerunum. Ef við erum tilbúin að fyrirgefa – hvaða hagsmuni er Björn þá að verja?

*Höfundur tekur þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*



**Í RÉTTUM SKÓM Í GÓÐUM GÍR**
Hlaupagreining og val á hlaupaskóm
HEILSA 2



**AUÐVELT FYRIR ÞÁ SEM EIGA ERFITT MEÐ HREYFINGU**
Rope yoga getur hjálpað fólki með hreyfihamlandi sjúkdóma
HEILSA 4



## ALLT HITT

[HEILSA]

**Heilsuræktarhandbókin** EAS, sem áður var seld í verslunum EAS, hefur nú verið birt á heimasíðu fyrirtækisins www.eas.is í endurbættri og prentvænni útgáfu. Er þetta fyrirkomulag notendum að kostnaðarlausu.

**Aðalfundur** Félags maraþonhlaupara verður haldinn í húsnæði ÍSÍ í Laugardal fimmtudaginn 19. október næstkomandi klukkan 20.00. Þá verður ásamt öðrum aðalfundarstörfum farið yfir skýrslu ritara og gjaldkera og númer og fleira verða afhent fyrir haustmaraþonið. Nánar um það á www.hlaup.is.



**Bikarmót** í fitness og vaxtarrækt fer fram 4. nóvember næstkomandi og er skráning þegar hafin. Að því er fram kemur á fitness-fréttum, www.fitness.is, hafa þekktir einstaklingar úr fitness- og vaxtarræktargeiranum bæst á listann, svo spennandi verður að fylgjast með framvindu mála.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 17. október, 290. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.23 | 13.13 | 18,02 |
| Akureyri | 8.13 | 12.58 | 17.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigríði finnst gott að verja tíma með dóttur sinni í Laugardalslauginni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Líkamsrækt lykilatriði að velgengni

***Sigríður Andersen, lögfræðingur og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, byrjar daginn á leikfimi í Laugum.***

„Ég er nýbyrjuð aftur í pallatímum hjá Dísu í World Class eftir margra ára hlé,“ segir Sigríður sem hefur stundað líkamsrækt og hlaup um margra ára skeið, eða alveg frá þrettán ára aldri þegar hún fór að æfa í Ræktinni í Ánanaustum. „Ég fann strax hve vel þetta átti við mig og man hvað mér fannst það mikill óþarfi að mæta í skólaleikfimi samhliða ræktinni. Þegar ég hugsa til baka voru þetta endalausar sturtuferðir,“ bætir hún við og hlær.

Á síðasta ári urðu síðan ákveðin þáttaskil í lífi Sigríðar þegar hún varð barnshafandi. Þá þurfti hún að enduskipuleggja margt, en kaus þó að halda sínu striki í líkamsræktinni. „Það urðu raunverulega litlar breytingar á því sviði, en sem dæmi um það hélt ég áfram að skokka nánast undir það síðasta,“ útskýrir hún. „Eftir að dóttir mín fæddist förum við mæðgurnar oft í sund í Laugardal þannig að þetta er nú orðið að fjölskyldustund.“

Þess utan hefur Sigríður þurft að skipuleggja tímann vel, þar sem hún hefur nú boðið sig fram í prófkjör Sjálfstæðisflokksins sem verður í októberlok. „Ég læt prófkjörið ekki hindra mig í að mæta í ræktina og lyfti að lágmarki þrisvar sinnum í viku en læt pallatímana mæta afgangi,“ útskýrir hún. „Enda tel ég hreyfingu algjört lykilatriði að velgengni í lífinu.“

*roald@frettabladid.is*

## Staða aldraðra bætt

AÐSTANDENDAFÉLAG ALDRAÐRA, AFA, HELDUR FRÆÐSLUFUND KL. 20.00 Í DAG.

Þetta er í fyrsta sinn sem félagið heldur fræðslufund en markmið þess er að vekja almenning til vitundar um stöðu aldraðra og bæta úr henni.



Á fundinum flytur Júlíana Sigurveig Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Sóltúni, fyrirlestur undir yfirskriftinni „Upplifun fólks af gæðum á hjúkrunarheimilum – almennir þættir sem taka skal tillit til við mat á gæðum“.

Öllum er frjálst að mæta á fundinn sem haldinn verður í Félags- og þjónustumiðstöðinni að Aflagranda 40, en aðgangur er ókeypis. Kaffi og kleinur verða seldar á staðnum. Fundur hefst kl. 20.00 og lýkur kl. 22.00.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins, www.hjaafa.is.





**Fræ** innihalda mikið af vítamínum sem eru líkamanum nauðsynleg. Hægt er að bæta þeim í salatið, setja í súpur eða blanda saman við hafragrautinn á morgnana.


Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

17. okt. 2006 Hvernig geta blómadropar og jóga styrkt okkur í nútíma samfélagi? 17:30–19:00 Kristbjörg Kristmundsdóttir
18. okt. Ertu eiturefnaúrgangsruslaskrímsli? 18:00-19:30 Edda Björgvinsdóttir
19. okt. Ævintýralíf 18:30-21:00 Benedikta Jónsdóttir
24. okt. Heilbrigði - margbrotið fyrirbæri 17:30-19:00 Haukur Ingi Jónasson
25. okt. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið 18:00-21:00 Meistarakokkar Maður lifandi
Nánari upplýsingar á madurlifandi.is og í síma 585-8700.

Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga
ROPE YOGA
Fagralund við Furugrund í Kópavogi
Námskeið hefjast 30. okt.
Skráning í síma 891-7190

Kennari:
Sigríður Guðjohnsen
www.sigga.is

-fæst í apótekum og stórmörkuðum
Tilboð
2 fyrir 1
MARAÞON
Vítamín og steinefni fyrir athafna- og íþróttafólk

Námskeið og fyrirlestrar haustið 2006
Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti D.E.T.
-Einfalda leiðin- 8.nóv. og 29.nóv.
Frá kl. 20:00 - 22:00 Verð 2000 kr. og
-þreyta, slen, orkuleysi, slappleiki-
25. okt. Frá kl. 20:00 - 22:00 Verð 2000
Hildur Guðmundsdóttir, eigandi Yggdrasils.
-Næring fyrir börn-
1.nóv.
Frá kl. 20:00 - 22:00 Verð 2000 kr.
Dr. Hauschka
-Dr.Hauschka kynning- 18.okt. (20%afsl)
Frá kl. 20:00 – 22:00
Allar nánari upplýsingar og skráning í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg 16 eða í síma 562-4082.
Yggdrasill

ALVÖRU HLAUPAGREINING
FRAMKVÆMD AF FAGMANNI AUÐVELDAR VALIÐ Á RÉTTU HLAUPASKÓNUM OG GETUR KOMIÐ Í VEG FYRIR MEIÐSLI.
VIÐ HÖFUM HLAUPAGREINT MARGA AF FREMSTU ÍÞRÓTTAMÖNNUM LANDSINS Í YFIR 20 ÁR. HAFÐU SAMBAND OG PANTAÐU HJÁ OKKUR TÍMA NÚNA!
STOÐ
Við styðjum þig
Trönuhrauni 8 • Hafnarfjörður • Sími 565 2885 • www.stod.is




Það er gríðarlega mikilvægt að fara í göngu- eða hlaupagreiningu til fagaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Í réttum skóm í góðum gír

***Það getur verið frábært að hlaupa og skokka sér til heilsubótar, en þá eru líka réttir skór mikilvægir. Fætur hvers og eins eru sérstakir svo við skelltum okkur í hlaupagreiningu og leituðum ráða hjá Pétri Helgasyni, yfirmanni greiningardeildar Stoðar ehf., sem leiddi okkur í allan sannleikann um val á hlaupaskóm.***

Fyrsta stig greiningar felst í að kanna sjúkrasögu viðkomandi aðila. „Verkir í ökklum og fótum geta stafað af kvillum annars staðar frá, til dæmis frá mjóhrygg, mjöðmum eða öðrum sjúkdómum. Þess vegna er mikilvægt að fá góðar upplýsingar til að geta dregið upp heildarmynd af ástandinu,“ segir Pétur og gerir klára göngubraut fyrir blaðamann Fréttablaðsins sem skellir sér berfættur upp á brautina.

Pétur mundar myndbandstökuvél og tekur upp göngutúrinn á sama tíma og hann fylgist með. „Ferli göngugreiningar og hlaupagreiningar er það sama, en þegar við hlaupagreinum látum við viðkomandi að sjálfsögðu hlaupa líka,“ segir Pétur brosandi og heldur áfram. „Bæði hlaupa- og göngugreining er fyrir almenning þótt hlaupagreiningin sé meira notuð af íþróttamönnum. Margir af þeim sem koma í göngugreiningu koma eftir tilvísun læknis og er þá verið að leita lausna á ýmsum stoðkerfisvandamálum og óþægindum tengdum göngulagi og fótum.“

Stoð ehf. er með íslenska landsliðið í handbolta á sínum snærum og hefur verið styrktaraðili þess í mörg ár. „Handboltalandsliðið er dæmi um hóp sem við erum með reglulega. Við tökum mót af hverjum liðsmanni og látum þá fá nýja skó, innlegg og spelkur ef með þarf,“ segir Pétur. Eftir létt skokk á brettinu er komið að þrýstimottu þar sem tekin er þrívíð tölvumynd af fótunum, sem síðan kemur fram á tölvuskjánum. „Þessi tæki hjálpa okkur meðal annars að sjá hvort annar fóturinn sé styttri og hvort þunginn liggi rétt þegar stigið er í fótinn,“ segir Pétur og býður blaðamanni upp á þriðja undratækið sem er einkennilegur glerkassi með speglum þar sem hægt er að mæla mögulega skekkju í stoðkerfinu með gráðuboga. Pétur kallar síðan fram myndbandið frá göngubrettinu og þrívíða mynd á nýrri tölvu þar sem kemur á daginn að ástandið er alls ekki svo slæmt. „Við veljum síðan skó, þar sem tekið er tillit til dempunar og stuðnings við ökkla, en stundum þarf einnig á innleggi að halda og í enn öðrum tilvikum þarf spelku,“ segir Pétur og útskýrir nánar. „Við látum síðan viðkomandi aðila hlaupa hjá okkur á skónum til að athuga hvort þeir henti og prófum innlegg og annan búnað ef þörf er á.“



Hægt er að mæla mögulega skekkju í stoðkerfinu með gráðuboga á speglakassa sem staðið er á.

En þurfa allir á sérvöldum skóm og innleggjum á að halda? „Alls ekki, en gott er að vanda valið, því rangir skór geta valdið krónískum verkjum og slitmeiðslum í meðal annars ökklum, hnjám og mjóhrygg,“ segir Pétur. „Við höfum fengið inn einstaklinga með mikla verki sem hafa farið í greiningu til ómenntaðra aðila og komið til okkar með kolranga skó. Þess vegna vil ég ítreka það að fólk leiti til fagaðila,“ segir Pétur ákveðinn.

En hvers konar líkamsrækt ætti blaðamaður að velja sér með tilliti til greiningar, getur Pétur líka aðstoðað við það? „Við getum komið með ráð um slíkt, en við bendum fólki gjarnan á að fara til sjúkraþjálfara ef eitthvað hrjáir fólk, en hvert tilfelli þarf að meta fyrir sig. Stundum sendum við líka fólk til læknis til að ganga úr skugga um að allt sé í lagi. Þegar um almennt hreyfingarleysi og ofþyngd er að ræða er ég hins vegar ekkert að skafa utan af því og bendi þá fólki miskunnarlaust á að það þurfi að létta sig.“

Pétur segir Stoð ehf. eiga í mjög góðu samstarfi við heilbrigðiskerfið. „Það hefur orðið gríðarleg vitundarvakning meðal lækna. Heilbrigðiskerfið gerir meira af því í dag að fyrirbyggja sjúkdóma og reyna að leysa vandann áður en gripið er til kostnaðarsamra skurðaðgerða og lyfjameðferða og það er gífurlega jákvætt fyrir alla aðila.“

Greiningu er lokið og eftir að hafa fundið skó sem henta dettur blaðamanni í hug val á barnaskóm sem margir foreldrar velta fyrir sér; en á að taka öll börn í greiningu áður en maður kaupir venjulega skó? „Nei, það er engin þörf á því, þau börn sem koma til okkar eru í mörgum tilfellum fötluð börn eða börn með meðfædda skekkju,“ segir Pétur og vill meina að vel sé fylgst með heilbrigði barna á Íslandi og þau séu oftast send til þeirra frá læknum eða heilsugæslustöðvum. „En góðu fréttirnar eru að nánast öll þessi börn ná góðum bata.“

Stoð ehf. hefur gífurlegt úrval af innleggjum og spelkum sem eru bæði tilbúnum og sérsmíðuðum ásamt gervilimum og ýmsum sérbúnaði, sjá www.stod.is.

*rh@frettabladid.is*



„Það hefur orðin gífurlega mikil vitundarvakning í heilbrigðiskerfinu og margir koma til okkar og fá bót meina sinna sem hefðu hér áður fyrr verið sendir í skurðaðgerð,“ segir Pétur Helgasson, yfirmaður greiningardeildar Stoðar ehf.

# Nýr forseti alþjóðafélags lækna

***14. október síðastliðinn var Jón G. Snædal læknir kjörinn forseti Alþjóðafélags lækna (World Medical Association - WMA) starfsárið 2007-2008.***

Jón Snædal er klínískur dósent á öldrunarsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss en hann nam læknisfræði hér heima og í Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Jón á langan feril að baki á alþjóðavettvangi en hann hefur meðal annars gegnt stöðu formanns í Norræna læknaráðinu og setið í stjórn WMA frá 2001 til 2005.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá Læknafélagi Íslands er kjörið mikil viðurkenning fyrir íslenska lækna og starf Læknafélags Íslands innan WMA undanfarin ár, auk þess að vera mikill persónulegur heiður fyrir Jón sjálfan.

WMA var stofnað eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar til þess að styrkja siðfræðilegan grundvöll lækna um víða veröld og hindra þátttöku þeirra í mannréttindabrotum og annarri mannlegri niðurlægingu og ofbeldi gegn fólki, en það hafði einkennt styrjaldartímana. WMA hefur starfað samkvæmt þessum hugsjónum allt fram á þennan dag, þar sem siðamál lækna, mannréttindi og félagsleg réttindi almennings hafa verið í öndvegi. *- tg*


Jón Snædal verður forseti alþjóðafélags lækna starfsárið 2007-2008.






## 6 til 7 hættir að reykja

EFLAUST KANNAST MARGIR VIÐ ÞAÐ HVERSU ERFITT ÞAÐ ER AÐ HÆTTA AÐ REYKJA OG NÚ ÆTLAR SJÓNVARPSÞÁTTURINN 6 TIL 7 AÐ HJÁLPA FÓLKI AÐ HÆTTA ÞEIM ÓSIÐ.

Frá og með deginum í dag ætlar sjónvarpsþátturinn 6 til 7 í umsjón Felix Bergssonar og Guðrúnar Gunnarsdóttur að hjálpa landanum að hætta að reykja. Munu nokkrir frægir einstaklingar taka áskoruninni og sitja námskeið Valgeirs Skagfjörð í beinni útsendingu á Skjá einum á mánudögum og föstudögum. Eru það meðal annars Magnús Ragnarsson, Sjónvarpsstjóri Skjás eins, Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur og Snorri Sturluson íþróttafréttamaður.

Áhorfendur eru einnig hvattir til að taka þátt í átakinu og tileinka sér nýjan lífsstíl. Valgeir er sjálfur fyrrum stórreykingamaður og er nýbyrjaður með námskeið þar sem hann sýnir fólki bestu leiðina til að hætta að reykja og mun það námskeið standa yfir næstu vikurnar. Einnig er fólki bent á ókeypis aðstoð í reyksímanum: 800 6030 og ýmis námskeið sem eru í boði fyrir þá sem vilja verða reyklausir. *- óhó*


Felix og Guðrún hjálpa landanum að hætta að reykja.


Mynd sem sýnir berklabakteríu.

# Faraldur yfirvofandi

***Heilbrigðisstofnanir víða um heim vara við því að berklafaraldur geti brotist út í Evrópu.***

Um það bil 70.000 berklaveikitilfelli hafa gert vart við sig í Asíu og Austur-Evrópu, en þar eru á ferð ný sjúkdómsafbrigði sem ekki bregðast við hefðbundnum sýklalyfjum.

Talsmenn samtaka á borð við alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Alþjóðlegu heilsustofnunina segja ástandið ekki hafa verið jafn slæmt síðan í síðari heimsstyrjöldinni og hvetja leiðtoga Evrópuríkja til að bregðast strax við því, meðal annars með því að verja meiri fjármunum í forvarnastörf.

Samtökin hafa þegar stofnað sérstakan hóp gegn útbreiðslu berklaveiki undir heitinu „Stöðvum berkla“. Þetta kemur fram á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk. *- rve*




# Auðvelt fyrir þá sem eiga erfitt með að hreyfa sig

*Margir glíma við sjúkdóma eða meiðsli sem hafa hamlandi áhrif á líkamlega getu þeirra. Elín Sigurðardóttir jógakennari hjálpar þessu fólki og fleirum að öðlast betra líf með ástundun rope yoga.*



Elín Sigurðardóttir segir rope yoga geta hjálpað mjög mikið þeim sem glíma við ýmsa erfiða sjúkdóma sem hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Elín Sigurðardóttir íþróttafræðingur kennir rope yoga í Sporthúsinu í Kópavogi. Tímana hennar sækir fólk sem glímir við ýmsa hreyfihamlandi sjúkdóma eins og MS og gigt og einnig fólk sem fengið hefur heilablóðfall, heilaæxli og brjósklos svo fátt eitt sé nefnt. „Það eru ekki allir sem geta hlaupið, hoppað eða hamast,“ segir Elín. „Hins vegar ráða allir við æfingarnar í rope yoga. Við notum athyglina við æfingarnar sem gerir rope yoga að öflugu æfingakerfi. Við njótum augnabliksins, gerum öndunaræfingar, teygjur og svo er slökun. Þetta er líkamlega erfitt, kerfið er kröftugt og öflugt, en æfingarnar geta allir gert.“

Elín segir æfingarnar góðar að því leyti að fólk stjórnar álaginu sjálft og á meðan æfingarnar eru gerðar er legið á bakinu eða á hlið. Æfingakerfið hentar því vel fyrir þá sem eiga á annað borð erfitt með hreyfingu. „Ég hef fengið fólk til mín sem er bundið við hjólastól eða lamað öðrum megin í líkamanum sem gerir æfingarnar til jafns við aðra. Einnig er ég með hóp af stelpum með MS-sjúkdóminn og þær hafa náð miklum árangri. MS-sjúkdómurinn bæði hamlar hreyfingu og getur leitt af sér að jafnvægisskynið er ekki sem skyldi. Því er gott að geta legið við æfingarnar. Ein sem æfði rope yoga hjá mér hafði orð á því að hún væri hætt að ganga á húsgögnin heima hjá sér því hún væri styrkari í líkamanum og ætti auðveldara með að stjórna hreyfingum sínum.“

Elín segir fólk einnig fá breytta lífssýn með ástundun rope yoga og læra um leið að taka ábyrgð á eigin lífi. „Með þeirri öndun sem við notum í rope yoga, sjávarfallsöndun, getum við aukið lífaflið og lífsorkuna sexfalt. Ég veit líka mörg tilfelli þess að rope yoga hefur hjálpað fólki við að minnka lyfjaskammtinn sinn. Hvort sem það eru verkjalyf, þunglyndislyf eða þau lyf sem fylgja MS-sjúkdómum, gigtarsjúkdómum eða öðru. Það er einn sem sækir tímana mína núna sem gekk í gegnum það að spengdir voru tveir lendaliðir í honum, hann var með sprungu í hryggjarlið og hafði verið rúmliggjandi í níu mánuði. Eftir aðeins nokkur skipti í rope yoga er hann farinn að minnka verkjalyfin og á ekki orð yfir það hvað honum líður mikið betur.“

Á heimasíðu Elínar, www.elin.is, má lesa ummæli fólks sem lagt hefur stund á rope yoga hjá henni og fundið stórkostlegar breytingar á lífi sínu. „Auðvitað hafa ekki allir sem glíma við erfiða sjúkdóma vitneskju um að til sé hreyfing sem þeir geta stundað,“ segir Elín og bætir við að vert sé að kynna sér málið ef möguleiki er á að líf manns geti breyst til batnaðar.

*johannas@frettabladid.is*



## Persona.is

EGGERT S. BIRGISSON, SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Kulnun í starfi

Kulnun í starfi (burn-out) er ástand sem getur orðið hjá fólki ef það glímir við mikla streitu í starfi í langan tíma. Kulnun er ekki sjúkdómur heldur samsafn einkenna sem benda til þess að viðkomandi hafi lengi glímt við ofstreitu í starfi og að sú streita sé nú farin að hafa alvarleg áhrif á vinnugleði og líðan. Kulnun er sérstaklega algeng í þeim starfsstéttum þar sem starfið felst í að vinna náið með öðru fólki, eins og í hjúkrun, aðhlynningu, kennslu og ýmsum þjónustustörfum sem fela í sér náin og mikil samskipti við viðskiptavini.

Kulnunareinkenni koma fram í mikilli líkamlegri þreytu og tilfinningalegri og andlegri uppgjöf. Þeir sem hafa kulnað í starfi greina frá síþreytu, orkuleysi og svefntruflunum. Einnig eru meltingartruflanir algengar svo og höfuðverkur og verkir í vöðvum og liðum. Tilfinningaleg uppgjöf kemur fram í þunglyndi, bjargarleysi og vonleysi. Það sem áður veitti manneskjunni ánægju gerir það ekki lengur. Kaldhæðni og áhugaleysi verða einnig áberandi. Andleg uppgjöf birtist í neikvæðum viðhorfum gagnvart starfi, samstarfsfélögum, yfirmönnum og viðskiptavinum. Það að geta ekki eða hafa ekki áhuga á að bregðast við tilfinningum annarra er einnig algengt. Fólki verður sama um samstarfsfélaga sína og hvernig þeim líður, það fæst orðið við mál en ekki annað fólk. Þessi neikvæðu viðhorf geta svo líka orðið ráðandi í samskiptum við fjölskyldu og vini.

Afleiðingar kulnunar geta verið alvarlegar, bæði fyrir starfsfólk og fyrirtæki. Þeir sem verða fyrir kulnun í starfi hætta oft og hætta jafnvel að starfa við sérsvið sitt. Þannig glatast mikilvæg og dýrmæt þekking. Sumir kjósa og hafa möguleika á að flytjast til í starfi eða hverfa til starfa hjá öðru fyrirtæki. Slíkt getur gagnast mörgum en ef viðkomandi tekur með sér þau neikvæðu viðhorf sem hafa myndast vegna kulnunar getur verið að hann eða hún endist ekki lengi í nýja starfinu. Afleiðingarnar eru heldur ekki góðar fyrir fyrirtækið af sömu ástæðum. Aðrir sem kulna halda áfram í sama starfinu en missa allan áhuga á því og í sumum tilfellum eru þeir aðeins að telja niður að þeim tíma þegar þeir geta hætt og komist á eftirlaun.

Það er erfitt að meta beinan kostnað vegna streitu og kulnunar en nærri má geta að kostnaður fyrirtækja vegna fjarvista, slakrar frammistöðu í vinnu og mikillar starfsmannaveltu er gríðarlegur. Þá er ótalinn kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna annarra afleiðinga streitu sem eru t.d. þunglyndi, óhófleg notkun áfengis, reykingar og offita. Það er því til mikils að vinna að draga úr ofstreitu í starfi og í framhaldi af því að koma í veg fyrir kulnun starfsfólks. Til þess að draga úr ofstreitu er hægt að grípa til ýmissa ráða. Hægt er að draga úr vinnuálagi sé það of mikið og starfsmenn þurfa líka að hafa verkefni við sitt hæfi. Það getur haft neikvæð áhrif ef fólk vinnur við verkefni sem það er of hæft eða menntað fyrir. Það þarf að passa upp á að starfsfólk hafi stjórn á eigin verkefnum, fái hvatningu og hæfilega umbun fyrir vel unnin störf. Góður félagsskapur, liðsandi og samkennd á vinnustað eru líka mikilvægir þættir. Þá er einnig afar mikilvægt að starfsmenn fái að fylgjast með því sem gerist á vinnustaðnum og finni að þeir séu metnir sem mikilvægur hlekkur í starfsemi fyrirtækisins.

Sé starfsmaður aftur á móti kominn á kulnunarstig getur reynst nauðsynlegt að grípa til annarra ráða. Það getur verið ráðlegt að sækja sér aðstoð fagaðila til þess að grípa inn í atburðarásina og koma í veg fyrir að fólk flosni upp úr starfi eða missi allan áhuga á því. Margs konar úrræði eru í boði fyrir þá sem þess þurfa og má nefna samtalsmeðferð hjá geðlækni eða sálfræðingi, hópameðferð, slökun og sjálfshjálparhópa.

*Eggert S. Birgisson*
















# Hungurverkfall varið af læknum

***Alþjóðafélag lækna er mótfallið því að fólk hungurverkfalli séu neytt til að borða.***

Þessi niðurstaða fékkst á allsherjarþingi félagsins, sem var nýverið haldið í Sun City í Suður-Afríku. Leiðbeiningar ætlaðar læknum um meðferð hungurverkfallsmanna voru endurbættar í samræmi við hana, en í þeim kom fram að notkun aflsmunar til að láta fólk borða sé allt í senn siðlaust, ómannúðlegt og niðurlægjandi.

Úrbæturnar þóttu nauðsynlegar þar sem ákveðins miskilnings hafði gætt varðandi innihald Möltuyfirlýsingarinnar svokölluðu, en margir túlkuðu hana á þann veg að það væri í góðu lagi að neyða þann sem er í hungurverkfalli til að borða.

Í endurbættu leiðbeiningunum, sem fylgja Möltuyfirlýsingunni, kemur fram að sjálfsforræði einstaklingsins vegi þyngra en inngrip heilbrigðisyfirvalda. Einnig verði að hafa í huga hversu vel upplýstur hungurverkfallsmaðurinn hafi verið áður en hann tók ákvörðun sína, auk þess sem það sé lækna en ekki yfirvalda að ákvarða hvort hafa eigi afskipti af honum eður ei.

Það leikur því ekki lengur nokkur vafi á því að þessi yfirlýsing gildir í öllum þeim tilvikum þegar einhver fer í hungurverkfall, alveg óháð því hver á í hlut og hvar þetta á sér stað. Alþjóðafélag lækna vonast til að endurbæturnar muni auðvelda starf heilbrigðisyfirvalda í þeim tilvikum þegar einhver fer í hungurverkfall. *- rve*



Alþjóðafélag lækna hefur lýst áhyggjum yfir því að fangar í hungurverkfalli séu neyddir til að borða.



# Tíðni sjálfsvíga eykst

***Á hverju ári reyna tuttugu til sextíu milljónir manna sjálfsvíg. Um einni milljón tekst ætlunarverk sitt.***

Á síðastliðnum 45 árum hefur tíðni sjálfsvíga aukist um sextíu prósent á heimsvísu. Nú er svo komið að fleiri falla fyrir eigin hendi en látast í styrjöldum eða eru myrtir. Sjálfsvíg hafa um árin verið algengust hjá karlmönnum yfir fimmtugu en tíðni sjálfsvíga hjá ungu fólki hefur stóraukist og nú er í þriðjungi landa heims hættan mest hjá ungu fólki að það falli fyrir eigin hendi.

Þeir sem missa vinnu snögglega eru líklegri til að fremja sjálfsmorð en þeir sem lifa við langvarandi erfiðar félagslegar aðstæður. Þeir sem búa í löndum þar sem sjálfsvíg eru ólögleg eins og í Singapore, Líbanon og Indlandi, sækja sér síður hjálp vegna sjálfsvígshugsana og/eða tilrauna til sjálfsvígs vegna ótta við að verða refsað. Þá eru tannlæknar, læknar og dýralæknar í áhættuhópi, ekki þó vegna þess að þeim líði verr í starfi sínu en öðrum, heldur hafa þeir greiðari aðgang að lyfjum.

Brian Mishara er formaður alþjóðlegra samtaka um sjálfsvígsforvarnir. Hann telur að hægt sé að fyrirbyggja flest sjálfsvíg með réttum aðferðum og forvarnarstarfi. Hann telur einnig að hægt sé að minnka líkur á sjálfsvígum með því að takmarka aðgang að byssum og skordýraeitri og með því að verja meiri fjármunum til að meðhöndla þunglyndi, vímuefnafíkn og geðklofa. Þess má geta að um þrjátíu prósent þeirra sem fyrirfara sér gera það með því að innbyrða skordýraeitur.

*af www.persona.is*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Kona fæðir barnabarn

JAPÖNSK KONA Á SEXTUGSALDRI GEKK MEÐ OG FÆDDI BARNABARN SITT Á SÍÐASTA ÁRI.

Egg dóttur konunnar var frjóvgað með sæði tengdasonarins og komið fyrir í ömmunni tilvonandi. Þetta var í fyrsta sinn sem kona gekk með barn dóttur sinnar í Japan. Fjarlægja þurfti leg dóttur konunnar eftir að hún greindist með krabbamein og gat hún því ekki átt börn.

Málið hefur vakið nokkra umræðu í landinu en ríkisstjórnin er andvíg því að konur gangi með börn annarra kvenna. Þá lítur dómsmálaráðuneytið þannig á að konan sem fæðir barnið sé raunveruleg móðir þess en ekki konan sem átti eggið.

Þetta hefur leitt til dómsmáls þar sem frægt japanskt par lætur reyna á að fá það staðfest að það eigi tvíbura sem önnur kona gekk með.

Í máli japönsku ömmunnar var farin sú leið að skrá barnið fyrst sem hennar eigið barn en síðar ættleiddu dóttirin og tengdasonurinn barn sitt.



Japönsk yfirvöld eru mótfallin því að konur gangi með börn annarra kvenna.




StelpurKonur

Staðurinn - Ræktin

**Innritun hafin núna á öll námskeið í síma 581 3730:**

- **TT 1 Vertu í góðum málum!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT 2 Áfram í góðum málum!**
  Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT 1
- **TT 3 og 4 Taktu þér tak!**
  Lokuð 5 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-20 og 21-30 ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 5 vikna námskeið 2 x í viku
- **6o +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 5 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 5 vikna námskeið 2 x í viku

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

**Við bjóðum fjölbreytta tíma í sal, margvísleg námskeið, tækjasal og leiðsögn**

**Þinn tími er kominn!**
**Opna kerfið**

1. Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
2. Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun
3. Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
4. Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
5. Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur
6. Yoga
7. Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð.
8. Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl
9. Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

NÝ SENDING
AF GALLABUXUM
20%
AFSLÁTTUR
ÚT VIKUNA

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Mörkinni • Hamraborg
Brekkuhúsum • Firðinum
Selfossi • Keflavík



Margar fallegar gönguleiðir eru við Elliðavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fallegar gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu

***Þeim sem vilja ganga í fallegu umhverfi standa fjölmargir staðir innan og rétt utan borgarmarkanna til boða.***

Flestir láta sér nægja að taka einn hring í hverfinu sínu ef farið er út að ganga. Ef stigið er upp í bíl og ekið í 10 mínútur má hins vegar auðveldlega komast af malbikinu á göngustíga í grónu umhverfi. Heiðmörk og svæðið við Elliðavatn hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem helsta útivistarsvæði Reykvíkinga. Svæðið er mjög gróið og þar má finna tré, runna, móa og mosabreiður. Göngustígar liggja um allar grundir og aðgengið er gott.

Elliðaárdalurinn er skemmtilega sveitalegur þótt hann sé í miðri borginni. Hann er skammt frá öllum hverfum höfuðborgarinnar og þar má bæði hjóla og ganga og tylla sér niður við á. Á góðviðrisdögum er jafnvel hægt að busla í ánni, en það er þó bara fyrir þá allra hörðustu, jafnvel á heitum sumardögum. Allir ættu þó að geta dýft tánum ofan í vatnið.

Öskjuhlíðin er annað svæði sem auðvelt er að ganga um. Ljúka má göngunni á því að fá sér kaffi í Perlunni og njóta útsýnisins yfir borgina. Stríðsminjarnar eru líka algjört ævintýri fyrir börnin sem eru fljót að hverfa inn í annan heim um leið og borgin hverfur bak við tré og kanína skýst milli steina.

Það er eitthvað við víðáttuna og sjóinn sem heillar okkur Íslendinga. Sjávarsíðan dregur marga að sér og úti í Gróttu má finna skemmtilegar gönguleiðir. Passið ykkur bara að lokast ekki þar inni þegar flæðir að. Drottning Kollafjarðar, Viðey, stendur líka fyrir sínu. Þegar bátsferð er innifalin í leiðangri þá er maður farinn í ferðalag en ekki í smá túr, þó að það taki aðeins fáeinar mínútur að sigla út í eyna.

Esjan er aðeins steinsnar frá borginni og hentar þeim sem vilja reyna eitthvað á sig. Það þarf ekki að fara alla leið upp á topp. Gönguferð rétt upp fyrir skóginn er fín ganga og svo má alltaf reyna að komast hærra næst. Fyrr en varir ertu farin(n) að hlaupa upp á topp áður en þú ferð í vinnuna. *- tg*



Skógi vaxin Öskjuhlíðin minnir stundum á útlönd. Gott er að ganga innan um trén sem veita skjól frá veðri og vindum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fjöldi manns klífur Esjuna í viku hverri.



Það tekur aðeins tíu mínútur að sigla út í Viðey. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Svo er líka gaman að fara í útreiðartúr í Víðidal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bætt þjónusta við heyrnarlausa í Háskóla Íslands

*Í haust verður táknmálstúlkur, Sigrún Edda Thedórsdóttir, ráðinn til starfa við Háskóla Íslands.*

Í Háskóla Íslands eru nú sjö heyrnarlausir og -skertir nemendur auk tveggja starfsmanna, sem þurfa túlkun eða aðra þjónustu, og því er ráðning Sigrúnar kærkomin tilhögun.

Mun Sigrún sjá um að túlka og skipuleggja túlkun við Háskóla Íslands og sjá um kynningarstarf. Hún kemur einnig til með að eiga í samstarfi við námsráðgjafa Háskólans.

Námsráðgjafar sjá um að heyrnarlausir nemendur fái þá þjónustu sem þeir þurfa, til dæmis glósuvin í tímum, munnleg próf, fasta viðtalstíma við kennara, námstækninámskeið, prófkvíðanámskeið, áhugasviðskannanir, viðtöl vegna námsins og svo framvegis.

Með ráðningu túlksins vonast forráðamenn innan Háskóla Íslands til að bæta þjónustu við heyrnarlausa eða -skerta nemendur, jafna stöðu þeirra á við aðra nemendur og hvetja þá til að hefja þar nám.

Táknmálstúlkurinn er með skrifstofu hjá Námsráðgjöf Háskóla Íslands, sem er í Félagsstofnun stúdenta, við hlið Bóksölu stúdenta á 1. hæð.

*- rve*



Ráðning táknmálstúlks bætir þjónustu við heyrnarlausa í skólanum. MYND/OTICON DELTA


## Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio-Bú

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is




## LAXA LÝSI

Fyrir stirðleika í liðamótum

Sendum í póstkröfu

Heilsuhornið

S: 462-1889 • Heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is

Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Sellossi.




Ný skurðstofa og ný stækkuð dagdeild hafa opnað í Fossvogi.

# Ný skurðstofa í Fossvogi

*Ný skurðstofa og ný stækkuð dagdeild fyrir minni háttar skurðaðgerðir á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eru nú tilbúnar til notkunar í Fossvogi.*

Talsverður fjöldi minni háttar skurðaðgerða hefur farið fram á skurðstofum í Fossvogi. Hins vegar hefur lengi verið ljóst að einfaldara skurðstofuumhverfi nægði fyrir margar þeirra.

Markmið með breytingunum núna er m.a. að auka þessa starfsemi og bæta þannig þjónustu við sjúklinga, einfalda verkferla í minni háttar skurðaðgerðum, einfalda skurðstofuumhverfi við minni háttar skurðaðgerðir, bæta aðstöðu sérgreina skurðlækninga til minni háttar skurðaðgerða. Enn fremur að bæta aðstöðu til kennslu og þjálfunar við minni háttar skurðaðgerðir og skapa vettvang til frekari þróunar á skipulagi varðandi skurðaðgerðir.

Skurðstofan og dagdeildin eru á sömu hæð sem býður upp á bein samskipti. Stefnt er að því að starfsemi verði á stofunni alla daga vikunnar. *Af vef Landspítala, www.lsh.is*


allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

## HREYFI GREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstílsnámskeið
- Frábær staðsetning



# Árangur og ánægja
## –er það sem skiptir máli

### Viltu laga línurnar?

**Hreyfigreining Höfabakka** býður frábæra aðstöðu til líkamsræktar og sjúkraþjálfunar. Öll þjálfun er unnin af fagfólki. Í átaksnámskeiðum er innifalinn aðgangur að opnum tímum og tækjasal, tími með þjálfara í tækjasal, fitumælingar og þrekpróf, regluleg vigtun, matardagbók og hreyfingardagbók.

### Líkamsrækt

Frábær aðstaða fyrir þá sem vilja æfa á eigin vegum á þægilegum stað.

### Hvað segir fólkið sem notar þjónustuna:



***Skynsamlegasta ákvörðun sem ég tók á árinu var að byrja á átaksnámskeiði hjá Hreyfigreiningu.*** *Mæli heilshugar með þessu frábæra námskeiði fyrir þá sem hafa átt erfitt með að koma sér af stað í líkamsrækt og temja sér nýjan lífsstíl. Leiðbeinendur eru frábært fagfólk.*

Áslaug Guðmundardóttir



***Frábært námskeið, hjá frábæru fólki, á frábærum stað.*** *Í formi til framtíðar er námskeið sem ég get hiklaust mælt með. Þetta námskeið er hnitmiðað þar sem eingöngu fagfólk sér um þjálfun og fræðslu þannig að árangurinn skilar sér. Sú þekking og sá árangur sem fékkst á námskeiðinu á örugglega eftir að nýtast mér í framtíðinni.*

Steinunn Ósk Konráðsdóttir



*Þegar ég ákvað að fara í átak og hreyfa mig reglulega varð Hreyfigreining fyrir valinu. Nokkur atriði skiptu máli þegar ég var að velja. Ég vildi ekki æfa í stórri stöð þar sem er mjög margt fólk og mikill hávaði.* ***Ég vildi líka fara á lokað námskeið þar sem sami hópurinn æfir alltaf saman undir leiðsögn menntaðra kennara.*** *Ég er mjög ánægð með árangurinn og mun örugglega halda áfram að æfa í Hreyfigreiningu.*

Anna Berglind Þorsteinsdóttir

### Ný námskeið hefjast

**Í formi til framtíðar**

Bókanir eru hafnar í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur. Bæði fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið.

**Bumban burt**

Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. Ný námskeið hefjast í janúar.

**Móðir og barn**

**Golffimi** - Ný námskeið hefjast í janúar

**Samkvæmisdans**

**Jóga flæði**

**Skoðið stundaskrá á www.hreyfigreining.is**




HREYFI GREINING HÖFÐABAKKA

Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Ýmislegt




Sérsmíðað handrið, úr ryðfríu stáli, gleri eða áli, jafn úti sem inni. Einnig sérsmíðaðir stigar eða sttigar kit. Bæjarflöt 6, Grafarvog. S. 533 3700.



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

## Húsgögn

**Mjög ódýrt.**
3ja sæta leðursófi, sófaborð og lítill skúffuskápur. Allt á 40.000. Uppl. í s. 552 2760 & 896 2760.

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi í öll hús !**
Gufustrauborð - Rafvirkjar - Nuddpottaþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is

## Dýrahald



Franskir mastiff hvolpar til sölu, afhending í nóvember. Hvolparnir verða skráðir hjá Hrfí uppl 691 5000.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn










# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rentus

Á www.rentus.is finnur þú allt um leiguhúsnæði.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Studioíbúðir til leigu. s. 540 9700.

2ja herbergja 66 fm íbúð til leigu í Hrafnahólum frá 26 okt. Einnig bílskúr til leigu. Fyrirfram og tryggingar. Uppl. í s. 847 7147.

Stórglæsileg 75 fm 4 herb. íbúð í 101. Allt nýuppgert í þessari íbúð, góðir leigjendur óskast. Tölvutenglar í flestum herb., breiðb, fjölvarp, gervihnattarbúnaður. Ísskápur, uppþvottavél, þvottavél og þurrkari geta fylgt. Leiga 168 þ. R&H innif. Laus strax. S. 699 4580.

**Einbýlishús til leigu**
83 fm einbýlishús til leigu í 105 Rvk., stutt í alla þjónustu. Laust strax. Leigist ábyrgum aðila. Uppl. í s. 863 3328 & 846 0408.

Ný 2ja herbergja íbúð í hjarta 101, m. sérinngangi, búin húsg., húsbún., heimilist., 42" flatskjár, sturtuklefi m. nuddi og gufubaði, 12 Mb internet, Digital Ísland (stóri pakkinn). Laus strax, leigist til 2 mánaða. Uppl. í s. 898 8532 & apt101@mac.com

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 896 8568.

Óska eftir stúdíó eða herb. til leigu svæði 104. Greiðslugeta um 30-40 þús. Uppl. í s. 661 0665.

Hjón með 2 börn óska eftir rað-,par- eða einbýlishúsi m/bílskúr eða góðri geymslu á Selfossi. Skipti koma til greina, erum með 3ja herb. íbúð á góðum stað í Rvík. Uppl. í s. 866 1418.

## Geymsluhúsnæði







## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Matreiðslumaður - vaktavinna.**
**Leitum að vönum matreiðslumanni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 25 ára eða eldri.**
**Upplýsingar gefur sigþór 863 8900 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is**

**Jolli Hafnarfirði**
**Óskar eftir fólki í fullt starf og hlutastarf. Góður vinnutími í boði. Umsóknir á staðnum. Allir hvattir til að sækja um.**

**Örlagalínan**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.**
**Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

aktu taktu

**KVÖLD OG HELGAR:**
**Ertu dugleg/ur í vinnu? Ef svo er þá áttu möguleika á að verða AKTARI.**
**Sæktu um núna, www.aktu-taktu.is**

**Leikskólinn Brekkuborg.**
**Óskum eftir leikskólakennara/leiðbeinenda í leikskólann Brekkuborg Grafarvogi í 100% starf.**
**Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í kvöld, helgar og nætur vinnu. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í síma 846 3500.**

# TIL SÖLU

**Tilboð! 3 fyrir 2!**



**Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.**

**Silikonfylltir brjóstahaldarar**



**Stærðir 32 -38 A-DD Verð aðeins 3.490.- og 4490.-**

**NÝJAR VÖRUR!!**

**SJÁUMST**
**Glæsibæ COS S. 588 5575**

# ATVINNA

**Starfsfólk óskast**
afgreiðslustörf

**Nettó í Mjódd óskar eftir að ráða starfsfólk í 100% afgreiðslustörf.**

Leitað er að samviskusömum einstaklingum sem eru fljótir að læra og kurteisir í viðmóti. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 10 - 19.

Allan nánari upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík

Nettó er reyklaus vinnustaður

allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

**Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrirtæki?**
Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og á bar. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Óskum eftir fólki í framtíðarstarf. Lágmarksaldur er 20ára. Áhugasamir hafi samband við Sophus í s. 893 2323 eða á www.kringlukrain.is

**Kaffihús, Bakarí**
Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13 og 08.00 - 16.00. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is

**Veitingastaðurinn Galileó**
Óskar eftir starfsfólki í sal. Helgar og kvöldvinna í boði. Skemmtilegur og líflegur vinnustaður. Góð laun í boði. Upplýsingar á staðnum eða í s. 820 4381 & 552 9500.

**Trésmiður eða laghentur maður óskast.**
Þarf að vera vanur parketlögnum og viðgerðum á innréttingum.
Uppl. í s. 896 0323.

**Hjólbarðaþjónustan Lágmúla 9.**
Óskum eftir að ráða laghentan starfsmann á þjónustuverkstæði okkar í Lágmúla 9. Upplýsingar í síma. 899 2844

RED CHILI

**Red Chili**
Óskum eftir matreiðslumönnum og aukafólki í sal kvöld og helgar.
Uppl. í síma 660 1855 og á red-chili@redchili.is

**Bakarí í Kópavogi**
Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun. Tvískiptar vaktir. Helgarvinna samkvæmt samkomulagi.
Uppl. í síma 897 0702, Sirrí & 861 4545 Guðni.

**Lagnavinna**
Óska eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann í hitaveitulagnir o.fl.
Uppl. í s. 892 1919.

**Hrafnista Reykjavík - Umönnun**
Stafsfólk óskast í aðhlynningu. Starf 1: 8-16 virka daga - Starf 2: Næturvaktir - Starf 3: 4ra tíma vaktir morgun eða kvöld. Upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magnea@hrafnista.is

**Starfskraftur óskast í veitingasal**
Dagvinna, góð laun fyrir rétta aðila.
Upplýsingar á staðnum, ekki í síma Café Milanó, Faxafeni 11.

**Hrafnista Hafnarfirði - Umönnun**
Stafsfólk óskast í aðhlynningu.
- Starf 1: Vaktavinna 70-80%
- Starf 2: Önnur eða 3ja hver helgi - Starf 3: 4ra tíma vaktir morgun eða kvöld Býtibúr
- Framtíðarstarf. Starfsmann vantar í 50% stöðu í býtibúr. Upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magnea@hrafnista.is

**Vífilsstaðir - Umönnun**
Stafsfólk óskast í aðhlynningu á morgun - kvöld og helgarvaktir. Einnig vaktir frá kl.8-13 alla daga. Unnið skv.Time Care vaktavinnukerfinu, sveigjanlegur vinnutími.
Uppl.gefur Sigríður Pálsdóttir í síma 599 7021 og 664 9565. Netfang: sigpal @vifilsstadir.is

**Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13, Rvk. Óskar eftir leikskólakennara eða öðru áhugasömu starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf.**
Skerjagarður er einkarekinn leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem áhersla er lögð á myndsköpun, söng, hreyfingu og tjáningu. Leikskólinn er lítill og heimilislegur, tveggja deilda. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Á Skerjagarði ríkir gleði og jákvætt andrúmsloft. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í s. 551 8088 og 822 1919.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Iðnaðarmenn ehf.**
Óska eftir smiðum og smíðanemum. Uppl. í s. 661 5050.

**Garðabær bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

Europris óskar eftir starfsfólki í verslanir á Dalvegi og Lynghálsi. Heildagsstörf og hlutastörf í boði. Upplýsingar veittar á staðnum. Europris.

Car wax station in Reykjavík needs workers to clean new and used cars. It is preferable that applicants speak english and they need to have a drivers license. Time of work is 9:00 - 17:30 Monday - Friday. For further information call: 568 0230 or 898 7930.

Veitingahús óskar eftir starfsfóllki í sal. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið, Lækjargötu 8. S. 551 1014.

Óska eftir góðum starfsmanni í tímabundið starf í Billiardbarinn, Faxafeni 12. Vinsamlegast sækið um á staðnum.

## Atvinna óskast

**Gifs Pro**
Sérhæfum okkur í uppsetningu milliveggja ásamt almennri trésmíði. Uppl. í s. 698 0406 og 692 4597.

Er að leita mér að starfi frá því snemma á morgnanna til kl 14:00 á daginn. Ég er með öll ökuréttindi og er vanur sölumennsku, akstri, ofl. Er að leita að krefjandi, skemmtilegu og vel launuðu starfi, ef þú ert að leita að duglegum og samviskusömum manni og ert til í að borga laun í samræmi við við það þá hafðu samband í síma 699 1700, Bjarki.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Köflótt, marglit, bleik barnahúfa með bangsa ásaumaðan týndist í Kringlunni síðastliðinn föstudag. Húfan hefur mikið tilfinningalegt gildi. Fundarlaun í boði í síma 866 4528, Ágúst.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál



















Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

**Símaspjall 908 6666.**
Við erum við allan sólahringinn. Komdu og leiktu við okkur í mjög innilegu símaspjalli. Addý er nýbyrjuð og langar að kynnast ykkur.

**Símaspjall 908 6666.**
Við erum við allan sólahringinn. Komdu og leiktu við okkur í mjög innilegu símaspjalli. Addý er nýbyrjuð og langar að kynnast ykkur.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## Heildsala – Smásala

Til sölu með eigin innflutning og góða álagningu, ásamt fínum samböndum. Góð uppgrip framundan. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Tækifæri“ sendist á netfang: galle@isl.is.

ATVINNA

## Starf húsvarðar

Laust er til umsóknar starf húsvarðar við Laugargerðisskóla á Snæfellsnesi.

Húsvörður sér m.a um viðhald og eftirlit með byggingum og lóð skólans. Æskilegt að umsækjandi sé iðnmenntaður. Húsnæði á staðnum. Starfið er laust nú þegar.

Allar nánari upplýsingar gefa Ásbjörn Pálsson í síma 8936762 eða Sigrún Ólafsdóttir í síma 8628422.

Umsóknum skal skilað skriflega til Ásbjörns Pálssonar, Haukatungu, 311 Borgarnesi fyrir 20 október n.k.

**Byggðasamlag Laugargerðisskóla.**

TILKYNNINGAR

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

## Verkefnasjóður sjávarútvegsins,
### deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði

**auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna**

Sjóðurinn mun fyrst og fremst styrkja rannsókir á sjávarlífverum sem nú eru nytjaðar eða sem mögulegt væri að nytja. Við mat umsókna verður lögð áhersla á nýnæmi verkefnisins m. t. t. nýrrar þekkingar og/eða aukinna nýtingarmöguleika á lífríki sjávar. Allir geta sótt um styrki; einstaklingar, fyrirtæki, rannsókna- og háskólastofnanir. Í stærri verkefnum er sérstaklega hvatt til samstarfs mismunandi aðila með þátttöku vísindamanna víða af landinu.

Á árinu 2006 verða styrkt alls 3-5 verkefni að hámarki 3-5 m.kr. hvert og um 10 minni verkefni, 0,5 til 1.0 m.kr hvert. Styrkur skal að hámarki nema 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og leiðbeiningar um frágang umsókna er að finna á heimasíðu sjávarútvegsráðuneytisins www.sjavarutvegsraduneyti.is.

Umsóknarfrestur er til 10. nóvember 2006 og skulu umsóknir sendar til sjávarútvegsráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknir sem berast eftir 10. nóvember verða ekki teknar gildar nema póststimpill sýni að umsóknin hafi verið póstlögð ekki síðar en þann dag.

Kynningarfundur um deild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði verður haldinn mánudaginn 23. október kl. 15.00 í húsakynnum Prokaria ehf. Gylfaflöt 5, Reykjavík

Sjávarútvegsráðuneytið

Draumahús 530 1800



Dofraborgir 26 - 112 Rvk

**Opið hús í dag kl. 18:00 - 19:00**





**39.000.000**
Mjög gott 4 herbergja endaraðhús á 2. hæðum samtals 153 fm þ.a. 25,6 fm bílskúr. Sólpallur fyrir framan hús. Vandaðar innréttingar úr kirsuberja. Gólefni flísar og parket. Fallegur garður og frábært útsýni.
***Sigurvin tekur á móti gestum***

**Föst lág söluþóknun**

Alltaf föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



### FIFUHJALLI 8 – KÓPAVOGI

237 m2 • 5-6 herb. • Einbýli

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 18.00 - 18.30**

**Verulega falleg íbúð á tveimur hæðum í tvíbýli, samtals 237 fm. Sólstofa og heitur pottur. Eign sem þú mátt ekki missa af. Sjón er sögu ríkari. Ásett verð kr. 55.0 millj. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar, í síma 8981177**



Baldvin Magnússon
sölumaður

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

**allt hús**
**Alla mánudaga**

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



Guðmundur St. Ragnarsson
Löggiltur fasteignasali

### GRENSÁSVEGUR – REYKJAVÍK

143,5 m2 • Atvinnuhúsnæði



**TIL SÖLU VERSLUNARHÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ Í REYKJAVÍK ÁHVÍLANDI HAGSTÆTT LÁN AÐ UPPHÆÐ 23,5 MILLJ. Húsnæðið er mikið endurnýjað með góðum verslunargluggum út að Grensásvegi. Húsnæðið er í útleigu með góðar leigutekjur.**

**EIGN FYRIR FJÁRFESTA – ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR BALDVIN ÓMAR Í S. 898-1177 EÐA 585-0100**

### HLÍÐASMÁRI 11 – KÓPAVOGI

170 m2 • Atvinnuhúsnæði



**Til leigu ca 170 fm eining á 1 hæð af ofanverðu. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar M í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100**

### HVALEYRABRAUT - HAFNARFJÖRÐUR

• Fyrirtæki til sölu



**Gott sérhæft fyrirtæki í eigin húsnæði. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á pólskum vörum og rekur einnig matstofu. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100.**



Baldvin Ómar
sölumaður

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

Það er gott að búa á austurlandi

# Reyðarfjörður - Melgerði 13

**TIL SÖLU**





### 2. og 3. herbergja íbúðir

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga.

Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

**Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.**

2 herb. verð frá KR. 12.250.000*

3 herb. verð frá KR. 16.200.000*

NÚ ER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR!

*Verðlisti er bundin byggingarvísitölu mars mánaðar 2006, (325,3)







ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS
567 3400

FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF.
580 7905

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX® ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# TOPP 5: MARK WAHLBERG



Mark Robert Michael Wahlberg hóf feril sinn sem rappari og módel.

Hann var fyrst þekktur sem litli bróðir Donnies Wahlberg sem öðlaðist frægð með hljómsveitinni New Kids on the block, en Mark átti upphaflega að vera í þeirri hljómsveit en hætti. Mark rappaði með sveit sinni Marky Mark and the Funky bunch og vakti athygli fyrir kynþokkafullar nærfataauglýsingar fyrir Kalvin Klein.

Mark hefur á síðust árum sannað að hann er ekki bara sætur strákur heldur getur hann líka leikið.

**1. Boogie Nights (1997).** Mark leikur hér klámmyndaleikarann Eddie Adams sem gengur undir nafninu Dirk Diggler. Fylgst er með því hvernig hann klífur á toppinn enda vel vaxinn niður og hvernig hann hrapar niður í sorta eiturlyfjaneyslu og getuleysi.

**2. Three Kings (1999).** Gerist í Íraksstríðinu fyrra. Mark leikur Troy Barlow einn af þremur hermönnum, hinir eru leiknir af George Clooney og Ice Cube, sem ákveða að komast yfir gull Saddams Hussein í lok stríðsins árið 1991. Skemmtilegt samband húmors, hasars og drama.

**3. Planet of the Apes (2001).** Endurgerð myndar frá árinu 1968 þar sem Charlton Heston var í aðalhlutverki. Kafteinn Leo Davidson týnist í geimfari sínu og brotlendir á jörðunni. Hann vaknar upp við þann óþægilega sannleik að á þessari jörð ráða aparnir sem hafa hneppt mennina í ánauð.

**4. Rock Star (2001).** Chris „Izzy" Cole á þann draum heitastan að verða rokkstjarna. Draumurinn rætist þegar hann verður söngvari uppáhalds hljómsveitar sinnar. Myndin á að gerast á níunda áratugnum og er byggð á sögu Tim ‚Ripper' Owens, söngvara Judas Priest tribute band, sem var valinn til að koma í stað aðalsöngvara Judas Priest þegar sá yfirgaf hljómsveitina. Izzy dregst inn í eiturlyfjalíf rokksöngvarans en kemst að lokum að því að þetta er ekki það sem hann í raun vill.

**5. The Italian Job (2003).** Myndin er gerð eftir mynd frá árinu 1969 þar sem Michael Cain leikur aðalhlutverkið. Mótleikarar Marks í endurgerðinni eru Charlize Theron og Donald Sutherland. Þetta er hasarmynd af bestu gerð. Mark leikur þjóf sem á harma að hefna eftir misheppnaða ránstilraun.





allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Hreinsar loftið
Eyðir lykt
Drepur bakteríur








**Kröftug ryksöfnun.** Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundins filters. **Öflugt jónastreymi.** Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna. **Bakteríudrepandi útfjólublár lampi.** Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur. **Áhrifamikil lyktareyðing.** Tækið eyðir lykt auðveldlega svo sem reykingalykt, matarlykt og fúkalykt. **Ljóshvatasía.** Ljóshvati er efni sem sýnir hvötunarviðbrögð þegar ljós skín á það. Þessi sía eyðir lífrænum efnasamböndum eins og köfnunarefnisoxíði, úrgangsgasi, ýmsum bakteríum, vondri lykt o.s.frv. **Þrjú skref.** HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu). **Gaumljós.** Ljós sýna hvort þrífa þarf filterinn (stál blöðin) eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds. **Falleg og hentug hönnun.** Tækið er afar vel hannað bæði með útlit og notagildi í huga. **Orkusparandi hönnun.** Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W á klst.

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001

**Ný sending komin.**

www.ecc.is

ECC

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.487 **+0,07%** **Fjöldi viðskipta:** 395 **Velta:** 4.977 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petrol.** | 11,58% | **Exista** | 1,74% |
| **Glitnir** | 1,40% | **Kaupþing** | 1,01% |
| **Tryggingamiðst.** | 1,25% | **Marel** | 0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 68,60 +0,44% ... Alfesca 4,97 +0,40% ... Atlantic Petroleum 665,00 +11,58% ... Atorka 6,50 -0,15% ... Avion 31,10 +0,00% ... Bakkavör 59,00 +0,51% ... Dagsbrún 5,05 +0,00% ... FL Group 23,20 +0,87% ... Glitnir 21,80 +1,40% ... Kaupþing 881,00 -1,01% ... Landsbankinn 27,70 +0,73% ... Marel 81,00 -0,61% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,59% ... Straumur-Burðarás 17,40 +0,58% ... Össur 124,50 +0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Avion Group semur um yfirtöku

Avion Group hefur fyrir hönd dótturfélags síns, Eimskips Atlas Canada Inc., náð samkomulagi við kanadíska frystigeymslufyrirtækið Atlas Cold Storage um yfirtökutilboð í allt hlutafé félagsins.

Samkomulagið felur í sér að Avion Group hækkar tilboð sitt úr sjö kanadískum dölum á hlut í 7,50 dali á hlut. Heildarvirði félagsins er um 583 milljónir kanadískra dala eða tæpir 35 milljarðar íslenskra króna.

Í tilkynningu frá félaginu segir að yfirtökutilboðið gildi í tíu daga frá því að það er sent hluthöfum félagsins.

Avion Group gerði fyrst yfirtökutilboð í kanadíska frystigeymslufyrirtækið, sem rekur 53 kæli- og frystigeymslur í Norður-Ameríku, í byrjun ágúst og hefur síðan þá tryggt sér 34,4 prósent hlutabréfa í félaginu. Í tilkynningu Avion Group segir að stjórn Atlas Cold Storage telji tilboð Avion Group hagstætt fyrir hluthafa og mælti hún einróma með því að hluthafar tækju því.

Haft er eftir Magnúsi Þorsteinssyni, stjórnarformanni Avion Group, að félagið sé ánægt með að hafa fengið einróma stuðning frá stjórn Atlas og náð samningum við tvo af stærstu hluthöfum félagsins.

Yfirtaka Atlas skipti miklu máli fyrir framtíðarsýn Eimskips. Mestu skipti að yfirtakan sé í takt við vaxtastefnu félagsins og muni gera Eimskipi kleift að vaxa enn frekar á Norður-Atlantshafi.

Reiknað er með að velta Eimskips tvöfaldist við kaupin og verði sjötíu milljarðar króna á ári. - jab



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, segir yfirtöku á Atlas Cold Storage gera Eimskipi kleift að vaxa frekar á Norður-Atlantshafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BANDARÍKIN** Útlit er fyrir að viðskiptahalli í Bandaríkjunum í ár verði sá mesti í sögu landsins.

# Metviðskiptahalli í BNA

Vöruskipti voru óhagstæð um 69,8 milljarða bandaríkjadala, rúma 4.815 milljarða íslenskra króna, í Bandaríkjunum í ágúst. Viðskiptahallinn vestra nemur 716,7 milljörðum dala, jafnvirði 49.445 milljarða íslenskra króna og hefur aldrei verið meiri.

Heildarverðmæti útflutnings vestanhafs nam 122,4 milljörðum dala eða 8.444 milljörðum króna en verðmæti innflutnings nam 19,23 milljörðum dala eða 1.326 milljörðum íslenskra króna. Þetta er 1,9 milljörðum meiri halli en var í mánuðinum á undan.

Viðskiptahallinn í Bandaríkjunum hefur aukist síðastliðin fimm ár og stefnir í metviðskiptahalla í Bandaríkjunum á árinu. - jab

# Rolls Royce frestar hreyfli

Tafir á afhendingu A380 risaþotanna frá evrópska flugvélaframleiðandanum Airbus hafa áhrif utan móðurfélagsins EADS. Fyrirtæki á borð við Rolls Royce, sem framleiðir eina tegund hreyfla fyrir risaþoturnar, hefur þurft að leggja framleiðsluna á hilluna í eitt ár.



**ÞOTUHREYFILL** Rolls Royce hefur frestað framleiðslu á hreyfli fyrir A380 risaþotu Airbus.

Stjórn EADS greindi frá því í síðustu viku að afhending á risaþotunum tefðist fram á næsta haust. Þetta er í annað sinn sem greint er frá töfum á afhendingu vélanna og tók gengi hlutabréfa EADS snarpa dýfu vegna þessa.

Ekki liggur fyrir hversu mikið tafirnar munu kosta Rolls Royce en stjórnendur félagsins segja að verið sé að meta það. - jab




Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS




Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli
þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það
um staðreyndirnar – **því fyrr því betra.**

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur
í stakk búið til að neita, segja frá og komast óskaddað frá óeðlilegum
kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

**Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er á þína ábyrgð**

**Hvernig tölum við um þetta við börnin? Fáðu leiðbeiningar á www.blattafram.is.**
**Ef velferð barns er í húfi hringdu í 112**

BLÁTT ÁFRAM!



*Yndislegi gimsteinninn okkar,*

**Arna Ploder**

lést laugardaginn 14. okt.

**Svafa Arnardóttir**
**Björgvin Ploder**
**Fróði Ploder**
**Sindri Ploder**

Blóm og kransar afþakkaðir.

**EMINEM**
**FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI 1972.**



*„Ég lét mig alltaf dreyma um þetta en draumurinn er ekki langt frá því að snúast upp í martröð.“ Frægðin hefur leikið rapparann kjaftfora grátt.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. OKTÓBER 1931

## Capone stungið inn



Al Capone var stungið í fangelsi á þessum degi árið 1931 og þar með var bundinn endi á langan feril hans sem konungur undirheima Chicago-borgar.
Capone byggði veldi sitt á sprúttsölu, fjárhættuspilum, vændi og annarri starfsemi sem þolir illa dagsljósið. Það var skatturinn sem varð honum loks að falli en allar tilraunir yfirvalda til að koma lögum yfir mafíósann höfðu verið árangurslausar þar til sönnuðust á hann skattsvik.
Þetta þóttu vitaskuld frekar léttvægar sakir fyrir mann sem hafði stýrt veldi sínu með harðri hendi, látið drepa miskunnarlaust samkeppnisaðila, múta embættismönnum og lögreglu og kúga vitni, en fruntalegar aðferðir hans bitu ekki á skattinn, sem kom honum á bak við lás og slá í 11 ár.
Glæpirnir höfðu borgað sig vel og lengi hjá Capone en árið 1927 var hann búinn að hala inn svartar tekjur upp á 100 milljónir dollara. Auk fangelsisdómsins var honum gert að greiða 1.000 dollara sekt og málskostnað.



*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jósafat Sigurðsson**
frá Siglufirði Eyjabakka 6, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 4. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 20. október kl. 15.00.

**Þóranna Sigríður Jósafatsdóttir** **Jónsteinn Jónsson**
**Sigurður Gunnar Jósafatsson** **Ingigerður Baldursdóttir**
**Elenóra Margrét Jósafatsdóttir** **Sigurður H. Ingimarsson**
**Þorfinna Lydia Jósafatsdóttir** **Þorkell V. Þorsteinsson,**
**Örn Einarsson** **Steinþóra Sumarliðadóttir**
**Stella Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Kristín Þorsteinsdóttir**
Hrafnistu í Reykjavík, áður Laugarnesvegi 72,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 1. október síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Aðstandendur**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og mákona,*

**Bára Rut Sigurðardóttir**

er látin. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Emil Thorarensen**
**Aron Thorarensen**
**Regína Thorarensen**
**Emil Thorarensen jr.**
**Rósa Geirþrúður Halldórsdóttir**
**Rósa Sigríður Sigurðardóttir**
**Þorleifur Már Sigurðsson**
**Dóra Guðný Sigurðardóttir** **Jón Harry Óskarsson**
**Elmar Örn Sigurðsson** **Tinna Sigurðsson**
**Kristján Guðni Sigurðsson**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bernharður Guðmundsson**
fyrrverandi þingvörður,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 18. október kl. 13.00.

**Guðjón Hafsteinn Bernharðsson** **Helga Jónsdóttir**
**Guðmundur Bernharðsson** **Svanhildur Jónsdóttir**
**Eggert Þór Bernharðsson** **Þórunn Erla Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Jónatansson**
vélvirki,

sem lést mánudaginn 9. október verður jarðsunginn í dag, þriðjudaginn 17. október, kl. 15.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Sævar Jóhann Bjarnason**
**Katrín Bjarnadóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Soffía Jóna Bjarnadóttir** **Guðlaugur Ómar Leifsson**
**Agnes Helga Bjarnadóttir** **Róbert Lee Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar,*

**Jón Guðlaugsson**
fyrrv. framkvæmdastjóri
Sælgætisgerðarinnar Opal,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 14.október. Útförin verður auglýst síðar.

**Magnús Heiðar Jónsson**
**Guðlaugur Gauti Jónsson**
**Birgir Rafn Jónsson**
**Sturla Már Jónsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Guðmundsdóttir**
Stóragerði 26, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala laugardaginn 14. október.

**Haraldur Ragnarsson**
**Hulda Haraldsdóttir** **Pétur H. Baldursson**
**Ragnar Haraldsson** **Birna Garðarsdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** **Hallgrímur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.




SÓLSTEINAR
Gæði
Þjónusta
Gott verð
Úrval
Fagmennska
Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is




**AGNAR FREYR HELGASON** Segist ánægður með fólkið sem Vefritið hefur fengið til sín og efast ekki um velgengni ritsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**AGNAR F. HELGASON:** STOFNAR VEFRIT

# Vantaði vinstri rödd

Nýtt vefrit, sem heitir því einfalda nafni Vefritið, hóf göngu sína síðastliðinn föstudag. Vefritið hefur það að markmiði að vera vettvangur fyrir og skapa umræðu um samfélagsmál að sögn Agnars Freys Helgasonar sem situr í ritstjórn þess. „Okkur fannst vanta rödd á internetið með okkar sýn á þjóðfélagið. Það er feykinóg af hægrisinnuðum vefritum en það vantaði vettvang fyrir þá sem aðhyllast frjálslynda félagshyggju. Við viljum vera sá vettvangur. Við viljum líka vera uppspretta ferskra hugmynda og hafa eitthvað til málanna að leggja í umræðunni,“ sagði hann.

Meðlimir ritstjórnarinnar, sem eru átta talsins, hafa að sögn Agnars þekkst lengi og starfað saman á ýmsum vettvangi. „Við skrifum öll í vefritið og fáum svo ýmsa aðra til að leggja okkur lið. Það má búast við því að þetta verði um tuttugu, þrjátíu manns,“ sagði hann, en bætti því við að hópurinn væri mjög breiður. „Það er einn af kostunum okkar. Við miðum ekki að því að allir séu alltaf sammála,“ sagði Agnar.

Aðspurður hvort hópurinn að baki Vefritsins væri alveg laus við hjátrú, þar sem blaðinu var ýtt úr vör föstudaginn þrettánda, segir Agnar ákveðna merkingu felast í því. „Það eru ýmsar kreddur og ranghugmyndir til um vinstrimenn og við viljum sýna að við trúum ekki á þær frekar en á föstudaginn þrettánda,“ sagði Agnar.

sunna@frettabladid.is



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn J. Jónsson**
útgerðarmaður frá Patreksfirði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 18. október kl. 15.

**Þórdís B. Kristinsdóttir** **Auður Kristinsdóttir**
**Samson Jóhannsson**
**Kristinn Samsonarson**
**Jóhann Samsonarson**
**Magni Þór Samsonarson**
**Hugi Hreiðarsson**
**Bogi Leiknisson**
**Auður Magndís Leiknisdóttir**
**tengdabörn og barnabarnabörn.**


515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN
Á MORGUN KL. 18:30
CHELSEA
BARCELONA
MEISTARADEILDIN
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
GUDJOHNSEN 7
EIÐUR
SNÝR AFTUR
Í KVÖLD
16:15 CSKA Moskva - Arsenal Sýn
18:30 Man. Utd. - FC Kaupmannahöfn Sýn
18:30 Steaua Búkarest - Real Madrid Sýn Extra
18:30 Celtic - Benfica Sýn Extra 2
Á MORGUN
18:30 Chelsea - Barcelona Sýn
18:30 Bordeaux - Liverpool Sýn Extra
18:30 Sporting - Bayern München Sýn Extra 2
sýn
besta sætið




## STUÐ MILLI STRÍÐA Sögur úr sveitinni

**FREY GÍGJU GUNNARSSYNI** FINNST HLERANIR ENGIN NÝMÆLI



Vetur konungur hefur hafið innreið sína í litla sveit norður í landi. Jörð er alhvít og vindurinn feykir þeim örfáu snjókornum sem náðu ekki að festa rætur á frosinni jörðu upp í loftið og leikur sér að þeim áður en hann kastar þeim á gluggann þar sem þau bráðna af völdum hitans frá kertunum. Einu mannamerkin í myrkrinu eru einmitt þessi kerti frá nokkrum bóndabæjum og því getur tunglið og vinir þess á stjörnufestingunni lýst upp nágrennið án nokkurra erfiðleika, án kvikmyndahátíðar og rithöfundar. Inni í einum bóndabænum situr húsfreyjan með bók í hendi og fussar og sveiar yfir yfirlýsingum höfundarins um ágæti komma og ríkisins í austri. Táningarnir tveir sitja stjarfir á stofugólfinu með nýtt borðspil en húsbóndinn blaðar í dagblaðinu sem aldrei þessu vant kom á réttum tíma.

Allt í einu byrjar undarlegt tæki að gefa frá sér skrýtið hljóð sem minnir húsbóndann á viðvörunarbjöllur. Heimilisfólkið stekkur á fætur, eyrun sperrast en síðan er sussað á mannskapinn og símtólið tekið hægt upp. „Skyldi þetta vera dularfulli elskhuginn hennar Guggu í Bjarnabæ,“ segir unglingsstúlkan en fjölskyldufaðirinn er sannfærður um að á línunni sé án nokkurs vafa stjórnmálaleiðtogi nýs flokks sem vill fá bændurna í lið með sér. Talaði um byltingu en var í augum húsbóndans spjátrungur. „Gat nú verið að Bjarni legði lag sitt við hann,“ röflar hann ofan í skyrtuna.

Fjölskyldan leggur vel við hlustir og heyrir flissið úr Bjarnabæ. „Sagði ykkur það, dularfulli elskhuginn,“ hvíslar unglingsstúlkan. Húsfreyjan ýtir heimilisfólkinu frá og segist fyrst vilja fá að hlusta, roðnar síðan upp úr öllu valdi þegar tal elskenda verður sjóðheitt og ástríðufullt. Síðan taka þau við tólinu, eitt af öðru og vita nú allt um þennan dularfulla mann sem hringir á mánudögum. Já, Íslendingar hafa verið hleraðir frá upphafi símans og ekki er að sjá að það hafi breyst.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**THE ARTIC MONKEYS** Breska hljómsveitin er tilefnd til fernra Q-tónlistarverðlauna.

# Fékk fjórar tilnefningar

Hljómsveitin The Arctic Monkeys hefur verið tilnefnd til fernra Q-tónlistarverðlauna í Bretlandi.

Meðal annars er hún tilnefnd fyrir bestu plötuna og sem besta tónleikasveitin. Muse er næst á lista með þrjár tilnefningar, þar á meðal fyrir bestu plötuna.

Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn hinn 30. október í London.



**SIGN** Rokksveitin Sign er á tónleikaferð um Ísland um þessar mundir.

# Safnplatan fáanleg

Safnplata tónlistartímaritsins Kerrang!, sem hefur m.a. að geyma lag Sign, A Little Bit, verður fáanleg í takmörkuðu upplagi á tónleikum sveitarinnar hér á landi og á Kerrang!-kvöldi Iceland Airwaves á föstudaginn á Nasa. Platan er gefin út í tilefni 25 ára afmælis Kerrang! og hefur að geyma lög með efnilegustu hljómsveitunum í dag að mati tímaritsins. Auk Sign eru þar m.a. lög með frönsku hljómsveitinni Gojiri sem spilar með Sign á Nasa.



**DJ LUCCA** Lucca mun þeyta skífum á Nasa 3. nóvember í boði Techno.is.

# Lucca þeytir skífum

Plötusnúðurinn Dj Lucca þeytir skífum á Nasa þann 3. nóvember í boði Techno.is. Ásamt henni koma fram Óli Ofur, Dj Richard Cuellar og Exos.

Dj Lucca er einn svalasti og færasti kvenplötusnúður heimsins í dag. Var hún m.a. aðalnúmerið á Love Parade-hátíðinni í Berlín í sumar. Kom hún fram á aðalsviðinu ásamt m.a. Sasha, Tiefschwarz og Paul Van Dyk.

Lucca, sem er frá Tékklandi, er mjög þekkt í Austur-Evrópu þar sem danstónlistarmenningin er í mikilli uppsveiflu.

# Til heiðurs Buckley

Tónleikar til heiðurs Jeff Buckley verða haldnir í Iðnó þann 17. nóvember næstkomandi.

Fjórir strákar úr tónlistarskólanum FÍH auk söngvarans Hauks Hólmsteinssonar standa fyrir tónleikunum. „Það er ár síðan við fengum þessa hugmynd um að halda Buckley „tribute“ tónleika,“ segir Magnús Ingi Sveinbjörnsson. „Þessir tónleikar verða frekar rokkaðir og meira eins og Buckley sjálfur var á tónleikum. Við munum líka ræða um hann og reyna að gera þetta að notalegri kvöldstund,“ segir Magnús Ingi.

Buckley hefði orðið fertugur 17. nóvember, en hann lést á sviplegan hátt fyrir tíu árum. Gaf hann út aðeins eina plötu, Grace, sem hefur haft mikil áhrif á tónlistarheiminn. Á hann fjölmarga aðdáendur út um allan heim og eru Íslendingar þar ekki undanskildir. Á meðal frægustu laga Buckleys eru Grace, Last Goodbye og útgáfa hans af lagi Leonards Cohen, Hallelujah.

„Frá því að Grace kom út hefur hann verið frekar vinsæll og hann hefði getað orðið rosalega vinsæll ef hann hefði ekki látist,“ segir Magnús.

Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is. Miðaverð er 1.000 krónur auk 150 króna miðagjalds. - fb



**JEFF BUCKLEY** Tónlistarmaðurinn Jeff Buckley gaf út plötuna Grace árið 1994.

# *Freddy Krueger hryllilegastur*

Kvikmynd Wes Craven, Nightmare on Elm Street, hefur verið kosin besta hryllingsmynd allra tíma. Þetta kemur fram í könnun sem Yahoo! Entertainment lét gera fyrir sig.

Myndin, sem er frá árinu 1984, fjallar um ófétið Freddie Krueger sem vitjar unglinga í draumum þeirra.

Hostel með Eyþóri Guðjónssyni í einu aðalhlutverkanna er nýjasta myndin á listanum en Saw er einnig nokkuð fersk en báðar hafa þær hrist hressilea upp í áhorfendum. „Svo virðist sem þessar sígildu myndir séu enn þær óhugnanlegustu,“ sagði ritstjóri Yahoo! Entertainment. „Nútíma hryllingur eins og Saw hefur yfir meiri brellum og ofbeldi að ráða en ef sígild persóna á borð við Freddy Krueger getur enn hrætt úr fólki líftóruna, þurfa kvikmyndaframleiðendur að fara að endurskoða stefnu sína,“ sagði hann.

**10 HRYLLILEGUSTU MYNDIRNAR**

1. A Nightmare on Elm Street
2. Saw
3. The Texas Chainsaw Massacre
4. Halloween
5. Candyman
6. Friday The 13th
7. Scream
8. Hostel
9. Child's Play
10. I Know What You Did Last Summer



**FREDDY KRUEGER** Krueger vitjar unglinga í draumum þeirra í hryllingsmyndinni Nightmare og Elm Street.


Hyundai hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.




Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

Hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér

**!** **Kl. 20.00**
*Kanadíski píanóleikarinn Angela Hewitt heldur einleikstónleika í Salnum í Kópavogi í tilefni af Kanadískum menningardögum. Hewitt leikur verk eftir Bach, Beethoven, Rameau og Emmanuel Chabrier.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Bókmenning frá Berlín

Sýning á bókum þýska forlagsins „Edition Mariannenpresse“ verður opnuð í bókasal Þjóðmenningarhússins í dag. Með sýningunni sem kallast „Berlin Excursion“ er boðið til skoðunarferðar um þann geira menningarlífs Berlínar sem getur af sér sérstæðar bækur, sannkölluð listaverk.
Sýndar verða um 40 bækur eftir jafn marga höfunda og myndlistarmenn. Þær eru sérstaklega hannaðar skrautbækur sem gefnar eru út í mjög takmörkuðu tölusetu upplagi. Forlagið gefur að meðaltali út fjórar bækur á ári og flestar af þeim bókum sem sýndar verða á sýningunni eru ófáanlegar. Hugmyndin að baki sýningunni er að vekja athygli á sérstæðri bókaútgáfu sem tvinnar saman fjölbreytt efni, gamaldags prenttækni en einnig nútímalegar hugmyndir. Bækurnar eru flestar skreyttar grafíkmyndum, en margar af myndunum eru í teiknimyndastíl. Allt útlit bókanna er mjög sérstakt og er hver útgáfa fyrir sig listaverk. Sýningin verður opnuð kl. 18 en við opnunina flytja Hr. Johann Wenzel, sendiherra Þýskalands, Hannes Schwenger, útgefandi Mariannenpresse, og Guðríður Sigurðardóttir, forstöðumaður Þjóðmenningarhússins, ávörp.



**BÓKLIST Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU** Þýsk listaverk í bókarformi.



### > Dustaðu rykið af...

**Pollýönnu bókunum.** Glaðsinna unglingstátan Pollýanna er sköpunarverk amerísku skáldkonunnar **Eleanor H. Porter** en bjartsýni hennar og yfirmáta jákvætt lífsviðhorf hefur veitt ófáum lesendum **innblástur** til góðra verka. Fyrsta bókin kom út í Bandaríkjunum árið 1913 en hún kom síðan út í íslenskri þýðingu **Freysteins Gunnarssonar** hjá Bókfellsútgáfunni árið 1945.

# Myndir, vatn og þögn

Sérstök vídeóverka- og gjörningakvöld verða haldin í Tjarnarbíói í tengslum við myndlistarhátíðina Sequences en dagskráin þar hefst í dag kl. 17 þegar myndlistarkonurnar Bjargey Ólafsdóttir og Hörn Harðardóttir flytja þar hljóðinnsetningu þar sem umfjöllunarefnið eru óskir kvenna um óskilgetin börn.

Um kvöldið verða sýndar myndir frá 700 IS Reindeerland, alþjóðlegri stuttmyndahátíð sem haldin var á Austfjörðum í vor, en þangað bárust yfir þrjú hundruð myndir frá þrjátíu og fjórum löndum. Tuttugu myndir voru valdar til sýninga á Sequences og verður þeim varpað á Tjarnarbíótjaldið.

Að lokinni sýningu myndanna verður kynningarfundur á verkefni sem kennt er við „Overtures 3“ en þar er um að ræða samstarfsverkefni lista- og vísindamanna sem hverfist um vatn og notkun mannsins á þeirri náttúruauðlind. „Þetta er nokkurs konar upphafsfundur en markmiðið með verkefninu er að setja upp sýningu og ráðstefnu í tengslum við EXPO heimssýninguna á Spáni árið 2008,“ útskýrir Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar. Bæði íslenskir og erlendir myndlistarmenn munu taka þátt í verkefninu og verður hluti þeirra á staðnum til þess að kynna það. Lokaatriði kvöldsins er síðan uppákoma þýska tónlistarmannsins Kalle Laar sem stígur á svið um níu leytið.



**BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR** Vinnur með Hörn Harðardóttur að hljóðinnsetningu um þrá kvenna eftir óskilgetnum börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Kalle Laar er hluti af Overtures-hópnum en hann hefur dvalið hér á landi undanfarna daga og safnað hljóðum. Hann sérhæfir sig í hljóð- og tónlistarsöfnun en í verkum hans tvinnast þetta saman, þar heyrast alls konar hljóð, meira að segja ræður stjórnmálamanna,“ útskýrir Christian Schoen.

Þess má geta að þeir sem ekki komast á viðburði Sequences-hátíðarinnar en vilja samt sem áður taka þátt geta stillt útvarpstæki sín á tíðinina FM 106,5. Þar útvarpar myndlistarmaðurinn Finnbogi Pétursson þögn á meðan á hátíðinni stendur. „Fólk kannast við það þegar maður stillir útvarpið og finnur enga rás þá heyrist samt sem áður eitthvað en Finnbogi mun útvarpa algerri þögn á sinni rás,“ segir Christian að lokum.

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðunni www.sequences.is. **-khh**

# Ævi Þórbergs á hlóðum

**Pétur Gunnarsson rithöfundur hefur unnið að ævisögu Þórbergs Þórðarsonar allt frá 1989 en þá voru hundrað ár liðin frá fæðingu skáldsins.**

Pétur stóð ásamt fleirum fyrir þingi um skáldið um liðna helgi en hann vonar að verkið verði tilbúið til útgáfu næsta haust. Kippur er hlaupinn í rannsóknir á skáldferli Þórbergs Þórðarsonar og er vaxandi áhugi fræðimanna á sögu hans og stíllist. Eins og kunnugt er er væntanleg á markað í nóvember rannsókn Halldórs Guðmundssonar á bókmenntafræðings á hliðstæðum og andstæðum í ferli þeirra Þórbergs Þórðarsonar og Gunnars Gunnarssonar.



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON RITHÖFUNDUR** Verk hans hafa lengi verið í miklum metum meðal eldri lesenda.



**PÉTUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR** Það er draumurinn að skila ævisögu Þórbergs til lesenda á komandi hausti.

Pétur segir að það sé draumurinn að þetta verði fullveðja ævisaga. „Þetta byrjaði sem lítið verkefni og grufl, en nú er þetta að hlaðast í merkingarbært samhengi,“ segir Pétur. „Ég hef verið að safna að mér gögnum í langan tíma – setið stíft í Þjóðarbókhlöðunni og pælt í dagbókarstaflanum.“ Aðspurður hvort þetta verkefni hafi ýtt til hliðar sagnaflokki Péturs um sögu þjóðarinnar segir hann að það séu tveir pottar á eldavélinni og hann grípi í verkefnin til skiptis.

Áhrif Þórbergs á yngri höfunda hafa komið í ljós á síðari misserum: Jón Kalman Stefánsson lýsti því yfir við afhendingu Bókmenntaverðlaunanna í fyrra að æviverk Þórbergs hafi leyst sig úr læðingi sem sagnaskáld. Margir lögðu við hlustir þegar menningarþátturinn Víðsjá á Rás 1 gerði lestur skáldsins á Íslenskum aðli að framhaldssögu síðla sumars og Bjarni Jónsson leikskáld vann athyglisvert leikverk úr sögum skáldsins.

Langt hlé hefur verið á endurprentunum á verkum Þórbergs, og er helst að nálgast þau í fornbókaverslunum.

**pbb@frettabladid.is**





Góð tíð 2.850.000 kr.

Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

**Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




**HANDBRAGÐ OG GLÆSILEIKI** Þjóðbúningasýning Þjóðminjasafnsins.

# Sérfróðir ausa úr viskubrunnum

Þjóðminjasafnið hefur í vetur boðið upp á leiðsagnir sérfræðinga um fjölbreyttar sýningar safnsins. Sérfræðileiðsagnir Þjóðminjasafnsins hafa hlotið heitið „Ausið úr viskubrunnum“ en kl. 12.10 í dag verður efnt til þeirrar þriðju því þá mun Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, leiða gesti um sýninguna „Með gullband um sig miðja“ í forsalnum á annarri hæð. Táknmálstúlkur verður einnig á staðnum og tekur þátt í leiðsögninni.

Á sýningunni „Með gullband um sig miðja“ eru íslenskir þjóðbúningar og dýrindis búningaskart frá lokum 17. aldar til okkar tíma. Vandað handbragð og glæsileiki einkenna gripina og sýna þeir svo ekki verður um villst að dverghagir menn og konur hafa stundað silfursmíði hér á landi. Þór mun einnig ganga með gestum um hluta grunnsýningarinnar og segja frá völdum gripum sem tengjast þjóðbúningunum. Þjóðbúningasýningin var gerð í samvinnu við þjóðbúningaráð og stendur til 19. nóvember.

Í Þjóðminjasafninu standa einnig yfir ljósmyndasýningarnar „Ókunn sjónarhorn“ og „Myndir úr lífi mínu“. Hin fyrrnefnda geymir myndir af óþekktum stöðum, húsum og fólki úr myndasafni Þjóðminjasafnsins sem ekki hefur tekist að bera kennsl á og eru gestir safnsins beðnir um að gefa upplýsingar kannist þeir við myndefni. Síðarnefnda sýningin er helguð ljósmyndum Gunnlaugs P. Kristinssonar ljósmyndara á Akureyri og þar má sjá skemmtilegar myndir úr bæjarlífinu í höfuðstað Norðurlands. **-khh**

# Börn og bóklestur þeirra

**Hagsmunaaðilar í lestrarmenningu standa fyrir ráðstefnu í dag um lestur og lestrarmenningu með yfirskriftinni „Hvaða gagn er að lestri".**



**RATAR BÓKVITIÐ Í ASKANA?** Lestur hefur ótvírætt uppeldisgildi en á ráðstefnu um lestrarmenningu í dag verður rætt um gagnsemi lesturs og bætta lestrarmenningu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setur ráðstefnuna, sem haldin er á vegum menntamálaráðuneytisins, Eddu útgáfu hf., Eymundssonar og Bókabúðar Máls og menningar og hefst kl. 15 í dag í Sunnusal á Hótel Sögu.

Nokkrir sérfræðingar hafa framsögu á ráðstefnunni og greina frá rannsóknarefnum varðandi lestur en í ráðstefnulok verða pallborðsaumræður. Almar Halldórsson og Ragnar F. Ólafsson starfa hjá Námsmatsstofnun. Þeir gera grein fyrir lesskilningi og íslenskukunnáttu 15 ára nemenda samkvæmt niðurstöðu PISA 2000 og samræmdra prófa. Laufey Blöndal nemi í 9. bekk flytur erindi undir yfirskriftinni „Ég hef aldrei lesið leiðinlega bók", en Laufey sló met í lestri bóka þegar hún las 28 þúsund blaðsíður í fyrravetur, en lesturinn var hluti af námsefninu í bókasafnstímum Austurbæjarskóla.

Andrea G. Dofradóttir hjá Félagsvísindastofnun flytur erindi um lestur barna og unglinga, og kynnir niðurstöður rýnihópa meðal barna og unglinga. Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri spyr hvort hægt sé að skapa lestrarmenningu. Umbótaverkefninu „Lestrarmenning í Reykjanesbæ" var hleypt af stokkunum vorið 2003 og lögð áhersla á að læsi, lestrarfærni og málþroski barna væri samfélagslegt verkefni. Verkefnið hlaut sérstaka viðurkenningu á Degi íslenskrar tungu árið 2005.

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur stýrir pallborðsumræðum. Aðgangur er ókeypis og boðið upp á kaffiveitingar. Pétur Blöndal blaðamaður stýrir ráðstefnunni. -pbb

# Sveitasöngvar Neils Young

Bandaríski leikstjórinn Jonathan Demme og kanadíska söngvaskáldið Neil Young hafa lagt saman í púkk og gert heimildarmyndina Heart of Gold sem dregur heiti sitt af frægu lagi Youngs frá sólóplötu hans Harvest frá 1972.

Heimildarmyndin snýst um tónleika Youngs og félaga á þeim fræga stað Nashville í Tennesse en þar hélt hann tvenna tónleika í Ryman-salnum sem voru filmaðir. Demme er ekki ókunnugur tónleikamyndum. Á sínum tíma stýrði hann tónleikamynd Talking Heads, Stop Making Sense. Þá hefur Young sjálfur staðið fyrir kvikmyndun á tónleikum sínum og er þekktust þeirra Year of the Horse sem rekur árslanga tónleikaferð hans með Crazy Horse 1997.



**NEIL YOUNG** Tónleikamynd um kappann er á leiðinni.

Mynd sinni lýsa þeir félagar sem hyllingu til sveitatónlistar Ameríku og átti myndefnið í upphafi að vera að mestu frá sléttunum: vísundar á beit, lestir og fuglar á gresjunni. Vinnsla við Heart of Gold fór fram áður en Living with the War kom út þar sem Young ræðst gegn stríðsvél valdastétta Bandaríkjanna. Efnið er sótt til Prairy Wind, Harvest og Comes a Time, sem geyma lagasöfn sem eru öll í ætt við sveitatónlistina. Efnið á þeim er mikið sótt til bernsku Youngs, ára hans í Kanada, áður en hann gekk til liðs við Buffalo Springfield og fluttist suður yfir landamærin.

Á endanum var mest allt myndefni notað til að skreyta konsertana en tónlistarmennirnir klæddu sig upp. Tilgangurinn var sá að áhorfandinn vissi ekki hvort það var 1948 eða 2005, segir Young í viðtali við dagblaðið The Guardian. Blaðamaðurinn var aðdáandi og spurðist fyrir um hvenær vænta mætti margumtalaðs safns sem á að rekja feril Youngs í framhaldi af Decade sem rakti fyrsta áratuginn á ferli hans. Young og umboðsmaður hans upplýstu þá að enn stæði yfir söfnun í kassann: fimm diskar yrðu þar með eldra efni, þrír með tónleikaefni og þá væri ekki allt upp talið. Young hefur átt við vanheilsu að stríða og gekkst undir höfuðuppskurð fyrir stuttu. Heart of Gold og seinni ferilssamantekt hans verður að líta í því ljósi. Ævin er ekki löng og styttist stöðugt eldri mönnum. -pbb

# Baráttulög í Iðu

Á Skáldspírukvöldi Lafleur útgáfunnar í Iðuhúsinu í kvöld verður einn listamaður á sviðinu. Kristján Guðlaugssson, tónlistarmaður, vísnaskáld og baráttumaður, mun þar stíga á svið og flytja nokkur af lögum sínum.

Kristján var um langt árabil áhrifamikill baráttumaður í róttækum hreyfingum hér á landi, fyrst í Fylkingunni og síðar í Samtökum Marx-Lenínista. Fór hann í fylkingarbrjósti í róttækri verkalýðsbaráttu og andófi gegn her og heimsvaldastefnu. Hann var liðtækur í mæltu og bundnu máli og dró hvergi af sér.

Hann er meðal annars þekktur fyrir ljóð sem hann samdi við lag A.P. Patersons, „Ísland úr Nató, herinn burt" sem söngveitin



**FRÁ MÓTMÆLUM Á SÍÐUSTU ÖLD** Sigurður G. Tómasson og Sveinn Blöndal leiddir af vettvangi.

Kjarabót gerði vinsælt á sínum tíma.

Kristján hefur búið í Svíþjóð um langt árabil og verið fjarri átakalínum í íslenskum stjórnmálum. Samkoman í kvöld hefst kl. 20 á efri hæð bókaverslunarinnar Iðu. -pbb

# Sveðjur á lofti

Í bókinni Ein til frásagnar er sögð harmsaga Immaculée Ilibagiza sem ólst upp í Rúanda og lifði af blóðbaðið sem braust út í landinu árið 1994. Fjölskylda Immaculée var miskunnarlaust brytjuð niður í morðæði sem stóð yfir í þrjá mánuði á meðan hún sat ásamt sjö öðrum konum þögul í hnipri í baðherbergiskytru meðan hundruð morðingja með sveðjur á lofti leituðu þeirra.




Meðhöfundur sögunnar er Steve Erwin en þýðandi er Karl Emil Gunnarsson. Forlagið JPV gefur bókina út.



# Flytja „Tímann og vatnið“

Á Háskólatónleikum í Norræna húsinu á morgun flytur Kammerkór Langholtskirkju „Tímann og vatnið“ eftir Stein Steinarr við tóna Jóns Ásgeirssonar undir stjórn Jóns Stefánssonar.

Jón samdi lagaflokk við hluta þessa óræða kvæðis árið 1968 sem hann endurskoðaði árið 1972. Fimm árum síðar lauk hann við að skrifa tónlist við öll kvæði flokksins og helgaði hann Elísabetu konu sinni. Var verkið frumflutt af Hamrahlíðarkórnum árið 1987 en það er skrifað fyrir blandaðan kór án undirleiks.

Jón studdi sig í tónsmíðum við þá sögn að „Tíminn og vatnið“ væri í raun ástarkvæði. Hefur sú skoðun verið rökstudd af seinni tíma mönnum en vinir Steins á þeim tíma voru aldrei í vafa um að kvæðið ætti sér kveikju í sumardvöl þeirra Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur í Unuhúsi í skjóli Ragnars í Smára. Þar var Steinn fastagestur og voru málaðar af honum myndir þetta sumar. Jón segir það auka mönnum skilning á kvæðinu sé það lesið sem ástarljóð.

Kammerkór Langholtskirkju er hluti af kór Langholtskirkju en hann skipa sextán söngmenntaðir söngvarar. Hann hefur starfað bæði innan Langholtskirkju en hefur einnig tekið þátt í fjölda verkefna utan hennar ekki síst í samvinnu við Jón Ásgeirsson, til dæmis í uppfærslu Þjóðleikhússins og Þjóðdansafélagsins á Íslenskum söngdönsum Jóns. Þá hefur kórinn ferðast bæði innanlands og utan til að kynna íslenska kórtónlist.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.30. -pbb



**JÓN ÁSGEIRSSON TÓNSKÁLD** Samdi lagaflokk við óræt kvæði Steins.
FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR Þ. GUÐMUNDSSON

# Völundar vopnaðir hljóðfærum

Norska tríóið Poing heldur tónleika á Kaffi Kúltúr í kvöld. Tríóið hélt tónleika á vegum Norrænna músíkdaga en Poing er ein þekktasta sveit Norðurlanda sem sérhæfir sig í flutningi nýrrar tónlistar.

Sveitina skipa félagarnir Håkon Thelin kontrabassaleikari, Rolf-Erik Nystrøm saxófónleikari og Frode Haltli harmónikkuleikari en haft er fyrir satt að þeir séu hinir mestu völundar og hvers lags músík bókstaflega leiki í höndum þeirra.

Poing kemur fram reglulega í Noregi og hefur sveitin einnig leikið í flestum löndum Evrópu auk Kína og Japan. Poing hefur starfað mikið með norsku söngkonunni Maju Solveigu Kjelstrup Ratkje og hefur flutningur þeirra á söngölögum Kurts Weill og Bertholds Brecht vakið verðskuldaða athygli. Poing hefur einnig leikið með þjóðlagatónlistarmönnum víðs vegar að úr heiminum, djasstónlistarmönnum og poppsöngvurum.

Þeir félagarnir munu að sögn flytja fjölbreytta og tilraunakennda tónlist í kvöld. „Við njótum þess að halda tónleika og hlustendur geta átt von á margs konar stílum. Þar sem við ferðumst mikið verðum við fyrir áhrifum víða.“

Meðlimir Poing hafa það orð á sér að vera einstaklega frumlegir túlkendur enda hafa tónskáld víða um heim keppst við að skrifa verk fyrir þá, þar á meðal íslensku tónskáldin Atli Ingólfsson og Áki Ásgeirsson.

Tónleikarnir hefjast kl 20.00 en á tónleikunum koma einnig fram íslensku sveitirnar Aton og Helmus und Dalli. Aton sérhæfir sig í flutningi nýrrar tónlistar en hann hefur starfað síðan 1998. Síðarnefnda sveitin er skipuð Davíð Þór Jónssyni og Helga Svavari Helgasyni Flísverjum með meiru. Aðgangseyrir er 700 krónur. -khh



**EINSTAKLEGA FRUMLEGIR TÚLKENDUR** Norska tríóið Poing heimsækja skerið í annað sinn.

# Goodman í Hafnarfirði

Í kvöld verður bandaríska kvikmyndin The Benny Goodman Story (1955) í leikstjórn Valentine Davies sýnd í Bæjarbíói á vegum Kvikmyndasafnsins. Hefst sýningin kl. 20.

Myndin fylgir æfi klarinettuleikarans góðkunna, Bennys Goodman, frá 10 ára aldri (1919) til tímamótatónleika hans í Carnegie Hall árið 1938. Tónlistin í myndinni er stórkostleg og fram koma ýmsir þekktir tónlistarmenn í gestahlutverkum.



**BENNY GOODMAN** Í myndinni kemur fram fjöldi þekktra tónlistarmanna.

Á þessum tíma voru ekki margar hljómsveitir í Bandaríkjunum skipaðar bæði þeldökkum og hvítum tónlistarmönnum en þarna varð til ein slík sem samanstóð af sérlega hæfum tónlistarmönnum eins og t.d. Gene Krupa, Edward „Kid“ Ory og Lionel Hampton. Goodman lék sjálfur á klarinettið á tónrás myndarinnar. Sýningin er endurtekin á laugardag kl. 16. -pbb





25 ára og yngri: 50% afsl.

**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**

7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN




„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 22/10 kl. 14 Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14 Sun 5/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 20/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20
Fös 3/11 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Sun 22/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**ÁSKRIFTARKORT**
5 sýningar á 9.900

SÍÐASTA SÖLUVIKA!
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**MEIN KAMPF**
Lau 21/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20

**TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS**
Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30 Miðaverð 1.500

**AMADEUS**
Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr.
Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000. kr.

Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**VIÐ ERUM KOMIN-Íd**
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Fim 19/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20
Sun 22/10 kl. 20
Aðeins þessar sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Fös. 20/10 **örfá sæti laus**. **Aukasýning lau. 21/10.**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 **uppselt**, lau. 28/10 **uppselt**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, lau. 4/11 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **örfá sæti laus**, lau. 11/11 **örfá sæti laus**, sun. 12/11 **örfá sæti laus**.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 21/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 11/11 **kl. 14:00**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 18/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **uppselt**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus**.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 **kl. 17:00 uppselt.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**



**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. Allra síðasta sýning!

**FOSSE HÁTÍÐ:**

**SUZANNAH** eftir Jon Fosse/tónlist Atli Ingólfsson
**Gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.**
Fim. 19/10 **örfá sæti laus**, fös. 20/10.

**NAFNIÐ OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 21/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 22/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl.12:15 uppselt**, lau. 28/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 29/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15**, lau. 4/11 **kl. 11:00** og **kl. 12:15**, sun. 5/11 kl. **11:00** og **kl. 12:15**.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
**Höfn í Hornafirði** í dag þri. 17/10 kl. 13:00, **Egilsstaðir** mið. 18/10 kl. 16:00 og 20:00, **Eskifjörður** fim. 19/10 kl. 16:00, **Húsavík** fös. 20/10 kl. 16:00 og 20:00.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Með eða án vitundar

Myndlistarmaðurinn Bjarni Helgason hefur opnað sýninguna „Undir meðvitund“ á Næsta bar en þar sýnir hann tíu akrýlmálverk ásamt skissum og útprenti sem tengt er viðfangsefni sýningarinnar.

Titill vísar bæði til aðferðar listamannsins sem sækir efnivið sinn í undirmeðvitundina með aðferð súrrealistanna og hreinsar huga sinn af hugsunum og hugmyndum áður en hafist er handa. Í öðru lagi vísar titillinn til óhjákvæmilegra áhrifa meðvitundarinnar sem ávallt litar verk manna.

Skissur verkanna eru unnar í enska vasaorðabók þannig að blaðsíða er valin af handahófi og verður efsta orðið á þeirri blaðsíðu innblástur verksins og nafn þess. Sú skissa er hreinteiknuð og lituð í tölvu sem á endanum er máluð á striga. Á sýningunni eru sýnd verk af öllum stigum ferlisins. Sýningin er opin á þjónustutíma Næsta bars og stendur til 11. nóvember.



**VERK BJARNA HELGASONAR** Á sýningunni á Næsta eru skissur og akrýlmálverk.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

14 15 16 **17** 18 19 20

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Trúbadorakvöld verður haldið á **Kaffi Hljómalind** við Laugaveg. Fram koma **Torben Stock** frá Þýskalandi, **Owls of the Swamp** frá Ástralíu og **Svavar Knútur Kristinsson**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Dr. Juqian LI** heldur fyrirlestur á **Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri** og kynnir **China University of Political Science and Law** þar sem hann er starfandi lektor.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 **Listasafn Reykjavíkur** stendur fyrir sýningunni **Pakkhús postulanna** í **Hafnarhúsinu**. Par sýna ellefu listamenn, sem allir eru fæddir eftir 1968 verk af ýmsum toga. Sýningarstjórar eru **Daníel Karl Björnsson** og **Huginn Arason**.

☐ 10.00 Myndlistarkonan **Þórdís Aðalsteinsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin heitir **Því heyrist þó hvíslað að einhverjir muni komast af** og sýnir Þórdís þar málverk og vídeóverk.

☐ 11.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Fríkirkjuveg**. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenskri listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi níunda áratugarins. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.

☐ **Ágúst Jónsson** sýnir olíumálverk í galleri **Flös** í **Garði**. Ágúst er óskólagenginn frístundamálari en myndirnar eru flestar unnar á síðustu tveimur árum. Sýningin stendur til 31. október.

### BÆKUR

☐ 20.00 Baráttuskáldið **Kristján Guðlaugsson** kemur fram á **Skáldspírukvöldi Lafleur útgáfunnar**. Kristján gerði garðinn frægann með lagi sínu **Ísland úr Nató, herinn burt**, en hann mun flytja ljóð sín og leika á gítar. Skáldspírukvöldin fara fram í **Iðuhúsinu** við **Lækjargötu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

# Framboðsfundur

í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði
miðvikudaginn 18. október kl. 20:00


Anna Sigríður Guðnadóttir


Árni Páll Árnason


Bjarni Gaukur Þórmundsson


Bragi Jens Sigurvinsson


Guðmundur Steingrímsson


Guðrún Bjarnadóttir


Gunnar Svavarsson


Gunnar Axel Axelsson


Jakob Frímann Magnússon


Jens Sigurðsson


Katrín Júlíusdóttir


Kristín Á Guðmundsdóttir


Kristján Sveinbjörnsson


Magnús M. Norðdahl


Sandra Franks


Sonja B. Jónsdóttir


Tryggvi Harðarson


Valdimar Leó Friðriksson


Þórunn Sveinbjarnardóttir

Prófkjörið verður laugardaginn 4. nóvember n.k.
Kosningarétt hafa flokksfélagar og stuðningsfólk Samfylkingarinnar.

Samfylkingin

Stjórn kjördæmisráðs Suðvesturkjördæmis

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Uppskeruhátíð tískunnar

Nú fer að líða að veitingu Óskarsverðlauna tískuheimsins en það eru Bresku tískuverðlaunin eða British Fashion Awards. Verðlaunaafhendingin fer fram í Lundúnum 2. nóvember næstkomandi og er rauði dregillinn þar oftast stjörnum prýddur. Tilnefningar eru nú komnar í ljós og það sem vekur mesta athygli er að ofurfyrirsætan Kate Moss er tilnefnd sem fyrirsæta ársins þannig að það þýðir að kókaínhneykslið fræga er gleymt og grafið, í það minnsta í tískuheiminum.

Það er demantafyrirtækið Swarowski sem styrkir viðburðinn og eru verðlaunin haldin til að styrkja unga fatahönnuði á uppleið og koma þeim á framfæri enda eru verðlaunin sem Nýliði ársins mjög eftirsótt. Það verður einnig forvitnilegt að sjá hvaða fatahönnuður mun hreppa titilinn Fatahönnuður ársins.



**LUELLLA BARTLEY** Þessi ungi fatahönnuður sem eitt sinn var ritstjóri breska Vogue er tilnefnd sem fatahönnuður ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**Fatahönnuður ársins**
Preen
Luella Bartley
Giles Deacon

**Nýliði ársins**
Roksanda Ilincic
Sinha Stanic
Marios Schwab

**Fylgihlutahönnuður ársins**
Stuart Vevers
Georgina Goodman
Judy Blame

**Búð ársins**
Harrods
b Store
Liberty

**Herrafatahönnuður ársins**
Kim Jones
Aquascutum
Siv Stodal

**Hönnuður rauða dregilsins**
Vivienne Westwood
Antony Price
John Galliano

**Fyrirsæta ársins**
Erin O'Connor
Kate Moss
Alek Wek



**KOMIN AFTUR** Kate Moss er tilnefnd sem fyrirsæta ársins og því búin að sigra heiminn á ný eftir kókaínheykslið fræga fyrir ekki svo löngu.



**GANGA Í ÞAÐ HEILAGA** Tom Cruise og Katie Holmes ætla að ganga í það heilaga 28. nóvember næstkomandi á Ítalíu.

# Gifta sig á Ítalíu

Stjörnuparið Tom Cruise og Katie Holmes eru nú búin að ákveða dagsetningu og staðsetningu fyrir brúðkaupið sitt. Þau hafa ákveðið að ganga í það heilaga hinn 28. nóvember næstkomandi í einbýlishúsi George Clooney við Comovatnið á Ítalíu. Gestalistinn er ekki af verri endanum en samkvæmt blaðinu The Sun mun fræga fólkið flykkjast til Ítalíu til að heiðra leikarana með nærveru sinni. Cruise og Holmes eru búin að kaupa sér einbýlishús við hliðina á Clooney við Como-vatn. Katie Holmes mun skarta Chanel-kjól í brúðkaupinu en hún keypti hann á tískuvikunni í París á dögunum.

# Knattspyrnufólkið skemmtir sér

Eftir gott fótboltasumar fengu knattspyrnumenn að sletta úr klaufunum á lokahófi Knattspyrnusambands Íslands sem haldið var að venju á Broadway á laugardaginn. Verðlaun voru veitt fyrir frammistöðu sumarsins og má segja að mikið stuð hafi verið hjá fótboltakonum og -mönnum landsins. Baggalútur og Eyjólfur Kristjánsson spiluðu fyrir dansi við góðar undirtektir gesta.

Fótboltafólkið skartaði sínu fínasta og var örugglega fegið að geta gefið stuttbuxunum og háu sokkunum frí í smá stund.



**SIGURVEGARAR** Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Íslands- og bikarmeistara Vals, sem var valin þjálfari ársins er hér ásamt Margréti Láru Viðarsdóttur, markadrottningu sumarsins og besta leikmanni kvennaknattspyrnunnar árið 2006.



**Í SÍNU FÍNASTA PÚSSI** Gréta Mjöll Samúelsdóttir knattspyrnukona úr Breiðablik var sæt með vinkonu sinni á Broadway.



**BIKARMEISTARAR** Keflvíkingar voru aldeilis hressir enda eru þeir Bikarmeistarar sumarsins og höfðu auðvitað bikarinn með sér í hófið.



**AÐALMENNIRNIR** Eggert Magnússon, formaður KSÍ, Björgúlfur Guðmundsson, stjórnarformaður bankaráðs Landsbankans, en bankinn er helsti styrktaraðili fótboltasumarsins, og Halldór B. Jónsson, varaformaður KSÍ, voru glaðir í bragði í hófinu.



**LIÐ ÁRSINS** Strákarnir sem valdir voru í lið ársins 2006 voru brosmildir er þeir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara að verðlaunaafhendingu lokinni ásamt Eggerti Magnússyni, formanni KSÍ, og Björgúlfi Guðmundssyni frá Landsbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Ford
Nýtt tákn um gæði




Uppskeruhátíð
Góð tíð 2.290.000 kr.
Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


# Gifta sig í nóvember

Fyrrverandi kryddstúlkan Melanie B og gamanleikarinn Eddie Murphy eru að skipuleggja brúðkaup í næsta mánuði. Skötuhjúin, sem er búin að vera saman í fjóra mánuði, ætla að ganga í það heilaga á Roosevelt-hótelinu í Los Angeles og víst er að fyrrverandi Kryddpíur með Victoriu Beckham í broddi fylkingar muni vera á gestalistanum.

Murphy og Mel B eru nýlega komin úr fríi á Hawaii þar sem þau voru ásamt börnum sínum til að sjá hvernig fjölskyldurnar pössuðu saman. Mel B á eina dóttur og Eddie Murphy á fimm börn úr fyrra hjónabandi sem endaði fyrr á þessu ári.



**HJÓNALEYSIN** Mel B er yfir sig ástfangin af gamanleikaranum og ætla þau að ganga í það heilaga í næsta mánuði og hefur Eddie Murphy aldrei verið hamingjusamari að sögn vina.



COCTAIL VOMIT Þórhallur Skúlason, Sveinbjörg Pétursdóttir, Unnur Andrea Einarsdóttir og Örn Bárður Arnarsson.

# Gervið á bakvið glamúrinn

**Vart búin að slíta barnskónum hefur íslenska hljómsveitin Cocktail Vomit vakið á sér athygli hérlendis sem erlendis. Á laugardag treður hún upp á Airwaves tónlistarhátíðinni og þaðan liggur leiðin til Berlínar.**

„Netið er okkar helsta vígi enda auðveldast að koma sér á framfæri þar núorðið,“ segir Þórhallur Skúlason, áður kenndur við Thúleútgáfuna og forsprakki Coctail Vomit. Hljómsveitin sérhæfir sig í „elektrónísku poppi með skírskotun í hápólitískan húmor“. Sveitina skipa Unnur Andrea, Örn Bárður Arnarsson og Sveinbjörg Pétursdóttir en bandið á rætur að rekja til New York. „Ég og Unnur, kærastan mín stofnuðum hljómsveit ásamt fleirum sem hafði vinnuheitið Doctor Disco Schrimp í New York. Við spiluðum aðeins úti og hérna heima. Í sumar hittum við svo Örn Bárð og Sveinbjörgu og þá fór bandið að taka á sig skemmtilega mynd og Coctail Vomit varð til.“

Nafnið er frómt frá sagt óvenjulegt og útlit sveitarinnar tekur af öll tvímæli um að írónían svífur yfir vötnum. „Við funduðum nokkuð oft um nafnið,“ segir Þórhallur. „Hugsunin er sú að við séum á leið í kokteilpartí og þess vegna erum við allta í okkar fínasta pússi á tónleikum. Kokteilpartí tengjast hins vegar yfirleitt gerviglamúr og við kunnum satt best að segja ekki vel við okkur í slíkum selskap og þaðan sprettur nafnið.“ Hingað til hefur tónlistina eingöngu verið að finna á vefsíðunni myspace.com/cocktailvomit en að sögn Þórhalls hefur erlend plötuútgáfa boðið þeim að gefa lagið Everybody út á smáskífu. Hljómsveitin Gusgus hefur ennfremur fallist á að endurhljóðblanda lagið.

Coctail Vomit hefur spilað á nokkrum tónleikum hér á landi og erlendis og eftir viku leikur hún á skemmtistaðnum Pravda á Airwaves-tónlistarhátíðinni og senn liggur leiðin til Þýskalands. „Það verður ábyggilega fjör. Orðsporið spyrst merkilega hratt út á netinu og okkur hefur verið boðið að spila víðar úti og myndum ábyggilega gera ef við hefðum tíma.“

bergsteinn@frettabladid.is



ÞESSI VORU HRESS Ásgrímur fatahönnuður og Drífa voru búin að dressa sig upp í öllu svörtu í tilefni dagsins.

# Útlitið svart á Barnum

Síðastliðin föstudag var hinn alræmdi Föstudagurinn hinn 13 og í tilefni af því var svart partý á Barnum. Allir veggir og gluggar voru svartir og gestir langflestir klæddust svörtu í tilefni dagsins.

Jack Schidt eða plötusnúðurinn Margeir og Dj. Lazer eða Jón Atli þeyttu skífum ásamt hinni frægu Lauren Flax, plötusnúður frá New York.

Margt var um manninn og gestir greininlega ánægðir og dönsuðu fram á rauða nótt án þess að láta hinn alræmda ólukkudag á sig fá.



PLÖTUSNÚÐARNIR Margeir og Jón Atli voru hressir og sáu til þess að gestir staðarins gátu dillað sér fram eftir nóttu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



GOTT PARTÝ Þessar tvær voru í góðu skapi á Föstudaginn þrettánda.

REYNDU VIÐ AIRWAVES MEÐ
REYKJAVIK.COM

HVAÐ VEISTU UM STÆRSTA TÓNLISTARVIÐBURÐ ÁRSINS? KÍKTU Á REYKJAVIK.COM
OG TAKTU ÞÁTT Í AIRWAVES LEIKNUM. HEPPNIR ÞÁTTAKENDUR GETA UNNIÐ ARMBAND
Á ICELAND AIRWAVES HÁTÍÐINA

ICELAND AIRWAVES '06




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 4, 6 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 3.45 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| CRANK | kl. 8 og 10.15 |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10 |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 6 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað






# Nám í Danmörku!

**Hefur þú iðnmmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

*Odense Tekniske Skole* heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 19. október kl. 20.00 að Skipholti 70, 2. hæð. Þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varaðndi nám við skólann.

ErhvervsAkademiet ODENSE TEKNISKE SKOLE


# Langar að ferðast

**Leikkonan Lindsay Lohan ætlar að taka sér frí frá kvikmyndaleik til að ferðast um heiminn.**



Eins og fram hefur komið hætti Lindsay Lohan nýlega með kærastanum sínum, Harry Morton. Hún vill nota þessi tímamót í lífi sínu til að taka sér hlé frá kvikmyndaleik og sjá undur heimsins með eigin augum.

„Kannski ég taki mér frí. Hvíli mig í eitt ár. Mig langar að ferðast og kynnast öðrum menningarheimum betur. Því meira sem ég fullorðnast þeim mun meira langar mig til þess. Það er mér meira virði en að fara á skemmtistaði á hverju kvöld," segir Lindsay.

Og talandi um skemmtanalíf Lindsay þá hefur hún legið undir ámæli fyrir að vera of dugleg að heimsækja klúbbana. Á dögunum birtust meira að segja myndir af henni nærbuxnalausri á djamminu í London. Lindsay neitar því aftur á móti að hún skemmti sér of mikið. „Það er mitt og mömmu minnar að ákveða hvort ég skemmti mér of mikið. Ég er eins og engill í samanburði við marga vini mína."

**LINDSAY LOHAN** Vill hvíla sig á Hollywood og ferðast um heiminn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**WOLF PARADE** Hljómsveitin Wolf Parade á lag á safnplötunni.

# Safnplata komin út

Safnplatan Iceland Airwaves 2006 er komin út. Platan inniheldur 22 lög með jafnmörgum flytjendum sem koma fram á hátíðinni í ár, innlendum jafnt sem erlendum.

Stærstu erlendu hljómsveitir hátíðarinnar, Kaiser Chiefs, Wolf Parade, Brazilian Girls, The Go! Team og We are Scientists, eiga allar lög á plötunni, auk níu íslenskra laga, m.a. frá Mugison, Jakobínarínu, Lay Low og Skakkamanage.

# Daníel Ágúst með Hairdoctor

„Það er mikill heiður fyrir okkur að fá að spila með einum af besta söngvara Íslands," segir Jón Atli Helgason, annar af meðlimum hljómsveitarinnr Hairdoctor en söngvarinn Daníel Ágúst mun koma fram með hljómsveitinni á komandi Airwaves-hátíð. Árni +1 og Jón Atli skipa hljómsveitina Hairdoctor og byrjaði þetta samstarf þeirra og Daníels með því að þeir gerðu remix af lagi hans „The Moss" ásamt tónlistarmanninum OZY. „Þetta passaði bara allt svo vel saman og hefur okkur lengi langað til að gera remix af lögunum hans Daníels enda hentar rödd hans vel í elektró-lögin sem við erum að gera."

Jón Atli segist lengi hafa verið aðdáandi Daníels eða síðan í menntaskóla. „Jú, jú, maður átti meira að segja eina plötu með Nýdanskri í gamla daga þó að ég verði að viðurkenna að ég tek hiklaust Gusgus fram yfir þá hljómsveit."

Daníel Ágúst kemur sjálfur fram á Airwaves en það er klukkan 20 á laugardagskvöldið í Hafnarhúsinu en skokkar svo bara yfir götuna þar sem Hairdoctor mun spila klukkan 1 á Gauknum. „Ég gæti ekki verið ánægðari með staðsetninguna og tímann. Whomadewho hitar upp fyrir okkur," segir Jón Atli glaður í bragði og það er greinilegt að spenningurinn fyrir Airwaves hátíðina er að ná hámarki þessa dagana.

alfrun@frettabladid.is



**HAIRDOCTOR** Hljómsveitina skipa Jón Atli og Árni en á Airwaves munu kærustur þeirra Lóa og Gyða vera strákunum til halds og trausts sem bakraddir. Svipar svolítið til sænsku hljómsveitarinnar ABBA.



**DANÍEL ÁGÚST** Mun syngja lag sitt „The Moss" í nýrri útgáfu sem félagarnir í Hairdoctor gerðu og syngur með þeim á Airwaves.


KÄRCHER

Gólfþvottavélar
- fyrir allar stærðir af gólfum




RAFVER

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS




SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | |
| THE THIEF LORD | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| BEERFEST | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| NACHO LIBRE | kl. 10:10 | B.i. 7 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| STEP UP | kl. 5:50 - 10:10 | B.i. 7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 5:45 - 8 -10:10 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |

www.sambioin.is 575 8900

www.haskolabio.is




| | | | |
|---|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 6 - 8:30 - 10:10 | | B.i. 12 |
| THE QUEEN | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | B.i. 12 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | | Leyfð |
| ZIDANE | kl. 6 - 8 | | |
| THE ROAD TO GUANTANAMO | kl. 10:10 | ótextuð. | B.i. 16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 6 | | B.i.16 |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 8:15 | Tilboð 400 kr | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Geta alveg eins hætt eftir Airwaves

**Gestir Airwaves í ár fá vænan skammt af því sem norsk tónlist hefur upp á að bjóða um þessar mundir. Steinþór Helgi Arnsteinsson ræddi af því tilefni við Fredrik Saroea, norskan frænda sinn úr Datarock.**

Að undanförnu hefur Datarock verið á stífu tónleikaferðalagi um Bretland. Fredrik kom samt vel undirbúinn í viðtal. „Já, ég er búinn að fá mér smá að drekka og er núna til í að leggja í hann.“

### Markmiðinu náð í Reykjavík

Saga Datarock er einstök að sögn Fredriks. „Ég og Ketil (Mosnes, hinn meðlimur sveitarinnar) hittumst árið 2000 og stofnuðum hljómsveitina og núna höfum við spilað á 250 tónleikum í sextán löndum.“ Fredrik bætir við að hljómsveitin hafi haft þrjú markmið, að spila í Tókýó, New York og Reykjavík. Piltarnir hafa nú þegar spilað í Tókýó og New York þannig að „...eftir tónleikana okkar í Reykjavík getum við alveg eins hætt með hljómsveitina. Ég á minn bankareikning í Sviss og litla eyju í Karíbahafinu“. Bakgrunnur piltanna er líka afar forvitnilegur því Fredrik kom úr „trash metal“ og Ketil úr pönki, vægast sagt furðulegur viðsnúningur hjá báðum.

### Áhugavert lista-elektró í Bergen

Meðlimi Datarock skiptir hið sjón- og listræna ekki síður máli en sjálf tónlistin. „Þegar við byrjuðum með Datarock vorum við ekki meðal þeirra hljómsveita sem eyddu miklum tíma í æfingaverinu. Okkur báðum finnst samt mjög áhugavert að taka þátt í öllum sviðum tónlistarinnar.“ Datarock gefur út hjá sínu eigin plötufyrirtæki en í Noregi hafa spennandi hlutir verið gangi. „Mér finnst persónulega lista-elektró senan í Bergen áhugaverðust,“ segir Fredrik og bætir við að lokum að miklar skúrir og Ísland séu stórir áhrifavaldar og mætti eiginlega kalla þetta íslenska nýbylgju sem hafi borist yfir Atlantshafið. Já, Datarock-menn eru svo sannarlega fjörugir frændir okkur úr austri.



**EITURSVALIR** Fredrik lofar brjálaðri veislu á Airwaves enda hefur lista-elektró-rokk Datarock í anda Devo vakið töluverða athygli.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ashton Kutcher** veðjaði við vini sína fyrir tíu árum að hann ætti eftir að fara á stefnumót með Jennifer Aniston. Hann hefur fengið leyfi hjá unnustu sinni, Demi Moore, og hafði einnig fengið leyfi hjá Brad Pitt, þáverandi unnusta Aniston, til að bjóða henni á Pizza Hut. Aniston aflýsti hins vegar stefnumótinu en Kutcher segist enn stefna að því að vinna veðmálið.










**FENEYJAÆVINTÝRI** Þjófagengið sem felur sig í skúmaskotum Feneyja lendir í mögnuðum ævintýrum.

## Götustrákar í Feneyjum

Sýningar á ævintýramyndinni The Thief Lord hófust um helgina. Myndin er gerð eftir vinsælli skáldsögu Corneliu Funke sem greinir frá ævintýrum tveggja munaðarlausra drengja, Prosper og Bo. Þeir strjúka úr þrúgandi vist vondrar frænku og flýja til Feneyja þar sem þeir lenda á vergangi.

Í skúmaskotum þessarar sérstöku borgar kynnast þeir ungmennagengi sem lýtur stjórn hins dularfulla konungs þjófanna. Hópurinn heldur til í gömlu kvikmyndahúsi og hefur í sig og á með því að stela frá hinum ríku sem verður til þess að athygli klaufalegs rannsóknarlögreglumanns beinist að þeim.

Löggan er þó lítilfjörlegasta áhyggjuefni hópsins þar sem þau hafa fengið veður af gömlu og gleymdu leyndarmáli, fjársjóði sem gerir þeim sem hefur hann undir höndum kleift að snúa tímanum við.

# Þrír trúbadorar frá þremur löndum

Þrír trúbadorar frá þremur löndum troða upp hér á landi næstu daga. Þjóðverjinn Torben Stock og Ástralinn Pete Uhlenbruck, sem kemur fram undir nafninu Owls of the Swamp, munu syngja lög sín ásamt Svavari Knúti, sem verður fulltrúi Íslands.

Um þrenna tónleika verður að ræða og verða þeir fyrstu á Kaffi Hljómalind í kvöld klukkan 20.00. Næst spila þeir á Café Rosenberg á miðvikudagskvöld og þriðju tónleikarnir verða í Viðskiptaháskólanum á Bifröst í Borgarfirði.

Tónlist allra þriggja trúbadoranna er í rólegri kantinum, dálítið innhverf og persónuleg og andi Nicks Drake og líkra listamanna svífur yfir vötnum. „Þeir eru ofboðslega melódískir og ljúfir og gera einlæga texta,“ segir Svavar Knútur, sem vann trúbadorakeppni Rásar 2 á síðasta ári.

Þess má geta að Uhlenbruck er búinn að vera á tónleikaferðalagi um Evrópu sem hann skipulagði nær eingöngu gegnum Myspace-síðuna og kunningskap gegnum hana og er þessi stutta heimsókn þeirra Torbens til Íslands einnig afurð Myspace-vinskapar.

Að sögn Svavars munu þeir Torben og Uhlenbruck gista hjá honum meðan á dvöl þeirra á Íslandi stendur og munu þeir m.a. nota tímann til að skoða sig um í fagurri náttúrunni.



**SVAVAR KNÚTUR** Trúbadorinn Svavar Knútur heldur þrenna tónleika á næstu dögum ásamt erlendum vinum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




## > Einkennileg meiðsli

Á föstudag sendi HSÍ frá sér fréttatilkynningu vegna vals á landsliðshópi Íslands sem á að mæta Ungverjum í tveim landsleikjum í lok mánaðarins. Eins og svo oft áður var Roland Valur Eradze ekki í hópnum vegna meiðsla og er þess getið sérstaklega í tilkynningunni að hann sé meiddur. Það kom því mörgum spánskt fyrir sjónir þegar Roland stóð í marki Stjörnunnar gegn Val aðeins degi eftir að fréttatilkynningin var send út og ekki að sjá að þar væri sérstaklega illa haldinn leikmaður. Hann hafði einnig spilað með í síðustu leikjum Stjörnunnar þar á undan. Miðað við þetta er engu líkara en upplýsingar hafi komið frá Þórhalli miðli um að Roland verði meiddur þegar leikirnir gegn Ungverjum fara fram því hann er augljóslega ekki mikið meiddur í dag.



# sport

sport@frettabladid.is

BREYTINGAR HJÁ HANDBOLTALIÐI STJÖRNUNNAR: SIGURÐUR OG MAGNÚS SÖGÐU UPP STÖRFUM

# *Félaginu fyrir bestu að ég hætti núna*

Sigurður Bjarnason sagði um helgina upp starfi sínu sem þjálfari karlaliðs Stjörnunnar í handknattleik. Í kjölfarið sagði Magnús Teitsson einnig upp störfum en þeir félagar hafa stýrt liðinu síðan í fyrra. „Ég kláraði háskólanám í vor og byrjaði í kjölfarið í nýrri vinnu í sumar. Ég vissi um leið að ég gæti ekki eytt jafn miklum tíma í þjálfunina og þegar ég var í skólanum. Við vorum tveir með þetta og ætluðum að skipta þessu á milli okkar en það var ákveðin óánægja með það hjá leikmönnum sem er kannski eðlilegt. Þeir vilja hafa þjálfara sem getur sinnt liðinu 100 prósent," sagði Sigurður sem hefur ekki þegið laun fyrir vinnu sína hjá félaginu frá því í vor er það varð ljóst að hann gæti ekki sinnt starfinu eins vel og hann vildi. „Þetta er mín ákvörðun og ég tek hana með hagsmuni félagsins í huga. Ég er mikill Stjörnumaður og vil félaginu allt hið besta og því tók ég þessa ákvörðun. Ég mun fylgjast áfram með boltanum en það eru ákveðin tímamót í mínu lífi eftir að hafa eytt miklu púðri í handboltann í ansi mörg ár. Nú tekur annað við og það er spennandi að takast á við ný verkefni sem tengjast ekki handboltanum," sagði Sigurður sem ætlar að mæta áfram á leiki Stjörnunnar og hvetja liðið áfram og veitir ekki af þar sem Stjarnan hefur tapað öllum leikjum sínum í deildinni eftir að hafa byrjað tímabilið sannfærandi með sigri á Fram í meistarakeppni HSÍ.

Patrekur Jóhannesson og Konráð Olavsson munu stýra Stjörnuliðinu í kvöld er það sækir HK heim í SS-bikarkeppninni en nýr þjálfari verður ráðinn í vikunni.



## MARKAÐURINN

### *FH*

| | |
|---|---|
| **KOMNIR:** | |
| **ARNAR GUNNLAUGSSON** | **ORÐAÐUR VIÐ** |
| BJARKI GUNNLAUGSSON | ORÐAÐUR VIÐ |
| **FARNIR** | |
| BALDUR BETT | TIL VALS |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| ATLI VIÐAR BJÖRNSSON | FER LÍKLEGA |

### *KR*

| | |
|---|---|
| **KOMNIR** | |
| ÓSKAR ÖRN HAUKSSON | ORÐAÐUR VIÐ |
| **RAY ANTHONY JÓNSSON** | **ORÐAÐUR VIÐ** |
| **FARNIR** | |
| SÖLVI DAVÍÐSSON | ÓVÍST HVERT |
| **GUNNAR EINARSSON** | **ÓVÍST HVERT** |
| MARIO CIZMEK | ÓVÍST HVERT |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| GUNNAR KRISTJÁNSSON | LÍKLEGA ÁFRAM |
| **ÁGÚST GYLFASON** | **ÓVÍST** |

### *Valur*

| | |
|---|---|
| **KOMNIR** | |
| BALDUR BETT | FRÁ FH |
| **JÓHANN ÞÓRHALLSSON** | **ORÐAÐUR VIÐ** |
| JÓHANN HELGASON | ORÐAÐUR VIÐ |
| **ÓSKAR ÖRN HAUKSSON** | **ORÐAÐUR VIÐ** |
| HAFÞÓR Æ. VILHJÁLMSSON | ORÐAÐUR VIÐ |
| **FARNIR** | |
| MATTHÍAS GUÐMUNDSSON | ÓVÍST HVERT |
| **GARÐAR JÓHANNSSON** | **FREDERIKSTAD?** |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| HÁLFDÁN GÍSLASON | ÓVÍST |
| **ÞORVALDUR MAKAN** | **ÓVÍST** |

### *Keflavík*

| | |
|---|---|
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| STEFÁN ÖRN ARNARSON | LÍKLEGA ÁFRAM |

### *Breiðablik*

| | |
|---|---|
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| ELLERT HREINSSON | ÓVÍST |
| **NENAD ZIVANOVIC** | **LÍKLEGA ÁFRAM** |
| PETR PODZEMSKY | ÓVÍST |
| **SRDJAN GASIC** | **LÍKLEGA ÁFRAM** |
| STIG KROHN HAALAND | ÓVÍST |

### *ÍA*

| | |
|---|---|
| **FARNIR** | |
| ARNAR GUNNLAUGSSON | TIL FH? |
| **BJARKI GUNNLAUGSSON** | **TIL FH?** |
| IGOR PESIC | TIL FRAM |
| **HAFÞÓR ÆGIR VILHJÁLMSSON** | **TIL VALS?** |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| BJARKI FREYR GUÐMUNDSSON | ÓVÍST |
| **HELGI P. MAGNÚSSON** | **LÍKLEGA ÁFRAM** |
| HJÖRTUR HJARTARSON | ÓVÍST |
| **PÁLMI HARALDSSON** | **ÓVÍST** |

### *Víkingur*

| | |
|---|---|
| **FARNIR** | |
| VIKTOR B. ARNARSSON | TIL NOREGS? |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| ARNAR SIGURGEIRSSON | LÍKLEGA ÁFRAM |
| **DANÍEL HJALTASON** | **FER LÍKLEGA** |
| DAVÍÐ ÞÓR RÚNARSSON | ÓVÍST |
| **JÖKULL ELÍSABETARSON** | **LÍKLEGA ÁFRAM** |
| RANNVER SIGURJÓNSSON | ÓVÍST |
| **RODNEY PERRY** | **ÓVÍST** |

### *Fylkir*

| | |
|---|---|
| **KOMNIR** | |
| KRISTJÁN VALDIMARSSON | FRÁ GRINDAVÍK? |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| ARNAR ÚLFARSSON | LÍKLEGA ÁFRAM |
| **BJÖRN ÁSBJÖRNSSON** | **FER LÍKLEGA** |
| JÓHANN SIGURÐSSON | LÍKLEGA ÁFRAM |
| **JÓN B. HERMANNSSON** | **LÍKLEGA ÁFRAM** |
| SÆVAR ÞÓR GÍSLASON | LÍKLEGA ÁFRAM |

# Atli verður áfram hjá ÍBV

**Eftirsóttasti leikmaður sumarsins, Eyjamaðurinn Atli Jóhannsson, samdi um helgina við ÍBV til eins árs og verður því áfram hjá félaginu þrátt fyrir fall í haust. Enn eru margir stórir bitar á lausu á leikmannamarkaðnum.**

**FÓTBOLTI** Eyjamaðurinn Atli Jóhannsson ákvað um helgina að halda tryggð við sitt gamla félag og samdi við ÍBV til eins árs. Samningurinn verður endurskoðaður um mitt næsta tímabil með hliðsjón af gengi liðsins á þeim tímapunkti, sagði Gísli Hjartarson, stjórnarmaður knattspyrnudeildar ÍBV við Fréttablaðið.

Atli sagði sjálfur þegar ljóst varð að ÍBV myndi falla að hann teldi það ekki líklegt að hann kæmi til með að spila í 1. deildinni. Í kjölfarið var hann orðaður við flest stærstu lið landsins. „Þetta sýnir ákveðinn hug hjá leikmanninum og erum við hæstánægðir með að hafa náð samkomulagi við hann," sagði Gísli.

Hann sagði einnig að félaginu hefðu borist nokkrar fyrirspurnir frá erlendum liðum og því ekki ólíklegt að hann gæti reynt fyrir sér erlendis eftir áramót. Gísli neitaði því ekki heldur að þeir væru til í að skoða tilboð frá íslenskum félögum í Atla.

„Við skoðum allar skynsamlegar fyrirspurnir," sagði Gísli og bætti því við að stefnan hjá ÍBV væri að komast aftur í Landsbankadeildina strax næsta haust.



**ATLI ÁFRAM** ÍBV í leik gegn ÍA í sumar. Atli Jóhannsson (til vinstri) verður áfram hjá ÍBV. Með honum á myndinni eru Bo Henriksen og Bjarni Guðjónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR



**Á LEIÐ FRÁ GRINDAVÍK** Fullvíst má telja að Óskar Örn Hauksson og Jóhann Þórhallsson fari frá Grindavík.

Nokkrir leikmenn ÍBV eru með lausan samning, til að mynda Bjarni Rúnar Einarsson sem Gísli vonast til að semja við á næstunni. Sævar Eyjólfsson staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann væri á leið frá ÍBV og Pétur Runólfsson sagði meiri líkur en minni á að hann leiki á höfuðborgarsvæðinu á næstu leiktíð. Hefur hann helst verið orðaður við Breiðablik og HK.

Grindavík féll einnig í haust og er hætt við því að liðið missi marga sína sterkustu leikmenn. Óskar Örn Hauksson og Ray Anthony Jónsson hafa verið orðaðir við KR og Óskar einnig við Val. Kristján Valdimarsson er líklega á leið í Fylki á nýjan leik en Orri Freyr Hjaltalín verður sennilega áfram í Grindavík sem og Eysteinn Húni Hauksson sem hefur komist að munnlegu samkomulagi við Grindavík um tveggja ára samning. Guðmundur Andri Bjarnason liggur undir feldi þessa dagana og gæti þess vegna ákveðið að leggja skóna á hilluna.

Jóhann Þórhallsson sagði við Fréttablaðið í gær að hann teldi það afar líklegt að hann færi frá Grindavík í haust. Yrði hann þá lánaður fyrsta árið og svo gæti hann sagt upp samningi sínum við Grindavík næsta haust. Hann vildi þó ekki segja til hvaða liðs hann vildi fara en hann hefur helst verið orðaður við Val.

Hið sama má segja um nafna hans, Jóhann Helgason.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Sigþór Júlíusson ætlaði að hætta eftir sumarið:

# Sigþór hjá KR í tvö ár í viðbót

**FÓTBOLTI** Sigþór Júlíusson hefur samið við KR um að spila með liðinu næstu tvö árin. Hann kom til liðsins aftur í sumar eftir að hafa leikið með Val árið 2005 og svo fyrri hluta sumarsins með Völsungi. KR tapaði ekki deildarleik með hann innanborðs og komst í úrslit bikarkeppninnar. Teitur Þórðarson lagði í kjölfarið mikla áherslu á að halda Sigþóri sem ætlaði annars að leggja skóna á hilluna í haust.

„Það var í raun aldrei á stefnuskránni að koma aftur í KR," sagði Sigþór sem lék með KR í átta ár þar til hann fór til Vals. „Planið var að hætta núna að tímabilinu loknu eftir að hafa leikið nokkra leiki með uppeldisfélaginu," sagði Sigþór sem er uppalinn á Húsavík. „En það gekk nokkuð vel þessa leiki eftir að ég kom aftur til KR og er ég spenntur fyrir því að halda áfram. Ég held að það séu spennandi tímar framundan hjá KR."

Hann segir tímabilið hjá KR hafa endað vel en hafi þegar á heildina er litið ekki verið nógu gott. „Það hefur verið öldugangur hjá félaginu undanfarið en þetta endaði á ágætum nótum," sagði Sigþór við Fréttablaðið. - esá



**SIGÞÓR JÚLÍUSSON** Áfram í Frostaskjólinu næstu tvö árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**DAVÍÐ ÞÓR RÚNARSSON** Óvíst hvort hann verði áfram í Víkingi.

Leikmannamál Víkings:

## Arnar Jón áfram

**FÓTBOLTI Arnar Jón Sigurgeirsson mun af öllum líkindum skrifa undir nýjan tveggja ára samning við Víking á næstu dögum. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann kom til liðsins fyrir tímabilið í sumar og var meðal bestu manna liðsins. Þá eiga þeir Daníel Hjaltason, Davíð Þór Rúnarsson og Jökull Elísabetarson lausa samninga við Víking og eru þeirra mál í vinnslu. Þeir tveir fyrstnefndu hafa þegar fengið þó nokkrar fyrirspurnir frá liðum í efstu deild og 1. deild.** - esá

Leikmannamál ÍA:

## Páll Gísli ver áfram mark ÍA

**FÓTBOLTI** Páll Gísli Jónsson verður áfram á mála hjá ÍA næstu tvö árin en Gísli Gíslason, formaður rekstarstjórnar meistaraflokks ÍA, staðfesti það við Fréttablaðið í gær. Hinn markvörður liðsins, Bjarki Freyr Guðmundsson, er í námi í Bandaríkjunum og segir Gísli að hans mál skýrist ekki fyrr en í janúar.

Helgi Pétur Magnússon var í láni hjá HK sumar en Skagamenn vonast til að hann framlengi samning sinn. Þá er óvíst hvað Pálmi Haraldsson gerir. - esá

## MARKAÐURINN

### *Grindavík*

| | |
|---|---|
| **FARNIR** | |
| ÓSKAR ÖRN HAUKSSON | TIL KR EÐA VALS? |
| **JÓHANN ÞÓRHALLSSON** | **TIL VALS?** |
| JÓHANN HELGASON | TIL VALS? |
| **RAY ANTHONY JÓNSSON** | **TIL KR?** |
| KRISTJÁN VALDIMARSSON | TIL FYLKIS? |
| **KOFI DAKINAH** | **ÓVÍST HVERT** |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| EYSTEINN HAUKSSON | VERÐUR ÁFRAM |
| **GUÐMUNDUR BJARNASON** | **ÓVÍST** |
| ORRI FREYR HJALTALÍN | LÍKLEGA ÁFRAM |
| **DAVID HANNAH** | **ÓVÍST** |

### *ÍBV*

| | |
|---|---|
| **FARNIR** | |
| SÆVAR EYJÓLFSSON | ÓVÍST HVERT |
| **BO HENRIKSEN** | **ÓVÍST HVERT** |
| THOMAS LUNDBYE | ÓVÍST HVERT |
| **ULRIK DROST** | **ÓVÍST HVERT** |
| **MEÐ LAUSAN SAMNING** | |
| BJARNI RÚNAR EINARSSON | LÍKLEGA ÁFRAM |
| **PÉTUR RUNÓLFSSON** | **FER LÍKLEGA** |
| MARK SCHULTE | VERÐUR ÁFRAM |
| **MATT GARNER** | **VERÐUR ÁFRAM** |
| JONAH LONG | VERÐUR ÁFRAM |



HELENA SVERRISDÓTTIR Stóð sig vel í að safna fé um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Meistarakeppni KKÍ:

## 160 þúsund fyrir tilþrifin

**KÖRFUBOLTI** Alls söfnuðust 160 þúsund krónur í Meistarakeppni KKÍ á sunnudag á vellinum sjálfum en alls söfnuðust um 800 þúsund krónur sem runnu til foreldra og styrktarfélags heyrnardaufra. Leikmenn fengu nefnilega 2500 krónur fyrir þriggja stiga kröfu og 5000 krónur fyrir troðslu frá styrktaraðilunum Lýsingu og Iceland Express.

Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson safnaði mestu eða 15 þúsund krónum en hann og Njarðvíkingurinn Egill Jónasson voru þeir einu sem bæði tróðu og skoruðu þriggja stiga körfu. Hjá stelpunum söfnuðu Haukastelpurnar Helena Sverrisdóttir og Kristrún Sigurjónsdóttir mestu fé. - hbg

Markverðir Chelsea:

## Báðir á batavegi

**FÓTBOLTI Það gekk mikið á þegar Reading og Chelsea mættust um helgina. Fyrst rotaðist aðalmarkvörður Chelsea Petr Cech í samstuði en síðar kom í ljós að hann hefði brákað höfuðkúpuna. Cech gekkst undir aðgerð í gær og er á ágætis batavegi.**

**Í hans stað kom Carlo Cudicini en hann rotaðist líka í leiknum en er ekki eins illa haldinn og Cech, Hann mun samt ekki leika gegn Barcelona á morgun. Markvörður Chelsea í þeim leik verður væntanlega Henrique Hilario.** - hbg

Nýliðarnir í efstu deild:

## 15 menn samningslausir í HK

**FÓTBOLTI** Halldór Valdimarsson, formaður knattspyrnudeildar HK, sagði við Fréttablaðið í gær að stefnt væri að því að halda öllum leikmönnum félagsins í sínum röðum en svo vill til að fimmtán leikmenn liðsins eru á samningi sem rennur út um áramótin, í síðasta lagi. Halldór sagði að stefna félagsins væri að byggja liðið upp á heimamönnum og það breyttist ekki nú.

Af Fram er það að frétta að Igor Pesic samdi við liðið til tveggja ára en hann hefur undanfarin tvö ár leikið með ÍA. Fyrr á dögunum gekk Reynir Leósson til liðs við félagið en óvíst er hvað Gunnar Sigurðsson og Jónas Grani Garðarsson gera. - esá

Baldur Bett:

## Samdi við Val

**FÓTBOLTI Baldur Bett samdi í gær við knattspyrnudeild Vals um að leika með liði félagsins næstu þrjú árin. Baldur hefur allan sinn meistaraflokksferil leikið með FH og orðið þrefaldur Íslandsmeistari með liðinu. Hann hefur hins vegar átt erfitt með að vinna sér sæti í byrjunarliðinu og ákvað því að skipta um vettvang.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Valsmenn lengi haft augastað á Baldri.** - esá

Meistaradeildin heldur áfram af fullum krafti í kvöld:

# Vængbrotnir Danir mæta Man. Utd. á Old Trafford

**FÓTBOLTI** Þriðja umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld. Athyglisverð viðureign fer fram á Old Trafford í Manchester þar sem FC Copenhagen heimsækir Man. Utd. Danirnir hafa aðeins fengið eitt stig í fyrstu tveim leikjum sínum en United er með fullt hús stiga og fer langt með að tryggja sig áfram með sigri í kvöld.

Á því verða að teljast verulegar líkur því hjá Dönunum vantar fyrirliða liðsins, Svíann Tobias Linderoth, sem ferðaðist ekki með liðinu til Englands en kona hans á von á barni þá og þegar. Það er greinilega mikil fjölskyldustefna hjá félaginu því Linderoth fékk frí til að vera viðstaddur fæðinguna.

Einnig vantar bakvörðinn André Bergdölmo og kantmanninn skæða Jesper Grönkjær en báðir eru meiddir og sátu eftir í Kaupmannahöfn þegar liðið hélt til Englands. Munar um minna hjá danska liðinu.

Það er betri stemningin hjá Man. Utd. en fastlega er búist við því að Cristiano Ronaldo og Gary Neville snúi aftur í lið United eftir meiðsli og þá væntanlega á kostnað Wes Brown og Ole Gunnar Solskjær.

Arsenal á erfiðan útileik í vændum gegn CSKA í Moskvu en leikurinn hefst fyrr en allir hinir leikirnir. Brasilíumaðurinn Denilson gæti leikið sinn fyrsta leik fyrir Arsenal í Rússlandi en Wenger, stjóri Arsenal, valdi þennan efnilega fyrirliða U-19 ára liðs Brasilíu í hópinn þar sem Julio Baptista og Freddie Ljungberg eru meiddir sem og Lauren, Eboue, Senderos og Diaby. - hbg



SAHA SJÓÐHEITUR Franski framherjinn Louis Saha hefur farið á kostum með Man. Utd. í vetur og sést hér fagna sigurmarki sínu gegn Benfica á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**LEIKIR KVÖLDSINS**

*E-riðill:*

| | |
|---|---|
| DYNAMO KIEV - LYON | |
| S. BÚKAREST - REAL MADRID | SÝN EXTRA |

*F-riðill:*

| | |
|---|---|
| CELTIC - BENFICA | SÝN EXTRA 2 |
| MAN. UTD - FC COPENHAGEN | SÝN |

*G-riðill:*

| | |
|---|---|
| CSKA MOSKVA - ARSENAL | SÝN |
| PORTO - HAMBURG SV | |

*H-riðill:*

| | |
|---|---|
| ANDERLECHT - AC MILAN | |
| LILLE - AEK AÞENA | |



ÍSLENDINGASLAGUR Heiðar Helguson og Hermann Hreiðarsson berjast hér um boltann í gærkvöldi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Góður sigur hjá Fulham

**FÓTBOLTI Heiðar Helguson og félagar í Fulham unnu góðan heimasigur, 2-1, gegn Charlton í gær. Heiðar var í byrjunarliði Fulham en fór af velli á 58. mínútu. Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Charlton og lék allan leikinn.**

**Fyrri hálfleikur var frekar bragðdaufur en síðari hálfleikur var mun líflegri en Fulham gerði út um leikinn á tveggja mínútna kafla. Fyrst skoraði Brian McBride á 65. mínútu með góðu skoti utan teigs og Claus Jensen skoraði síðan eftir að hafa sloppið einn í gegnum vörn Charlton.**

**Darren Bent minnkaði muninn 12 mínútum fyrir leikslok en lengra komst Charlton ekki. Næst því að jafna komst Hermann Hreiðarsson en hann hitti boltann illa í ákjósanlegu skallafæri.** - hbg



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Man... I didn't join the army to pull paper out of people's asses."**

Svar: Conrad Vig (Spike Jonze) úr myndinni Three Kings frá 1999.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER AÐ NÁ ÞVÍ HVERSU FRÁBÆR OPRAH ER

## *Spjallþáttadrottningin í hjálparstarfi*

Datt inn á þátt hjá hinni sívinsælu Opruh Winfrey um helgina. Hef aldrei almennilega skilið þennan þátt eða vinsældir Winfrey sem fer fram úr öllum þáttunum í áhorfskönnunum vestan hafs. Enda er ég kannski ekki alveg í markhópnum fyrir þennan spjallþátt en hef heyrt af mörgum konum sem sitja sem fastast fyrir framan imbann um leið og Oprah birtist á skjánum og grenja ofan í sófapúðana. Það er meira að segja búið að orða þessa spjallþáttadrottningu við Hvíta húsið. Ekki finnst mér það skrítið því hvar sem þessi fræga blökkukona fer er hún hyllt meira en forseti Bandaríkjanna.

Í þessum þætti sem ég horfði á fór Oprah aftur á slóðir flóðbylgjunnar í Taílandi til að fylgja eftir hjálparstarfsemi sem hún setti á laggirnar þar upp á eigin spýtur. Starfsemin ber nafnið Angel-samtökin og hafa milljarðar safnast í þennan sjóð en honum er ætlað að útrýma fátækt í heiminum. Oprah gekk þarna um hverfi sem hún hafði byggt upp fyrir aumingjans fólkið sem lenti í þessum skelfilegu náttúruhamförum. Minnti mig pínulítið á móður Theresu þar sem hún gekk um akra eins og bjargvætturinn mikli.



**OPRAH WINFREY** Lætur gott af sér leiða og nýtir frægðina til að hjálpa bágstöddum úti í heimi.

Oprah Winfrey er ekki bara búin að fara hamförum á slóðum flóðbylgjunnar heldur er hún búin að byggja heilu hverfin fyrir fórnarlömb mannskæða fellibylsins Katrínar sem fór um New Orleans í Bandaríkjunum og sópaði heimilum mörg þúsund manna burt með sér. Í þættinum voru sýnd heilu hverfin sem merkt voru Opruh Winfrey og þessum Angel-samtökum.

Já, ég viðurkenni að það var stutt í tárin þar sem ég sat uppi í sófa að horfa á þennan þátt. Það er alltaf gaman að horfa á einhvern láta gott af sér leiða í sjónvarpi og gera eitthvað í þágu bágstaddra. Ekki hafði ég hugmynd um hversu umsvifa- og valdamikil Oprah Winfrey er og tek ég hér með ofan fyrir henni.



▶ 19.35 *Dægurmál*

KASTLJÓS



▶ 20.05 *Veruleiki*

AMAZING RACE



▶ 21.00 *Drama*

RESCUE ME



▶ 22.00 *Drama*

CONVICTION



▶ 18.30 *Knattspyrna*

MAN. UTD – FC KAUPMANNAHÖFN

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Magga og furðudýrið (6:26) **18.25** Andlit jarðar (13:16)

**18.30 Kappflugið í himingeimnum (6:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35 Kastljós**
**20.15 Veronica Mars (7:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.00 Önnur hlið á Evrópu** (Det andet Europa)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Lögmál Murphys (2:6)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Síðasti spæjarinn **0.25** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Neighbours **13.05** Í fínu formi 2005 **13.20** Meistarinn **14.05** George Lopez **14.30** Veggfóður **15.15** Wife Swap (2:12) (e) **16.00** Shin Chan **16.25** Mr. Bean **16.45** He Man **17.10** Nornafélagið **17.35** Músti **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (20:22)**
▶ **20.05 Amazing Race** (Kapphlaupið mikla)
**20.55 NCIS (15:24)** (Glæpadeild sjóhersins)
**21.40 Prison Break** (Flóttinn)
**22.25 Arrested Development** (Tómir asnar) Í upphafi seríunnar er George eldri enn á útopnu og sér til þess að Michael er sá næsti í fjölskyldunni sem sóttur verður til saka fyrir misferli innan fjölskyldufyrirtækisins.
**22.50 Shield (7:11)** (Sérsveitin)

**23.35** Deadwood (St. b. börn.) **0.25** Inside Out **2.00** Timecop 2: The Berlin Decisio (St. b. b.) **3.20** Prison Break (Bönnuð börnum) **4.05** NCIS (B. börn.) **4.50** The Simpsons **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld (6:24)** (The Soup Nazi)
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 Rock School 1**
▶ **21.00 Rescue Me** Þriðja serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð númer 62.
**22.00 24 (13:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 24 (14:24)** Bönnuð börnum.

**23.30** My Name is Earl (e) **23.55** Insider **0.20** The War at Home (e) **0.45** Seinfeld (6:24) **1.10** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.35** Surface (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Out of Practice – NÝTT! (e)** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.
**20.10 Queer Eye for the Straight Guy**
**21.00 Innlit / útlit**
▶ **22.00 Conviction** Potter er lúbarinn eftir að hann reynir að fá vitni til að mæta fyrir rétt, Rossi fer með mál fyrirsætu sem segir að frægur einstaklingur hafi nauðgað sér og Finn kynnist ungum og myndarlegum lækni sem er vitni í nýjasta málinu hennar.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Survivor: Cook Islands (e) **0.30** The Dead Zone (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**15.45** Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur **16.15** Meistaradeild Evrópu **18.15** Meistaradeildin með Guðna Bergs – Upphitun

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd – FC Kaupmannahöfn) Bein útsending frá leik Manchester United og FC Kaupmannahöfn í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Leikurinn fer fram á Old Trafford í Manchester og verður erfiður fyrir Danina. Þeir eiga þó frambærilega knattspyrnumenn í sínum röðum eins og þá Jesper Gronkjaer og Tomas Linderoth.
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)
**21.20 Meistaradeild Evrópu** (Steaua Búkarest – Real Madrid) Útsending frá leik Steaua Búkarest og Real Madrid í Meistaradeildinni í knattspyrnu.

**23.10** Meistaradeild Evrópu **1.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum (e) **14.00** Fulham – Chelsea (e) Frá 16.10 **16.00** Wigan – Watford (e) Frá 23.09 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Að leikslokum (e)** Leiksskipulag, leikkerfi, umdeild atvik og fallegustu mörkin eru skoðuð frá ýmsum hliðum og með nýjustu tækni.
**20.00 Liverpool – Tottenham (e) Frá 23.09**
**22.00 Portsmouth – Bolton (e) Frá 25.09**
**0.00** Dagskrárlok

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir
**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**
**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Special Jennifer Aniston: America's Sweetheart **15.00** Stranded With A Star: Who Would You Choose? **17.00** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Hip Hop Wives THS **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Hip Hop Wives THS **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

NFS

VAKNAÐU VEL MEÐ ÍSLANDI Í BÍTIÐ
Alla virka daga frá 7 - 9



GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Amazing Race



Kapphlaupið mikla er nú hafið í níunda skiptið. Að þessu sinni hefst það í Denver þar sem ellefu lið hefja leik. Tveir eru í hverju liði; hjón, pör, systkini, mæðgur og bestu vinir.
Í fyrsta þætti liggur leiðin beint út fyrir landsteinana, suður á bóginn til Sao Paulo í Brasilíu en upp frá því hefst heimshornaflakkið fyrir alvöru með risastökki til Rússlands, þaðan til Þýskalands, Ítalíu, Grikklands, Óman, Ástralíu, Taílands, Japans og svo að endingu aftur á byrjunarreit í Denver, sem markar einnig lokaáfangann eftirsótta.
Þátturinn kemur úr smiðju Jerrys Bruckheimer og hefur unnið til fleiri verðlauna en nokkur annar raunveruleikaþáttur.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | | | |
| | 1 | | | 5 | 9 | 6 | 7 | |
| 9 | 8 | | | | 4 | | | |
| | | | | | | 7 | | 4 |
| 1 | | | | | | | | 3 |
| 5 | | 2 | | | | | | |
| | | | 4 | | | | 9 | 1 |
| | 4 | 9 | 7 | 3 | | | 5 | |
| | | | | | 5 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 6 | 9 | 8 | 2 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 |



▶ **20.00**

*Gaman*

HOW TO LOSE A GUY IN 10 DAYS

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Trail of the Pink Panther **8.00** How to Kill Your Neighbor's D **10.00** Try Seventeen

**12.00** How to Lose a Guy in 10 Days **14.00** Trail of the Pink Panther **16.00** How to Kill Your Neighbor's D

**18.00** Try Seventeen
▶ **20.00 How to Lose a Guy in 10 Days** (Losnað við gæja á 10 dögum)
**22.00 The Dangerous Lives of Alter Boys** (Kórdrengir í klandri) Dramatísk kvikmynd um tvo kaþólska skóladrengi sem láta sér ekki segjast. Francis og Tim eru klárir en uppvöðslusamir og þeim leiðist tilbreytingarleysið í skólanum. Þeir búa til myndasögubók sem samanstendur aðallega af ruddaskap. Skólayfirvöld komast í málið og félögunum er refsað. 2002. Bönnuð börnum.

**0.00** U.S. Seals II (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Dog Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Dangerous Lives of Alter Boys (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Stelpulitir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Seiður og hélog **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Samfélagsrýnir og sagnameistari **21.00** Afsprengi **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Fimm fjórðu

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.45** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með The Flaming Lips **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

TVEIR NÝIR ÞÆTTIR FRUMSÝNDIR!

Önnur serían af Prison Break er hafin. Átta klukkustundir eru liðnar síðan við skildum við þá bræður Michael og Lincoln, Sucre C-Note og Abruzze þar sem þeir voru að flýja undan laganna vörðum. FBI varðstjórinn skarpskyggni, Alexander Mahone, er staðráðinn í að hafa hendur í hári strokufanganna.

Hið æsispennandi kapphlaup um milljón dali er hafið í níunda sinn. Verðlaunaðasti raunveruleikaþáttur heims.

FLÓTTI UPP Á LÍF OG DAUÐA
og kapphlaupið mikla í kvöld á Stöð 2



Prison Break - kl. 21:35



Amazing Race - kl. 20:05

GOTT FÓLK McCANN

## HRÓSIÐ ...



*... fær Pálína Matthíasdóttir sem starfaði hjá handhafa friðarverðlauna Nóbels meðan hún skrifaði lokaritgerð sína í alþjóðaviðskiptum.*

# Lengsti plötusamningur Íslandssögunnar

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens hefur undirritað tímamótasamning við Senu um útgáfu að minnsta kosti tíu nýrra platna á næstu tíu til fimmtán árum. Um er að ræða lengsta plötusamning Íslandssögunnar.

Plöturnar koma út undir merkjum nýs útgáfufyrirtækis, Blindsker, sem stofnað var í tengslum við útgáfuna. Sena eignast jafnframt útgáfuréttinn á öllum hljóðritunum Bubba.

„Ég er búinn að semja efni á nýja plötu sem ég ætla að byrja vonandi að taka upp í janúar eða febrúar. Ég hef grun um það að það verði mjög hrá rokkplata," segir Bubbi. „Svo á ég gróflega efni á fjórar til fimm plötur. Ég hef ekki orðið var við heilabilanir eða neitt því um líkt, þannig að ég er á því að ég verði í helvíti góðu standi alla vega næstu, segjum fjörutíu árin. Ég er búinn að strengja þess heit að ég mun spila svo lengi sem ég get labbað inn á svið. Mér finnst það göfugt markmið að taka menn eins og Johnny Lee Hooker og Johnny Cash mér til fyrirmyndar," segir Bubbi.

Samningurinn nær einnig út fyrir landsteinana. „Ég á helling af lögum á dönsku og það getur vel verið að við bætumst í þetta lið sem er að bögga Dani þessa dagana," segir hann.

Í gær komu einnig út á tvöföldum geisladiski og DVD-mynddiski vel heppnaðir afmælistónleikar Bubba frá því í sumar, 06.06.06. -fb



**BUBBI MORTHENS** Bubbi Morthens ásamt umboðsmanni sínum Páli Eyjólfssyni, sem mun annast útgáfustjórn á plötum Bubba. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT** 2 uss 6 í röð 8 neðan 9 erta 11 samþykki 12 reika 14 labba 16 samtök 17 gól 18 fát 20 til 21 stefna.

**LÓÐRÉTT** 1 kostar lítið 3 tveir eins 4 rabba 5 forsögn 7 ótvíræður 10 angra 13 málmur 15 eyðimörk 16 ái 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 suss, 6 de, 8 upp, 9 ýfa, 11 já, 12 ramba, 14 lalla, 16 aa, 17 ýlu, 18 fum, 20 að, 21 ismi.

**LÓÐRÉTT:** 1 ódýr, 3 uu, 4 spjalla, 5 spá, 7 efalaus, 10 ama, 13 blý, 15 auðn, 16 afi, 19 mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Árni Páll Árnason.
2. Hildur Helga Gísladóttir.
3. Íslenska kvikmyndin Börn.











## EINAR BÁRÐARSON: GENGINN TIL LIÐS VIÐ SENU

# 40 milljónir fyrir Concert

„Tónleikahald hér á Íslandi er alls ekki auðveldur rekstur og þessi sameining á eftir að létta mikið undir með mér," segir Einar Bárðarson sem seldi Senu ráðandi hlut í fyrirtæki sínu Concert í gær. Sena er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði afþreyingar og á Samkeppnisstofnun eftir að leggja blessun sína yfir kaupin. Einar Bárðarson var mjög sáttur þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, enda segist hann um þó nokkurt skeið hafa verið að leita sér að sterkum bakhjarli.

Einar eyðir mestum af sínum tíma í rekstur útgáfufélags síns Believer í London en þessi sameining á ekki eftir að hafa mikil áhrif á tvo stærstu skjólstæðinga Einars, Nylon–flokkinn og Garðar Thór Cortes. „Ég sá fram á að Sena gæti orðið öflugur bakhjarl á tónleikamarkaðinum sem þeir ætluðu að fikra sig inn á og því ákvað ég að slást í hópinn," útskýrir Einar sem vildi ekki gefa upp kaupverðið en sagðist ánægður með viðskiptin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kaupverðið ekki undir fjörutíu milljónum.

Aðspurður hvort þessi sameining þýddi ekki að Íslendingar mættu eiga von á enn stærri viðburðum á næstunni útilokaði Einar ekki að svo kynni að vera. Árið í ár hefur verið með daprasta móti miðað við síðastliðin sumur og Einar sagði að markaðurinn væri ef til vill mettur eftir algjöra sprengju af stórum hljómsveitar- og tónlistarnöfnum. „Það sem eftir lifir 2006 og árið 2007 verður mjög skemmtilegt og við sjáum fram á mjög spennandi og bjarta tíma," sagði Einar en vildi ekki gefa upp hvað væri á teikniborðinu.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá Senu eru kaupin á Concert liður í að styrkja enn frekar öflugan vettvang fyrir lifandi tónlist og aðra viðburði. Tónleika- og viðburðardeild Senu heldur því áfram að stækka við sig því síðastliðið sumar var einn öflugasti tónleikahaldari landsins, Ísleifur B. Þórhallsson, ráðinn til starfa hjá Senu með það fyrir augum að hefja sókn í tónleikahaldi fyrir hönd fyrirtækisins.

freyrgigja@frettabladid.is



**EINAR BÁRÐARSON** Concert hefur verið áberandi nafn í tónleikahaldi landsmanna en Einar flutti meðal annars inn Mikhaíl Gorbatsjov á dögunum.



**ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON** Hjá Senu hafa nú tveir af öflugustu tónleikahöldurum landsins sameinast undir eitt merki.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ýmislegt skemmtilegt birtist á heimasíðu **Magna Ásgeirssonar**, www.magni-ficent.com. Í nýlegri færslu má meðal annars lesa um ferð notanda sem kallar sig **Casper** til Svíþjóðar en þar var hann til að vera við brúðkaup vinafólks síns. Þessi Casper er einlægur aðdáandi Magna og greinir frá því að hann hafi varla fyrr verið sestur en að presturinn hóf upp raust sína og las stutt erindi úr eftirlætislagi brúðarinnar. Viti menn, tilvitnunin kom úr lagi hljómsveitarinnar Á móti sól sem Magni syngur með.



Gestir Vegamóta ráku margir hverjir upp stór augu þegar kynþokkafyllsti viðskiptajöfur heims birtist þar öllum að óvörum, sjálfur **Björgólfur Thor Björgólfsson**. Við lá hálfgerðum múgæsingi meðal sumra gesta sem margir hverjir áttu erfitt með að leyna aðdáun sinni á kappanum. Björgólfur var hins vegar allur hinn rólegasti og dreypti á fínu víni á meðan hann ræddi við alla þá sem vildu.



Hin góðkunna þula og ritstjóri Hér og nú, **Ellý Ármannsdóttir**, og unnusti hennar, **Freyr Einarsson** ritstjóri DV, eiga von á erfingja í apríl og staðfesti Ellý þetta í samtali við Fréttablaðið. Ellý er komin þrjá mánuði á leið og þykir bera sig einstaklega vel. -fgg



# Lét skeggið fjúka fyrir frægðina

Úrslitin í karóki-keppni vinnustaða á Ströndum réðust á laugardaginn þegar þeir átta keppendur sem komust áfram eftir harða baráttu á undankvöldi þöndu raddböndin á Café Riis. Mikil stemning var í húsinu og sá sem stóð uppi sem sigurvegari var Sigurður Vilhjálmsson sem keppti fyrir hönd Kaupfélags Steingrímsfjarðar. Keppendur reyndu ýmislegt til að vinna hug og hjörtu dómnefndarinnar en sá sem lagði kannski hvað mest á sig var Sigurður Atlason frá Strandagaldri.

Sigurður skartar vanalega miklu og þykku alskeggi og flutti fyrra lagið sitt með skeggið í heilu lagi. Í seinna laginu brá hins vegar mörgum sveitungum Sigurðar í brún þegar hann sneri sér við því skeggið var þá farið. „Hvað gerir maður ekki fyrir frægðina," sagði Sigurður þegar Fréttablaðið hafði upp á honum. „Þetta vex hins vegar aftur," bætti hann við og sagðist jafnan snyrta hár sitt og skegg fyrir jólin og þau væru því bara aðeins fyrr á ferðinni en venjulega. Sigurður var kosinn skemmtilegasti keppandinn af áhorfendum í sal og sagðist galdramaðurinn vera ánægður með þá útnefningu, hún hefði verið sárabót fyrir úrslitin. „Vonandi stígur þetta mér ekki bara til höfuðs og ef ég verð farinn að syngja á almannafæri þarf ég að leita mér hjálpar," sagði Sigurður og hló en tók engu að síður skýrt fram að Sigurður Vilhjálmsson hefði verið vel að sigrinum kominn og enginn skömm væri að tapa fyrir honum. -fgg



**MEÐ SKEGGIÐ** Sigurður var í skrautlegum búningi þegar hann flutti fyrra lagið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/STRANDIR.IS



**SKEGGIÐ FARIÐ** Sigurður lét skeggið flakka fyrir frægðina og vakti uppátækið mikla kátínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STRANDIR.IS







# *Það besta í ítalskri matargerð*



*Ekta ítalskur veitingastaður í hjarta borgarinnar*

ROSSOPOMODORO ER EKTA ÍTALSKUR VEITINGASTAÐUR STAÐSETTUR Í HJARTA REYKJAVÍKUR. ÞAR GETURÐU NOTIÐ ÍTALSKRAR STEMNINGAR Í NOTALEGU UMHVERFI OG BRAGÐAÐ Á LJÚFFENGUM ÍTÖLSKUM MAT OG VÍNI Á MJÖG GÓÐU VERÐI.

**RÚMGÓÐUR VEITINGASALURINN HENTAR EINSTAKLEGA VEL FYRIR HÓPA.**

KOMDU Í HEIMSÓKN!

ROSSOPOMODORO

LAUGAVEGUR 40A SÍMI 5610500 WWW.ROSSOPOMODORO.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

PRISON BREAK
Frumsýning í kvöld kl. 21:35



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# Afkomandi Alfreðs

Fyrsti bíllinn okkar hét Alfreð. Okkur fannst nafnið krúttlegt á þennan gamla Skóda sem mátti muna fífil sinn fegurri. Á hinum barnlausu ungdómsárum gerðum við kærustuparið þau reginmistök að bindast tilfinningaböndum ýmsu sem þurfti á umhyggju okkar að halda og svo var einnig um þennan gamla skrjóð. Við bónuðum hann blíðlega, settum stáss í afturgluggann og stungum epli í hanskahólfið svo honum liði nú vel.

**SÍÐAN** eru liðin mörg ár en ennþá eigum við bílana okkar lengilengi þó kærleikurinn verði ekki eins innilegur og í garð Alfreðs sáluga. Tregðan við að skipta um farartæki er núna eingöngu vegna þess að fátt veit ég leiðinlegra en skattskýrslur nema ef vera skyldi bílasölur.

**SAMT** höfum við mátað fjölskylduna inn í ýmsar gerðir og valkvíðinn hefur staðið í nokkra mánuði. Flestir reynast rúma tvo barnabílstóla í aftursæti og hálft barn að auki. Þar sem við eigum þrjú heil börn dugar okkur því ekki lengur venjulegur fólksbíll heldur ekkert minna en sjö manna hlunkur. Af hagsýni viljum við ekki nýja bifreið heldur hóflega notaða. Með þessar forsendur ætti málið að vera borðleggjandi.

**EN** ég hef sannreynt að margar klisjurnar um suma bílasala eru sannar. Þessir sumu svara aldrei skilaboðum um að hringja en eru alveg rosalega kurteisir þegar maður loksins nær í þá og allir af vilja gerðir að leysa málin með einum eða öðrum hætti. Þá á ég við að selja manni bara eitthvað annað ef það sem maður biður um er ekki til. Einn vildi endilega að ég eignaðist amerískan dreka sem var svo hrikalega flottur. Reyndar ekinn kvartmilljón kílómetra sem væri einmitt frábært fyrir konu eins og mig sem keyri lítið. Þá myndi hann nefnilega jafna sig á svona tveimur árum. Annar vildi ólmur selja mér þessa fínu rútu og fannst algjört aukaatriði að ég væri ekki með meirapróf. Fussaði yfir þeirri heimsku að vilja bara asnalegan fjölskyldubíl þegar í boði væri fólksflutningabifreið sem tæki svo miklu fleiri í sæti.

**ÉG** vil trúa því að bíllinn minn bíði mín einhvers staðar þarna úti og sakni mín jafnmikið og ég hans. Látið mig vita ef þið þekkið hann. Þangað til held ég bara áfram að fara tvær ferðir.




Við kynnum nýjan KIA Sorento
– fullbúinn alvörujeppa með ríkulegum staðalbúnaði

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS
The Power to Suprise™

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

FRJÁLSI

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Fíton/SÍA